# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 2. JANÚAR 2017




Fjölmenni sótti Laugardalslaug heim í gær, en laugin var eins og fyrri ár eina sundlaugin á höfuðborgarsvæðinu sem var opin. Á fimmta þúsund manns komu þar við og skoluðu af sér púðrið eftir nóttina. Þolinmæði þurfti því biðraðir mynduðust við sturturnar. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA


**Fréttablaðið í dag**

**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir skrifar um framtíðina. 16

**SPORT** Söguleg stigasöfnun Liverpool. 26

**MENNING** Árið 2016: Dásamlegir sinfóníutónleikar – Évgení Ónegín var snilld. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Þjóðaratkvæði um ESB í stjórnarsáttmálanum

**Stóru deilumálin í viðræðum Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hafa verið útkljáð. Stjórnarsáttmáli verður skrifaður í vikunni. MS verður sett undir samkeppnislög, tollar lækkaðir á hvítt kjöt og kosið um ESB-viðræður.**

**STJÓRNMÁL** Samkomulag hefur náðst milli Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar um öll þau stóru mál sem steyttu á skeri í síðustu viðræðum. Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir nú aðeins eftir að setjast niður og skrifa stjórnarsáttmála og að það þyrfti ekki að taka meira en tvær vikur.

„Við höfum komist yfir stærstu þröskuldana. Núna munum við nota næstu daga í að skrifa stjórnarsáttmála. Það í sjálfu sér þarf ekkert að taka neitt rosalega langan tíma en við erum ekkert að flýta okkur að neinu,“ segir Benedikt. „Við ákváðum að taka okkur frí á nýársdag en munum hefjast handa strax í byrjun vikunnar.“

Viðræður flokkanna þriggja hafa tekið nokkuð langan tíma frá því að upp úr slitnaði í viðræðum fimm flokka á vinstri vængnum undir forystu Birgittu Jónsdóttur. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins fékk umboð forseta rétt fyrir áramót til að mynda ríkisstjórn enda höfðu samningaviðræður flokkanna þokast í rétta átt yfir hátíðirnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun þjóðaratkvæðagreiðsla verða haldin á kjörtímabilinu um hvort hefja eigi að nýju viðræður við ESB. Líkt og í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og VG árið 2009 verður ákvæði í stjórnarsáttmála um að skoðanir flokkanna sem mynda ríkisstjórn séu mismunandi, að þeir virði skoðanir hver annars og að ríkisstjórnarflokkunum verði í sjálfsvald sett hvernig þeir greiði atkvæði um þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi ESB á kjörtímabilinu.

Í sjávarútvegsmálum mun hlutfall af aflaheimildum verða boðið upp árlega til að tryggja að markaðsverð fáist fyrir aflaheimildirnar. Þannig mun markaðurinn ákveða hvað samfélagið geti fengið fyrir aflaheimildir á markaði.

Varðandi landbúnaðarmál verða tollar lækkaðir á bæði kjúklinga- og svínakjöt og tollar á osta og aðrar landbúnaðarafurðir verða lækkaðir í áföngum á næsta kjörtímabili samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Einnig verður endurskoðun búvörusamninga tekin föstum tökum. Þá hefur náðst samkomulag milli flokkanna þriggja um að undanþágur Mjólkursamsölunnar frá samkeppnislögum verði afnumdar. – sa



Benedikt Jóhannesson



Óttarr Proppé

## Þarf mun fleiri líffæragjafa

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 25 þúsund manns hafa skráð sig sem líffæragjafa eftir að líffæragjafavefur Embættis landlæknis var opnaður í október 2014. Ef vel ætti að vera þyrftu að lágmarki 50 þúsund Íslendingar að vera á skrá yfir líffæragjafa.

Óskastaðan er þó að 100 þúsund nöfn væri þar að finna, að mati Tómasar Guðbjartssonar, prófessors og hjartaskurðlæknis á Landspítalanum. – shá / sjá síðu 4



Jón er 50 ára í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Jón Gnarr kennir í Texas

**TÍMAMÓT** Jón Gnarr og fjölskylda hans halda í vikunni til Texas en þar mun Jón kenna handritagerð við háskólann í Houston. Jón dvaldi í Texas fyrir tveimur árum og starfaði við skólann og lætur vel af.

Jón á annars fimmtugsafmæli í dag, en er ekki mikið fyrir mannamót og fjörsamkomur. „Ég er voða leiðinlegt afmælisbarn og jólabarn og svona,“ segir hann. – jhh / sjá síðu 28







## Veður




Allhvöss eða hvöss vestanátt og súld eða rigning, en þurrt að kalla fyrir austan. Fremur hlýtt í veðri. SJÁ SÍÐU 30

# Tólf sæmdir fálkaorðunni



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sæmdi tólf einstaklinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu í gær. Þeir eru: Benóný Ásgrímsson þyrluflugstjóri, Björn G. Björnsson leikmynda- og sýningahönnuður, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, Gerður G. Bjarklind útvarpsmaður, Gunnhildur Óskarsdóttir dósent, Kolbrún Halldórsdóttir leikstjóri, Peggy Oliver Helgason iðjuþjálfi, Ragnar Kjartansson myndlistarmaður, Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt, Sigurður Pálsson rithöfundur, Þorbjörg Arnórsdóttir forstöðumaður og Þór Jakobsson veðurfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Katrín og Egidijus með fyrsta barn ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS

## Fyrsta barn ársins átti fyrsta barn ársins

**SAMFÉLAG** Fyrsta barn ársins 2017 fæddist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi þegar klukkan var þrjár mínútur gengin í eitt aðfaranótt nýársdags. Kom þá í heiminn drengur sem vóg 13 merkur og var rétt rúmir fimmtíu sentímetrar að lengd.

Samkvæmt ljósmóður á heilbrigðisstofnuninni heilsast móður og barni vel en þetta er þriðja barn þeirra hjóna, Katrínar Guðjónsdóttur og Egidijus Jankauskas.

Móðirin Katrín fæddist á nýársnótt árið 1980 og var þá fyrsta barn þess árs. Á forsíðu Vísis fyrir nákvæmlega 37 árum segir að Katrín hafi komið í heiminn þegar klukkan var 16 mínútur gengin í þrjú á nýársnótt. – sa

## Hringrás lokað á Reyðarfirði

**FJARÐABYGGÐ** Umhverfisstofnun hefur lokað starfsstöð Hringrásar á Reyðarfirði og mun ekki leyfa að hún verði opnuð aftur fyrr en úrbætur hafa verið gerðar.

Þar sem enginn starfsmaður sem sinnti meðhöndlun og móttöku spilliefna var á starfstöðinni við skoðun þann 21. desember síðastliðinn lokaði stofnunin starfseminni.

Starfsstöð Hringrásar í Reykjavík var einnig lokað í upphafi desembermánaðar af heilbrigðiseftirliti borgarinnar þar sem fyrirtækið var sagt brjóta gegn starfsleyfi og geyma of mikið af efni á vinnusvæði sínu. – sa

## Opna þrjú sértæk rými

**HEILBRIGÐISMÁL** Fulltrúar Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar undirrituðu fyrir helgi samning um rekstur þriggja sértækra hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum. Rýmin eru ætluð fólki með þörf fyrir mikla og sérhæfða hjúkrun og umönnun, t.d. vegna meðferðar í öndunarvél.

Samhliða undirritun samnings um rekstur rýmanna var undirritað samkomulag milli ráðuneytisins og borgarinnar um að ráðuneytið fjármagnaði nauðsynlegar húsnæðisbreytingar og kaup á búnaði og tækjum. Rekstrarkostnaður rýmanna þriggja verður greiddur úr ríkissjóði.

Reiknað er með að íbúar sem flytjast í varanlegu rýmin tvö séu einstaklingar sem að öðrum kosti þyrftu að dvelja til langframa á Landspítalanum. – shá




# Stíflað í Laugardalslaug og örtröð á nýársdag

**Um fjögur þúsund manns sóttu Laugardalslaug heim í gær, fyrsta dag ársins. Eina laugin í borginni sem er opin á nýársdag. Gestir biðu í röðum eftir skápum.**

**REYKJAVÍK** Örtröð myndaðist í Laugardalslaug í gær á fyrsta degi ársins. Um fjögur þúsund gestir sóttu laugina heim á þeim sex klukkustundum sem hún var opin og þurftu baðgestir að bíða eftir skápum og að komast í sturtu.

Þegar blaðamaður hringdi í Laugardalslaug um miðjan dag í gær afsakaði starfsmaður sig með þeim orðum að það væri það mikið að gera að hann hefði engan tíma til að tala í símann, slík væri örtröðin.

„Það var mikið að gera hjá okkur og álag á okkar starfsfólki mikið,“ segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar. „Þessi dagur hefur síðustu ár verið einn af stóru dögum ársins og því höfum við tekið á það ráð að vera með aukinn mannskap á vaktinni.“

Laugardalslaug var eina sundlaugin sem var opin í Reykjavík í gær en sú hefur einnig verið raunin síðustu ár. Flykkjast því margir í laugina á þessum degi.

„Þessi umræða kemur upp árlega, hvort fleiri laugar eigi að vera opnar. Á næsta ári verður Sundhöllin opin. Hún hefur verið með sama þjónustustig og Laugardalslaugin og því gæti hún tekið við einhverjum fjölda einnig,“ segir Logi.

Gestakoman er ekki jöfn yfir daginn en flestir gestanna mæta um þrjúleytið á nýársdag. Opnað er í hádeginu og er opið til sex þennan daginn. „Þegar mest lætur er fólk að bíða eftir skápum og sturtum. Við erum með um 800 skápa í lauginni og því er mikið af fólki þegar mest er,“ segir Logi en ferðamönnum hefur fjölgað gífurlega síðustu ár og sérstaklega hefur þeim fjölgað sem



Ein sundlaug í Reykjavík, Laugardalslaug, er opin á nýársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> **Það var mikið að gera hjá okkur og álag á okkar starfsfólki mikið.**
>
> Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar og Sundhallar Reykjavíkur



sækja Ísland heim yfir jól og áramót.

„Sá hópur sem sækir laugina þennan dag er öðruvísi saman settur en aðra daga. Á öðrum degi jóla, sem er einnig stór dagur hjá okkur í lauginni, mæta næstum eingöngu Íslendingar til okkar. Því er öfugt farið á fyrsta degi ársins en þá mæta mun fleiri ferðamenn til okkar en vanalega,“ bætir Logi Sigurfinnsson við.

sveinn@frettabladid.is

OPIÐ TIL KL. 22:00
Í ÖLLUM VERSLUNUM

# 20%
# AFSLÁTTUR

GILDIR AÐEINS
MÁNUDAGINN
2. JANÚAR

AF ÖLLUM VÖRUM
Í ÖLLUM VERSLUNUM

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIÐ GILDIR 02.01

# Sárvantar líffæri ef anna á eftirspurn

**Frá því í október 2014 hafa um 25 þúsund manns skráð sig sem líffæragjafa. Eftirspurn eftir líffæraígræðslum vex jafnt og þétt. Óskastaðan væri að fjórum sinnum fleiri væru skráðir sem líffæragjafar en nú er. Sífellt er hægt að græða líffæri í veikari einstaklinga.**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is


**HEILBRIGÐISMÁL** Nú hafa um 25 þúsund manns skráð sig sem líffæragjafa eftir að líffæragjafavefur Embættis landlæknis var opnaður í lok október 2014. Ef vel ætti að vera þyrftu að lágmarki 50 þúsund Íslendingar að vera á skrá yfir líffæragjafa. Óskastaðan er þó að 100 þúsund nöfn væri þar að finna, að mati Tómasar Guðbjartssonar, prófessors og hjartaskurðlæknis á Landspítalanum.

Eftirspurn eftir líffæraígræðslum hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin. Á hverju ári þarfnast um 25 til 30 sjúklingar hér á landi líffæraígræðslu, en flestir bíða eftir nýra. Ekki er unnt að nýta líffæri nema í litlum hluta dauðsfalla en hver líffæragjafi getur bjargað lífi nokkurra einstaklinga. Mikill skortur er á líffærum til ígræðslu um allan heim og því er áríðandi að sem flestir séu fúsir til að gefa líffæri, kemur fram í upplýsingum frá landlækni. Á tveggja og hálfs árs tímabili skráðu 7.000 manns sig árið 2014, 14.000 í fyrra og 4.000 einstaklingar á árinu sem er að líða.

Tómas segir að árangur eftir hjartaígræðslu hafi batnað verulega á síðustu árum og í dag má gera ráð fyrir að 90% hjartaþega séu á lífi eftir eitt ár og 70% eftir 5 ár.

„Sömu sögu er að segja af ígræðslum á öðrum líffærum eins og nýrum, lungum, lifur og brisi. Árangurinn fer batnandi jafnvel þótt verið sé að græða líffæri í veikari sjúklinga. Stóra vandamálið er samt sem áður að framboð á líffærum er ekki nægilegt til að anna eftirspurn,“ segir Tómas.

Flestar ígræðslur á Íslendingum eru ígræðsla á nýra úr lifandi gjafa og hafa hátt í 100 slíkar aðgerðir verið gerðar á Landspítala frá 2003, eða í kringum 10 talsins síðustu ár. Þessar ígræðslur hafa gengið afar vel hér á landi en nýrnaígræðslur úr látnum einstaklingum eru hins vegar enn framkvæmdar í Svíþjóð, segir Tómas.

Aðrar líffæraígræðslur úr látnum einstaklingum í Íslendinga fara einnig fram í Svíþjóð – aðallega á Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg. Líffæri sem gefin eru hérlendis eru því flutt þangað og eru hluti af líffærabanka norrænu ígræðslusamtakanna Scandiatransplant sem Ísland á aðild að. Einnig eru Norðurlöndin í samstarfi við önnur Evrópulönd en það sem takmarkar líffæragjafir og ígræðslur milli fjarlægra landa, sérstaklega á hjörtum, er að flutningstími má ekki vera of langur eigi ígrædda líffærið að geta starfað eðlilega í þeganum. Þegar látnir Íslendingar gefa líffæri koma hingað til lands líffæraígræðsluteymi með einkaþotum sem sækja líffærin, stundum frá fleiri en einu sjúkrahúsi, enda líffærin grædd í þá einstaklinga sem mest þurfa á ígræðslu að halda og þar sem uppfyllt eru skilyrði um réttan blóðflokk, þyngd og stærð.

> **Stóra vandamálið er samt sem áður að framboð á líffærum er ekki nægilegt til að anna eftirspurn.**
>
> 
>
> Tómas Guðbjartsson, prófessor og hjartaskurðlæknir á LSH

**17**

**Íslendingar hafa fengið ígrætt hjarta – 14 þeirra eru á lífi.**

„Þetta samstarf hefur gengið afar vel og veitir okkur aðgang að líffærum frá löndum í norðanverðri Evrópu sem Svíarnir eru í samstarfi við. Það er því afar brýnt að við Íslendingar leggjum til norræna líffærabankans með því að gefa eins mörg líffæri og hægt er og bjarga þannig mannslífum. Að það séu 25.000 manns á líffæragjafavef landlæknisembættisins er vissulega góð byrjun en við getum gert mun betur. Sérstaklega getum við litið til Spánverja en þeir hafa náð lengst af öllum þjóðum og státa af hæsta hlutfalli líffæragjafa í heiminum,“ segir Tómas.

Tómas er einn höfunda Kransæðabókarinnar sem kom út fyrir þessi jól. Hann segir að alvarlegur kransæðasjúkdómur með hjartabilun sé næstalgengasta ástæða hjartaígræðslu á Vesturlöndum og er meðalaldur hjartaþega um 54 ár, en 80% eru karlar.

En hillir undir að fleiri svo flóknar aðgerðir verði gerðar hér á landi í nánustu framtíð?

„Við erum fjórir íslenskir hjartaskurðlæknar sem höfum starfað við hjartaígræðslur í Svíþjóð og Bandaríkjunum, þar af tveir sem nú störfum á Íslandi. Auk þess hefur fjöldi íslenskra svæfingar- og hjartalækna reynslu af meðferð sjúklinga sem fá ígrætt hjarta. Það er hins vegar ekki raunhæft að gera þessar aðgerðir hér á landi, aðallega vegna þess hversu fáar aðgerðirnar eru en einnig vegna þess hversu langan tíma tekur að fljúga hingað með líffærin. Sem betur fer höfum við átt frábært samstarf við Sahlgrenska-sjúkrahúsið og ekki spillir fyrir að þar eru margir íslenskir læknar við störf,“ segir Tómas.

Hér á landi hafa sautján einstaklingar fengið ígrætt hjarta frá 1988, þar af tveir vegna afleiðinga kransæðasjúkdóms. „Sem betur fer eru þetta ekki margir sjúklingar sem er vísbending um að meðferð kransæðasjúkdóms hér á landi sé góð. Árangur þeirra Íslendinga sem fengið hafa ígrætt hjarta er mjög góður, en allir sjúklingarnir sautján hafa lifað lengi eftir aðgerð og í dag eru fjórtán þeirra á lífi, og flestir við góða heilsu.




200 til 250 opnar hjartaaðgerðir eru framkvæmdar árlega á Íslandi. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

## 6.000 hjartaígræðslur á ári



- Gjafahjarta er oftast sótt á aðra spítala og er reynt að koma því fyrir í hjartaþeganum á innan við fjórum klukkustundum.
- Eftir að hjartað hefur verið stöðvað er það lagt í sótthreinsaðan plastpoka og flutt í kæliboxi með klaka. Það er síðan grætt í þegann sem bíður með opið brjósthol á heimasjúkrahúsinu tengdur við hjarta- og lungnavél, til að spara tíma og koma hjartanu fyrir á sem skemmstum tíma.
- Tilkomumest er þegar heitu blóði er hleypt á ígrædda hjartað og það fer að slá og dæla þeim 5-6 lítrum af blóði á mínútu sem líkaminn þarfnast.
- Oftast er miðað við að hjartagjafi sé ekki eldri en 65 ára og ekki má vera of mikið misræmi í hæð og þyngd gjafa og samræmi verður að vera milli ABO-blóðflokks gjafa og þega.
- Eftir aðgerðina er beitt kröftugri ónæmisbælandi meðferð til að þeginn hafni ekki nýja hjartanu. Sú meðferð er ævilöng.
- Í heimum eru framkvæmdar í kringum 6.000 hjartaígræðslur á ári, og er meðferðinni aðeins beitt við lokastigs hjartabilun, eða þegar talið er að sjúklingur eigi innan við 12 mánuði ólifaða án nýs hjarta. Skortur er á líffærum og því deyja margir sjúklingar á biðlista.


Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.



★ Veitingastaðir
★ Stóreldhús
★ Mötuneyti

hafid@hafid.is
554 7200

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

SMÁRALIND




ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
**OPIÐ TIL 19 Í DAG**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Hægt að stíga stórt skref í rafbílavæðingu

**UMHVERFISMÁL** Tillögur ráðgjafarnefndar Orkusjóðs um veitingu styrkja til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla hafa verið samþykktar af iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Því verður á næstu tveimur árum hægt að byggja upp heildstætt net hleðslustöðva og þannig stigið stórt skref í rafbílavæðingu Íslands, segir í tilkynningu.

Er þar bæði um hraðhleðslustöðvar og hefðbundnar hleðslustöðvar að ræða, samtals 42 hraðhleðslustöðvar og 63 hefðbundnar stöðvar. Í dag eru þrettán hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla á landinu. Verkefnið nær því til 105 nýrra hleðslustöðva sem byggðar verða upp á tímabilinu.

Verkefnið er hluti af sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum sem sett var fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21). Miðar verkefnið að því að gert verði átak í að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu til að tryggja aðgengi sem flestra landsmanna að loftslagsvænum samgöngumáta.

Orkusjóði bárust 33 umsóknir, samtals að upphæð 887 milljónir króna. Til ráðstöfunar voru 67 milljónir á ári í þrjú ár (2016-2018), eða samtals 201 milljón króna.

Af styrkþegunum 16 eru samtals sex sveitarfélög. Auk þeirra er þar að finna orkufyrirtæki, söluaðila eldsneytis og fleiri. Við tillögugerðina var m.a. litið til þess að best nýting fjármuna fælist í því að innviðastyrkirnir færu til stöndugra aðila þar sem á þessu stigi eru takmarkaðar markaðsforsendur fyrir uppsetningu hleðslustöðva á landsvísu. **– shá**



MYND/ATVINNUVEGARÁÐUNEYTIÐ

**Flestir landsmenn munu hafa aðgang að hleðslustöðvum að verkefninu loknu.**



**Vægi uppsjávarfisks er gríðarlegt fyrir íslenskt þjóðarbú.** MYND/KRISTÍN SVANHVÍT

## 253.000 tonn til Íslands

**SJÁVARÚTVEGUR** Gefnar hafa verið út reglugerðir um leyfilega heildarveiði á norsk-íslenskri síld og leyfilega upphafsveiði á kolmunna á árinu 2017.

Leyfilegur heildarafli á norskíslenskri síld verður 102.984 tonn. Talan miðast við hlut Íslands í samningi frá 2007 og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar (ICES) ásamt 10% aukningu í samræmi við ákvörðun Noregs, sem hefur langstærstan hlut í stofninum, og jók fyrir skömmu einhliða hlut sinn úr 61% í 67% af heildaraflanum.

Upphafsveiði á kolmunna er ákveðin 150.000 tonn en leyfilegur heildarafli verður endanlega ákveðinn þegar fyrir liggja ákvarðanir annarra ríkja um sinn heildarafla. Stjórnvöld munu við þá ákvörðun horfa til þess að hagsmunir Ísland verði ekki fyrir borð bornir. **– shá**

## Helminga vask af viðgerðum

**SVÍÞJÓÐ** Á nýju ári verður ódýrara fyrir Svía að láta gera við reiðhjól, fatnað og skó. Stjórnvöld hafa ákveðið að helminga virðisaukaskattinn af viðgerðarvinnu. Vonast er til að fleiri vilji þá láta gera við eigur sínar og þar með skapist fleiri atvinnutækifæri.

Svíar geta jafnframt fengið frádrátt frá skatti vegna viðgerða á heimilistækjum eins og til dæmis ísskápum.

Talið er að lækkun virðisaukaskattsins og skattafrádrátturinn muni kosta ríkissjóð 460 milljónir sænskra króna. **– ibs**

# Varnarleysið gegn ebólu er úr sögunni með nýju bóluefni

**Nýtt bóluefni gegn ebóluveirunni lofar mjög góðu. Tilraunir skiluðu staðfestum árangri aðeins hálfu öðru ári eftir að þær hófust. Árið 2015 varð ebólufaraldur í Afríku alls ellefu þúsund manns að aldurtila.**

**VÍSINDI** Tilraun með bóluefni gegn ebólu hefur borið góðan árangur. Ebóluveiran er ein sú skæðasta sem herjað hefur á mannkynið, en engar alvörutilraunir hafa verið gerðar til að vinna bug á henni fyrr en faraldur braust út í vestanverðri Afríku árið 2015 og kostaði meira en 11 þúsund manns lífið.

„Þótt þessar afgerandi niðurstöður komi of seint fyrir þá sem létu lífið í ebólufaraldrinum í vestanverðri Afríku, þá sýna þær að þegar næsti ebólufaraldur brýst út þá verðum við ekki varnarlaus,“ segir Marie-Paule Kieny, yfirmaður hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni WHO, en hún stjórnaði rannsókninni.

Tilraunin var gerð á 11.841 einstaklingi í Gíneu á árinu 2015. Af þeim fengu 5.837 manns nýja bóluefnið, en hinir fengu lyfleysu til samanburðar. Enginn þeirra sem fengu bóluefnið smitaðist af ebóluveirunni, en úr samanburðarhópnum smituðust 23.

Rannsóknin var samvinnuverkefni WHO með heilbrigðisyfirvöldum í Gíneu, læknasamtökunum Læknar án landamæra og norsku lýðheilsustofnuninni.

Niðurstöðurnar voru birtar í læknatímaritinu The Lancet og kynntar í tilkynningu frá WHO á Þorláksmessu.

Ebóluveiran uppgötvaðist fyrst árið 1976. Síðan þá hefur ebólufaraldur af og til brotist út í nokkrum Afríkuríkjum, en aldrei náð mikilli útbreiðslu fyrr en árið 2015.

Þá gerðist það líka í fyrsta sinn að smitið barst til Vesturlanda. Og þá fyrst hófust fyrir alvöru tilraunir með bóluefni. Þær tilraunir hafa nú borið árangur, aðeins hálfu öðru ári eftir að þær hófust.



**Ebólufaraldurinn í Afríku varð þúsundum að aldurtila áður en yfir lauk.** FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraunin var gerð í Vestur-Afríkuríkinu Gíneu, á svæði þar sem ný smit voru enn að greinast þegar hún hófst.

Þess var gætt að þegar einhver greindist með smit þá fengu allir sem hinn smitaði hafði umgengist næstu þrjár vikurnar á undan þetta bóluefni.

„Ebólan skildi eftir sig gríðarmikla eyðileggingu í landi okkar,“ segir Keita Sakoba, yfirmaður ebóluviðbragða við heilbrigðisstofnun Gíneu. „Við erum stolt af því að hafa getað komið með framlag til þess að þróa bóluefni sem kemur í veg fyrir að aðrar þjóðir þurfi að ganga í gegnum það sama og við höfum gert.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

> **Þótt þessar afgerandi niðurstöður komi of seint fyrir þá sem létu lífið í ebólufaraldrinum í vestanverðri Afríku, þá sýna þær að þegar næsti ebólufaraldur brýst út þá verðum við ekki varnarlaus.**
>
> Marie-Paule Kieny, yfirmaður hjá WHO og stjórnandi rannsóknarinnar




Sunddeild Ármanns

**Barnasund**

**Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst föstudaginn 20. janúar í Árbæjarlaug**

**Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557 6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com**




**Lögregla var með mikinn viðbúnað við lestarstöðina í Köln til að koma í veg fyrir samskonar árásir á konur og gerðar voru fyrir ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Mörgum vísað frá nýársfagnaði

**ÞÝSKALAND** Lögregla var með mikinn viðbúnað til að koma í veg fyrir endurtekningu á ástandinu fyrir ári þar sem mikill fjöldi karlmanna, flestir af norður-afrískum uppruna, rændu, áreittu og brutu kynferðislega gegn fjölda kvenna.

Süddeutsche Zeitung greinir frá því að tilkynnt hafi verið um tvær kynferðisárásir í nótt og voru sex manns handteknir. Alls hafi um níu hundruð manns verið vísað frá svæðinu við aðallestarstöðina og dómkirkju borgarinnar. Lögregla stöðvaði för mörg hundruð manna af norður-afrískum uppruna á aðallestarstöðinni, en að sögn lögreglu höfðu þeir skipulagt ferðina til borgarinnar í sameiningu.

Hinum megin Rínar stöðvaði lögregla um þrjú hundruð manns á lestarstöðinni Köln-Messe/Deutz þar sem þeir höfðu engin skilríki meðferðis.

Að sögn lögreglu var brotið kynferðislega gegn 650 konum á nýársnóttinni fyrir ári. **– ebg**


GERÐU FRÁBÆR KAUP!
ÚTSALAN
ER HAFIN
Kringlan
Af öllu hjarta
OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD
facebook.com/kringlan.is
kringlan.is



Nýársnóttin var rólegri á bráðamóttökunni en starfsfólk átti von á.

## Sex flugeldaslys

**SLYS** Sex leituðu á bráðadeild Landspítalans í Fossvogi í fyrrinótt vegna flugeldaslysa. Ekkert þeirra var þó alvarlegt en meðal annars var um minniháttar bruna að ræða og aðskotahluti í auga.

Guðrún María Svavarsdóttir, sérfræðingur á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, segir nóttina hafa verið heldur rólegri en starfsfólk deildarinnar hafi átt von á. Fyrir utan flugeldaslysin hafi þó nokkur fjöldi fólks leitað þangað en ástæður heimsóknanna hafi verið mismunandi.

Hún segir flugeldaslysin óvenju fá í ár og augljóst að fólk hafi farið varlega og notað hlífðarbúnað.

Mikill erill var hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu í nótt. „Það var talsvert um svona minniháttar hnjask í heimahúsum sem við köllum. Minniháttar slys, engin alvarleg þar,“ segir Sigurbjörn Guðmundsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir að nokkuð hafi verið um útköll þar sem eldur logaði eftir að kveikt hafði verið í flugeldarusli. Þá voru nokkur útköll tengd reyk og svifryki. „Nokkuð var um að brunaviðvörunarkerfi færu í gang. Það var náttúrulega mikill reykur yfir öllu,“ segir Sigurbjörn. – **lvp**

# Tugir myrtir í nýársfagnaði



Árásarmaður myrti 39 hið minnsta og særði 65 þegar hann réðst inn í nýársfagnað á skemmtistað í tyrknesku borginni Istanbúl. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var mannsins enn leitað. Áætlað er að um sjö hundruð manns hafi verið inni á skemmtistaðnum þegar árásin var gerð. Erdogan Tyrklandsforseti segir að þessari „svívirðilegu árás“ á skemmtistaðinn hafi verið ætlað að draga kjarkinn úr Tyrkjum og skapa ringulreið. NORDICPHOTOS/AFP

## Mikil svifryksmengun í borginni

**HEILBRIGÐISMÁL** Klukkan hálf tvö í fyrrinótt náði svifryksmengun hámarki í Reykjavík samkvæmt mælingum Umhverfisstofnunar. Þá var svifryksmengun hjá Grensásvegi tæplega 2.500 míkrógrömm á rúmmetra.

Í fyrra náði svifryksmengunin hámarki klukkan hálf eitt á sama stað og var einungis 400 míkrógrömm á rúmmetra.

Ljóst var fyrir gamlárskvöld að svifryksmengunin yrði mikil í ár enda veðurskilyrðin þannig, logn og engin úrkoma. Einnig var að öllum líkindum skotið upp meira af flugeldum þetta árið, en flutt var inn rúmlega þúsund tonnum meira af flugeldum í ár en í fyrra.

Þorsteinn Jóhannsson hjá Umhverfisstofnun segir svo mikla mengun geta valdið óþægindum hjá heilbrigðu fólki en hún hafi ekki teljandi áhrif.
– **lvp**

FIR

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

Samkvæmt 37. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón af framansögðu og 34. gr. tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til **kl. 16.00 sunnudaginn 15. janúar 2017**

Skila ber tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins. Kosið verður um varaformann, gjaldkera, tvo meðstjórnendur og níu sæti í trúnaðarráði, einnig verður kosið um sæti ritara.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 18 fullgildra félagsmanna.
Reykjavík 2. janúar 2017

*Stjórn Félags íslenskra rafvirkja*

# Ofureldfjall rumskar eftir 500 ár í dvala

**Ítalskir jarðeðlisfræðingar horfa með áhyggjusvip í áttina til Campi Flegrei, rétt vestan við borgina Napólí á Ítalíu. Ofureldfjallið bærir á sér en í sögu þess er stærsta eldgos Evrópu. Gjöreyðandi hamfarir á svæðinu eru öllum þekktar.**

**ÍTALÍA** Eldfjallið mikla Campi Flegrei sem teygir sig til himins rétt vestan við borgina Napólí á Ítalíu virðist vera að rumska. Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur segir fréttirnar ekki góðar enda geymir sagan dæmi um sprengigos sem myndaði öskju sem er tólf kílómetrar í þvermál.

Haraldur segir að síðustu umbrot í fjallinu hafi orðið um miðja 16. öld, þau hafi verið lítil en samt valdið usla. Þá hlóðst upp nýtt gígmyndað fjall, Monte Nuovo. Hann skrifar:

„Miklar breytingar eru í gangi í hverum í öskjunni og land er að rísa. Gasstreymi upp úr hverum í öskjunni hefur stöðugt aukist síðan mælingar hófust í kringum 1982. Samfara því hefur hiti í hverunum aukist, og landris er í gangi,“ segir Haraldur og vitnar til rannsókna ítalskra jarðvísindamanna sem spá því að líkur séu á eldgosi innan 100 til 120 ára.

„Þeir telja jafnvel að gos gæti hafist innan fjögurra til fimm ára, en líkur eru á að það verði síðar. Það er því mikil óvissa í gangi, en það er greinilegt að áhættuástand ríkir á svæðinu, þar sem þúsundir búa nú og mikil mannvirki eru fyrir hendi.“



Fjallið Vesúvíus rís yfir Napolí – en eldstöðin vð borgina sem nú bærir á sér er miklu stærri og öflugri. NORDICPHOTOS/AFP

Þessu sama er sagt frá í frétt BBC. Eins og hjá Haraldi er vitnað til sérfræðinga sem ítreka hvað spár um eldgos geta verið vandasamar en þeir segja engu að síður að nú sem aldrei fyrr krefjist Campi Flegrei athygli vísindamanna. Ástæðan sé sú að eldsumbrotin yrðu í bakgarði hálfrar milljónar manna. Ef litið er langt aftur í söguna má færa fyrir því rök að stærsta eldgos allra tíma í Evrópu megi rekja til þessa svæðis – og tengjast þau umbrot einni þeirra kenninga sem eru uppi um endalok Neanderdalsmannanna.



Haraldur Sigurðsson, eldfjallafræðingur

Annað þekktara eldfjall er stutt frá Campi Flegrei, en það er fjallið Vesúvíus, austan megin við borgina Napólí. Þau ósköp sem fylgdu eldgosinu árið 79 eru öllum þekkt en Campi Flegrei kerfið er þó miklu stærra og víðfeðmara – og liggur stór hluti þess undir bláum öldum Miðjarðarhafsins. svavar@frettabladid.is

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Opnum í
dag kl. 10⁰⁰

# RISA
# ÚTSALA



Allt að 60% afsláttur

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

HÚSGAGNA
HÖLLIN



**Norðurpóll Satúrnusar**
Hér sést norðurpóll Satúrnusar baðaður sólarljósi. Sexhyrnda skotvindasvæðið í kringum pólinn sést vel en í miðju hans er dökkleitur blettur. Dökku skýin eru lægra í lofthjúpnum og því örlítið hlýrri en ljósleitu háskýin. Leiðangri Cassini-geimfarsins til Satúrnusar lýkur árið 2017 en þangað til verður útsýnið yfir þessa tignarlegu reikistjörnu engu líkt. MYND/NASA/JPL-CALTECH/SPACE SCIENCE INSTITUTE




**Gárur í tímarúminu — 100 ára gömul spá Alberts Einstein staðfest!**
Kannski ekki fallegasta mynd þessa árs en ótvírætt sú þýðingarmesta — og byltingarkenndasta.

Fyrir 1,3 milljörðum ára runnu tvö svarthol, 34 og 29 sinnum efnismeiri en sólin, saman í eitt 60 sólmassa svarthol. Á sekúndubroti umbreyttist sem samsvarar þremur sólmössum af efni í orku samkvæmt jöfnunni E = mc2. Á því augnabliki losnaði meiri orka en sem nam heildarorkuútgeislun allra stjarna í alheiminum samanlagt. Við samruna svartholanna gáraðist tímarúmið svo til urðu þyngdarbylgjur. Í september 2015 bárust þyngdarbylgjurnar í gegnum Jörðina og hreyfðu til tvo spegla í tveimur þyngdarbylgjusjónaukum í Bandaríkjunum. Hundrað árum áður hafði Albert Einstein spáð fyrir um tilvist þyngdarbylgna með almennu afstæðiskenningunni. MYND/CALTECH/MIT/LIGO LAB

# Geimurinn í gegnum linsuna

Ár hvert eru þúsundir ljósmynda teknar af undrum alheimsins. Margar þessara mynda eru hreinustu listaverk. Aðstandendur Stjörnufræðivefsins [stjornufraedi.is] hafa sjöunda árið í röð valið nokkrar af bestu stjörnuljósmyndunum – nú fyrir árið 2016.



**Afmæliskúla Hubble-sjónaukans**
Hubble, geimsjónauki NASA og ESA, fagnaði sínu 26. starfsári í geimnum með því að senda okkur þessa glæsilegu mynd af Bóluþokunni. Bóluþokan er í um 8.000 ljósára fjarlægð frá Jörðinni í stjörnumerkinu Kassíópeiu. Í miðju Bóluþokunnar er stjarna sem kallast SAO 20575. Hún er blár ofurrisi, milli 10-20 sinnum massameiri en sólin okkar og meira en 30.000°C heit, sex sinnum heitari en sólin. MYND/NASA, ESA, HUBBLE HERITAGE TEAM



**Þyngstu stjörnur himingeimsins**
R136 er stjörnuþyrping í um 170.000 ljósára fjarlægð frá Jörðinni í Tarantúluþokunni í Stóra Magellansskýinu. Í henni er eitt stærsta safn mjög massamikilla, heitra og skærra stjarna í nágrenni okkar. Þessar stjörnur gefa að mestu leyti frá sér útfjólublátt ljós sem berst illa í gegnum lofthjúpinn okkar, svo beita þurfti Hubble-sjónaukanum til að rannsaka þær og vindana sem þær senda frá sér. MYND/NASA, ESA, P CROWTHER (UNIVERSITY OF SHEFFIELD)



# ÚTSALA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR







**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

# Rólegt á bráðadeild LSH á nýársnótt

SLYS Sex einstaklingar leituðu á náðir bráðadeildar Landspítalans á nýársnótt vegna flugeldaslysa. Voru öll slysin minniháttar þar sem einstaklingar höfðu brennt sig eða aðskotahlutur farið í auga.

Að mati Landspítalans var nýársnóttin óvenjulega róleg þetta árið en bráðadeildin undirbýr sig sérstaklega fyrir þessa vakt þar sem annir hafa verið á deildinni á síðustu árum. Til að mynda kom aðeins einn einstaklingur á bráðadeildina vegna alvarlegrar líkamsárásar.



**Greinilegt var að menn fóru varlega á nýársnótt við meðhöndlun flugelda.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ein alvarleg líkamsárás og svo margir sem hafa dottið í hálku, það hefur verið mikið af því, og almenn veikindi hjá fólki,“ segir Guðrún María Svavarsdóttir, sérfræðingur á bráðamóttökunni. Hún segir flugeldaslysin óvenju fá í ár og augljóst að fólk hafi farið varlega og notað hlífðarbúnað.

Sigurbjörn Guðmundsson, varðstjóri hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, sagði nokkuð um minniháttar slys í heimahúsum og útköll tengd reyk og svifryki. Einnig höfðu brunaviðvörunarkerfi farið í gang vegna reyks frá flugeldum. **– lvp**


# Ert þú með verki?

## Stoðkerfislausnir

**8 vikna námskeið hefjast 9. og 10. janúar**

2 x í viku: Þri. og fim. kl. 17.30
3 x í viku: Mán., mið. og fös. kl. 15.00
Framhaldsnámskeið:
Þri. og fim. Kl. 16.30

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Námskeiðið hentar einstaklingum sem kenna sér meins í stoðkerfi, hvort sem álag, sjúkdómar eða slys hafa valdið ójafnvægi.

Lögð er áhersla á rétta líkamsbeitingu og jafnvægi í stoðkerfinu. Þannig eykst styrkur og unnt er að halda verkjum í lágmarki. Markmiðið er að þátttakendur læri á sjálfa sig, finni eigin mörk, hvað þarf að leggja áherslu á og hvað þarf að varast.

Í upphafi námskeiðs fara þátttakendur í einstaklingsviðtal til sjúkraþjálfara.



Fríða Brá Pálsdóttir sjúkraþjálfari
Kara Elvarsdóttir sjúkraþjálfari

Hjá Heilsuborg eru allir þjálfarar og sérfræðingar með háskólamenntun í sínu fagi.

HEILSUBORG
Árangur sem endist

www.heilsuborg.is
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010




**Konur eru líklegri til að þjást af skammdegisþunglyndi en karlar. Þeir sem eru þunglyndir fyrir finna einnig frekar fyrir einkennum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þunglyndið sækir á unga í skammdeginu

**Komum til sálfræðinga vegna skammdegisþunglyndis hefur ekki fjölgað þrátt fyrir dimman vetur. Þunglyndið sækir helst á fólk á aldrinum 20 til 40 ára. Þeir sem fá skammdegisþunglyndi sækja í kolvetni og fitna enda finnst fólki erfitt að fara fram úr rúminu.**

SAMFÉLAG Þrátt fyrir heldur svartan og þungan vetur það sem af er hefur komum til sálfræðinga vegna skammdegisþunglyndis ekki fjölgað. Slíkt vandamál lýsir sér sem geðlægð sem hefst í kringum október og lýkur með hækkandi sól, yfirleitt í apríl. Rannsóknir sýna að konur eru líklegri en karlar til að fá skammdegisþunglyndi, þar að auki eru þeir sem eru þunglyndir fyrir líklegri til að finna fyrir einkennum en þeir sem ekki glíma við þunglyndi.

Einkennin þegar skammdegisþunglyndi lætur á sér kræla eru yfirleitt depurð og áhugaleysi, vanvirkni, pirringur, orkuleysi, aukin matarlyst og svefnþörf getur aukist. „Eitt af einkennum skammdegisþunglyndis, og eitt af því sem aðgreinir skammdegisþunglyndi frá venjubundnu þunglyndi, er að fólk sækir í kolvetnisríka fæðu en við vitum ekki af hverju. Einnig er algengt að vinnugeta sé skert því það er erfitt er fara á fætur þegar mesta myrkrið stendur yfir og að fara af stað á morgnana,“ segir Magnús Blöndahl sálfræðingur.

Magnús bendir á að skammdegisþunglyndi hrjái yfirleitt fólk á aldrinum 20 til 40 ára. Minna fer fyrir þessum kvilla hjá börnum og öldruðum. „Fyrsta meðferð hefur hingað til verið ljósalampi þar sem sá þunglyndi situr fyrir framan lampa með ákveðinn ljósstyrk í ákveðinn langan tíma hvern dag. Vandamálið við lampameðferð er að margir hætta henni því erfitt getur reynst að fylgja meðferð. Það þarf að sitja fyrir framan lampann í allt að tvo tíma á dag, daglega á meðan á meðferð stendur. En meðferðin hefur virkað vel. Sjálfur hef ég verið að nota hugræna atferlismeðferð, eða HAM. Hún er sú sálfræðimeðferð sem í dag hefur hvað mestar rannsóknarheimildir á bak við sig en hún gengur út á að þér líður eins og þú hugsar. Því gengur meðferðin út á að kortleggja hugsanir og hegðun þegar viðkomandi líður illa og athuga hvort hægt sé að hugsa og hegða sér á annan hátt sjúklingnum til heilla. Nýjustu rannsóknir hafa enn fremur sýnt að sértæk HAM-meðferð við skammdegisþunglyndi og ljósameðferð virka best.“

Samkvæmt upplýsingum frá Eirbergi er yfirleitt góð sala í ljósalömpum á dimmustu mánuðum ársins en lagerstaðan er ágæt. Elko er svipaða sögu að segja en þar eru til sölu bæði orkuljós og vekjaraklukkur sem líkja eftir sólarupprás. **benediktboas@365.is**



**Ljósameðferð er mikið notuð og hefur reynst vel við skammdegisþunglyndi.** MYND/EIRBERG

## Hver eru einkenni skammdegisþunglyndis?

Einkenni skammdegisþunglyndis geta verið ólík samanborið við þunglyndi almennt:

Aukin matarlyst og þá sérstaklega í kolvetnisríka fæðu en þeir sem glíma við almennt þunglyndi annaðhvort missa matarlystina eða borða meira en ekki endilega kolvetnisríka fæðu. Af því þyngist fólk.

Fólk fer að sofa meira en vanalega, en í venjulegu þunglyndi annaðhvort sefur fólk yfirleitt miklu meira en venjulega eða miklu minna.

Á Íslandi var tíðni skammdegisþunglyndis athuguð og sýndu niðurstöður að tíðni skammdegisþunglyndis og milds skammdegisþunglyndis var lægri hjá Íslendingum en hjá fólki búsettu á austurströnd Bandaríkjanna, í Noregi og Kanada.



Electrolux
Eitt verð pr. stk. kr.
44.444
Electrolux
FW-33L8143 Þvottavél
XL 8 kg 1400 sn hraðþvottavél með A+++ orkunýtni og tímastjórnun.
1400 snúninga vinduhraði.
14 þvottakerfi og mörg sérkerfi.
TimeManager - þú ákveður tímann.
Fullt verð kr. 79.900.-
EDP-2074PDW þurrkari
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara, krumpuvörn og 14 þurrkkerfum.
Tekur allt að 7 kg.
Tímaskjár sem sýnir eftirstöðvar tíma.
Orkunýtni B
Fullt verð kr. 79.900.-
XL
8 KG
1400
SNÚNINGA
PR. STK
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
55.555
SPARAÐU 24.345
Electrolux
PAKKATILBOÐ
OFN+HELLA+HÁFUR
Electrolux ofn og helluborð + Exquisit vegghháfur
Flottur ofn með blæstri, 8 eldunarkerfum og klukku í kámfríu stáli, keramik helluborð með snertitökkum, XXL hellu og barnalæsingu og veggháfur með góðum sogkrafti. 3 tæki á áður óséðu verði.
Fullt verð kr. 144.700.-
3 TÆKI!
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
88.888
SPARAÐU 55.812
BOSCH
SBV-50D10EU Uppþvottavél
Sannkallaður vinnuþjarkur með A/A/A einkunn,
5 þvottakerfi þ.á.m. potta- og hraðkerfi.
Hljóðlát, 48 dB(A)
Framstillt ræsing 3, 6 eða 9 klst.
Vatnslekavörn
Til innbyggingar fyrir hurð - án framhliðar
Fullt verð kr. 74.900.
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
49.900
SPARAÐU 25.000
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á
WWW.RAFHA.IS
Electrolux
EN-2400AOX / EN-2400AOW Kæli/frystisk.
Veldu á milli stál eða hvítt. HxB: 154x60 cm
Fullt verð kr. 89.900 (stál) / 79.900 (hvítur)
STÁL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 20.000
HVÍTUR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
59.900
SPARAÐU 20.000
ÚTSALA
HEFST Í DAG KL. 9:00
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
24.990
50% AFSLÁTTUR
Electrolux
ZUOEGREEN+ Ultra One
Toppmódel frá Electrolux með óviðjafnanlegum sogkrafti og þrefalda A toppeinkunn.
Extra langur vinnuradíus.
Frábærir fylgihlutir.
Hágæða evrópsk framleiðsla.
Margverðlaunuð af neytendasamtökum um allan heim.
Fullt verð 49.990.
SPARAÐU
50%
SMÁTÆKI MEÐ ALLT AÐ
70%
AFSLÆTTI
Hundruð gerða af smátækjum með miklum afslætti. Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is
BaByliss
6604E Hárblásari Professional
Þessi 2000W hárblásari með AC mótor er búinn ofurkrafti og góðum hita sem gefur hárinu góða fyllingu og flotta áferð.
Fullt verð kr. 9.990.
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
4.990
50% AFSLÁTTUR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
3.990
50% AFSLÁTTUR
DOMO
DO-9099W Fitness baðvog
Glerbaðvog sem mælir bæði fituhlutfall, vöðva, vökvahlutfall og beinmassa
+/- 100g nákvæmni.
Stór og greinilegur skjár.
Fullt verð kr. 7.990.
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
1.990
50% AFSLÁTTUR
DOMO
Ferðatöskuvog
Lítil og nett töskuvog.
Forðastu yfirvigt á farangri.
Fullt verð kr. 3.990.
25-70%
AFSLÁTTUR AF
POTTUM & PÖNNUM
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
19.990
50% AFSLÁTTUR
sola
THE NETHERLANDS
Ruby pottasett
Toppmódelið frá SOLA. Pottasett með TryPly samsetningu sem gefur bestu hitaleiðnina. Úr 18/10 hágæðastáli.
Fullt verð kr. 39.990.
YFIR 50 GERÐIR!
Sjáðu allt úrvalið á rafha.is
Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# STÓR-ÚTSALA Í

## Góður afsláttur af

**Engar skrúfur 25% afsláttur af Marc Leo hillum!**



25% AFSLÁTTUR

Marc Leo5.
~~6.990~~
**5.243**

Marc Leo1.
~~4.990~~
**3.743**

**Allt settið 30% AFSLÁTTUR**

LuTool sett með 3 tækjum
~~17.890~~
**12.523**

LuTool®






20% AFSLÁTTUR

A0118-104 4 þrep
~~10.900~~
**8.720**



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR FLÍSAR OG HARÐPARKET

Búkki – Vinnuborð stillanlegt (E)
~~3.690~~
**2.768**

25% AFSLÁTTUR



Made by Lavor

Lavor Galaxy 140 háþrýstidæla 140 bör max, 450 lítr/klst. 1900W
~~17.990~~
**13.493**

30% AFSLÁTTUR



Lutool GE 925524 Gráðukúttsög 254mm blað, 1600W
~~26.890~~
**18.823**

30% AFSLÁTTUR





25% AFSLÁTTUR

Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
~~4.990~~ **3.743**

**Casters hjól 30% AFSLÁTTUR**



25% AFSLÁTTUR

LuTool veltisög 1800W 255mm blað
~~54.990~~
**41.243**





LuTool Borðsög 1800W 250mm blað 54x50cm
~~28.990~~
**21.743**

25% AFSLÁTTUR

Drive Bílskúrsryksugan 1200W, 20 lítrar
~~9.790~~
**6.853**

30% AFSLÁTTUR



**Mottur - mikið úrval**

25% AFSLÁTTUR





TY2007W Vinnuljóskastari á telescope fæti 400W ECO pera
~~5.290~~
**3.968**

25% AFSLÁTTUR

5005 3,5 lítra ~~489~~ **391**
5006 7,5 lítra ~~785~~ **628**
5007 15 lítra ~~995~~ **746**



**4 litir**
**3 stærðir**

# MÚRBÚÐINNI!

## MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð



Drive BL200-570A,
800W, 200mm blað,
borð 790x390cm
~~37.900~~
**28.425**
25% AFSLÁTTUR



- Handlaugar **20-50%**
- Náttúrusteinsvaskar **40-60%**
- Sturtuhorn rúnnuð án botns **35%**
- Baðherbergisflísar **15-50%**
- WC, Ido og Imex **20-25%**
- Stálvaskar **25-40%**
- Harðparket **15-20%**
- Náttúrusteins mosaík **30%**
- Celitex undirlag **25%**



25% AFSLÁTTUR
LuTool Pússivél 560W
m/hjámiðju snúning
~~11.990~~
**8.993**



50% AFSLÁTTUR
ALM14DF 14,4V Li-Ion
hleðsluskrúfvél 2,8Ah 135Nm
~~34.990~~
**17.495**



25% AFSLÁTTUR
Rafmagnssnúra
25 metrar, F3G1,5
~~5.490~~
**4.118**



25% AFSLÁTTUR
Rafmagnskefli
25 metrar, F3G1,5mm
~~6.190~~
**4.643**



30% AFSLÁTTUR
Spandy 1200W Cyclone
heimilsryksuga
~~9.790~~
**6.853**



25% AFSLÁTTUR
Bílatjakkur max 2 tonn
~~4.990~~
**3.743**



Bílabúkkar 2 tonn 2 stk
~~3.890~~
**2.918**
25% AFSLÁTTUR



reddot award 2016 winner
Rafmagnstjakkur 1,5 tonn
verð frá
~~345.900~~ m.vsk
**276.720**
20% AFSLÁTTUR

**Gegnheil postulínsflís**



KAI Grá bílskúrsflís 33x33 cm
~~1.890~~ pr. m²
**1.512**
20% AFSLÁTTUR



Imex WC með stút
fyrir gólf ÁN SETU
~~16.990~~
**12.743**
25% AFSLÁTTUR

**Mikið úrval af stalvöskum með 25-40% afslætti**



Bol-834 80x48x18cm
þykkt 0,8mm
~~9.990~~ **6.993**
30% AFSLÁTTUR

CERAVID
Þýsk gæði



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara.
~~39.990~~
**29.993**
25% AFSLÁTTUR

Hæglokandi seta

Skál:
„Scandinavia design"



BOZZ-SH2101-1
Bað og sturtusett
með hitastýrðu
~~31.990~~
(rósettur fylgja)
**25.592**
20% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR
BOZZ SH22015-3
Sturtusett
m/hitastýrðu tæki
~~26.990~~
(rósettur fylgja)
**21.592**

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

# Nýtt líf



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Já, já, við getum alveg komið á morgun. Með Herjólfi? Nei, bíddu. Hver er þessu Herjólfur? Já, skipið. Já, ég vissi það, jú, jú. Ég var nú bara svona að spauga. Já, já, þú segir það já. Heyrðu, hvernig hérna … Halló?“ Og þar með lauk símtalinu og þeir Þór og Danni voru komnir í vinnu hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Reiðubúnir til þess að hefja nýtt líf í samnefndri kvikmynd eftir Þráin Bertelsson.

Nýtt líf sló í gegn hjá Íslendingum og er enn vinsæl einhverjum kynslóðum síðar. Ekki aðeins vegna þess að myndin er fyndin og skemmtileg heldur vegna þess að þjóðin tengdi, sá sig og landa sína í Þór og Danna og gerir enn. Tengir við drauminn um að hefja nýtt líf. Taka sig í gegn og rífa sig upp á rassgatinu og allt það. Og rétt eins og það er gott að byrja nýja árið brosandi yfir Þór og Danna þá eru áramót líka einmitt tíminn til þess að byrja nýtt líf.

Þjóðin krafðist kosninga á árinu vegna þess að hún þráir nýtt stjórnmálalíf, langþreytt á spillingu, sérhagsmunabrölti og vondum vinnubrögðum. Og svo kaus þjóðin, margklofin og sundruð í því hvaða leið sé rétt að fara til hins nýja Íslands og stjórnmálamenn virðast eiga enn erfiðara með að átta sig á því hvað þjóðin vill. Íslenskir stjórnmálamenn hafa reyndar ekkert alltaf verið í því að láta vilja þjóðarinnar trufla sig svo eðlilega hefur þetta verið erfið fæðing, þó svo nú stefni allt í nýja ríkisstjórn á nýju ári.

Það er fólgin áskorun í því fyrir nýja ríkisstjórn og reyndar þingheim allan að sýna þjóðinni að við getum öll hafið nýtt og betra stjórnmálalíf á nýju ári. Stjórnmálalíf þar sem almannahagsmunir eru ætíð hafðir að leiðarljósi og vinnubrögðin verða þingi og þjóð til sóma. Allt er þetta spurning um grundvallarviðhorf. Viðhorf sem hefur sig upp yfir þunglamalegt valdabrölt bjarndýrsins og dansar á trjátoppunum eins og íkorninn, svo vitnað sé til jómfrúarræðu Óttars Proppé frá því um árið.

Íslendingar kusu sér líka forseta á árinu sem leið og þeir kusu sér íkorna. Guðni Th. Jóhannesson er maður sem hefur tileinkað sér aðra hugsun, framkomu og viðhorf en við þekkjum úr ranni íslenskra stjórnmála. Og þjóðinni þykir vænt um sinn nýja forseta vegna þess að þjóðin finnur að hann er hluti af þessari þjóð. Tilheyrir henni og lætur sig varða hagsmuni hennar allrar. Það var auðfinnanlegt á nýársávarpi forsetans og vonandi hafa stjórnmálaöflin lagt vel við hlustir og leitast í framhaldinu við vinna í anda þeirra orða.

Í nýársávarpi forseta Íslands var að finna ákall um samfélag jafnra tækifæra og góðra manngilda. Samfélag þar sem öll börn fá að njóta sín og allir njóta heilbrigðisþjónustu og umönnunar eftir þörfum. Samfélag þar sem allt er ekki metið í krónum og aurum heldur gildum sem varða okkur öll, líðan okkar og framtíð. Það er því vonandi að það fari ekki fyrir næstu ríkisstjórn eins og þeim Þór og Danna sem höfðu aldrei annað en eigin hagsmuni að leiðarljósi í leit að nýju lífi og viðhorfið var aldrei annað en eitt og hið sama: „Við erum komnir í uppgrip, maður.“

**Samfélag þar sem allt er ekki metið í krónum og aurum heldur gildum sem varða okkur öll, líðan okkar og framtíð.**

## Halldór









## Frá degi til dags

**Ómöguleiki ESB**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur náðst sátt í stjórnarmyndunarviðræðum um að kosið verði um viðræður við ESB, kvóti fari á markað, MS verði sett undir samkeppnislög og tollar á hvítt kjöt lækkaðir í skrefum á kjörtímabilinu. Verður að telja þetta nokkur pólitísk tíðindi og verður landsbyggðarármur Sjálfstæðisflokksins líkast til ekki hoppandi glaður yfir þeim stjórnarsáttmála. Sérstaklega ekki ákvæðinu um ESB-þjóðaratkvæðagreiðslu. Rétt er þó að minna á að fyrir kosningar 2013 lofaði Bjarni Benediktsson þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við ESB.

**Knésettur**

Svo virðist sem Benedikt Jóhannesson og Óttarr Proppé hafi, með samstilltu átaki sínu um að vinna náið saman eftir kosningar, náð öllum sínum stóru málum áfram í samningaviðræðum við Sjálfstæðisflokkinn. Einnig hefur styrkur Viðreisnar og Bjartrar framtíðar falist í því að veifa fimm flokka spilinu framan í Sjálfstæðisflokkinn. Hvort kjósendur Bjartrar framtíðar hafi viljað að flokkurinn færi í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og útibúi þess er annar handleggur. Sjálfstæðisflokkurinn sýpur þar seyðið af því að Framsóknarflokkurinn er óstjórntækur með óútreiknanlegan jóker í einu oddvitasætinu og því fækkar möguleikunum mjög til myndunar ríkisstjórnar.

**sveinn@frettabladid.is**

# Framtíðin er núna



Lilja Alfreðsdóttir
utanríkisráðherra

Efnahagsleg endurreisn Íslands hefur gengið vel og er alþjóðlegur samanburður okkur hagstæður. Lánshæfi ríkissjóðs hefur hækkað í A-flokk meðal annars vegna lækkandi skulda ríkissjóðs og afgangs á fjárlögum og þá hafa stöðugleikaframlög slitabúa bankanna gert það að verkum að heildartekjur ríkissjóðs eru yfir þúsund milljörðum króna á fjárlögum ársins 2016. Góður afgangur er á viðskiptajöfnuðinum og innstreymi erlends gjaldeyris hefur verið mikið m.a. vegna þess vaxtar sem hefur verið í ferðaþjónustu. Algjör grundvallarbreyting hefur orðið frá fyrri tímum, þar sem hrein erlend staða þjóðarbúsins er nú jákvæð í fyrsta sinn frá því mælingar hófust.

Seðlabankinn hefur brugðist við þessu mikla innflæði með auknum kaupum á gjaldeyri. Gjaldeyrisforðinn er orðinn um 40% af landsframleiðslu og kostnaður við hann umtalsverður vegna vaxtamunar við útlönd. Eitt stærsta verkefni hagstjórnarinnar verður að bregðast við þeim breytingum sem hafa átt sér stað á viðskiptajöfnuðinum. Einn liður í því er að setja á laggirnar Stöðugleikasjóð Íslands. Slíkur sjóður hefði það að eitt af meginmarkmiðum að stuðla að sveiflujöfnun í hagkerfinu og koma í veg fyrir að uppgangur í einni útflutningsgrein skerði ekki samkeppnishæfni annarra. Þjóðir sem eru ríkar af auðlindum, líkt og Ísland, hafa sett upp svipaða sjóði til að ná betur utan um hagstjórnina. Norski olíusjóðurinn er eitt besta dæmið um það. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um stofnun sjóðs með svipað hlutverk og Stöðugleikasjóðurinn. Almennt er gengið út frá því að auðlindagjöld standi undir sjóðnum, bæði stofnframlagi og vexti hans. Slíkt er vissulega mögulegt en þannig tæki langan tíma að byggja upp myndarlegan höfuðstól til ávöxtunar. Skilvirkara væri að nota hluta af stöðugleikaframlögunum sem höfuðstól Stöðugleikasjóðsins – kaupa upp hluta af gjaldeyrisforða Seðlabankans – og stækka sjóðinn svo smám saman með tekjum af auðlindum landsins, þ.e. sjávarútvegi, orku- og ferðaþjónustu.

Kjöraðstæður eru í íslensku efnahagslífi og mikilvægt að rétt sé á málum haldið. Eitt af mikilvægustu verkefnum stjórnmálanna er að skapa efnahagslífinu umgjörð sem stuðlar að stöðugleika til langs tíma. Með skynsamri hagstjórn skapast meira fjárhagslegt svigrúm til að efla velferðarsamfélagið og bæta hag okkar allra.

**Einn liður í því er að setja á laggirnar Stöðugleikasjóð Íslands.**

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Magnús Magnús Magnússon

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Svei mér þá ef ég var ekki hreinlega klökkur í gær þar sem ég var að aka einn í Öskjuhlíðinni á heimleið upp úr hádegi.

Guðni forseti hafði nýlokið sínu vel samda og skörulega flutta ávarpi og ábúðarmikill kór söng þjóðsönginn. Ég hækkaði í útvarpinu og hoppaði milli bassa og tenórs eftir hentugleikum, af gömlu kórlausnæti, horfði á túristana þar sem þeir örkuðu hlýðnir en ögn ráðvilltir í átt að Perlunni, til þess eins væntanlega að komast að því að hún er helgidómur utan um ekki nokkurn skapaðan hlut, og var að rífa mig upp í eitt eiííííífðar smáblóm þegar hann kom allt í einu í hugann, Magnús Magnús Magnússon, og í stað þess að góla þarna útbelgdur af ættjarðarást, fór ég að hlæja með sjálfum mér.

### Hinn mikli

Magnús Magnús Magnússon er ein af mörgum persónum úr hinu frábæra áramótaskaupi fyrrakvöldsins sem lifa með manni áfram og á örugglega eftir að verða eitt af menningarmiðum manns á komandi tíð; maður á eftir að segja við fólk í ýmsum aðstæðum að það sé nú bara eins og Magnús Magnús Magnússon. Aðrar eftirminnilegar týpur eru matarsóunarkonan, persónulegi trúbadorinn Helgi sem færði í tóna það sem við hugsum öll um bankamálin, persóna Bjarna Benediktssonar sem færði umbúðarlaus í orð það sem hann hugsar kannski sjálfur um bankamálin – og auðvitað Indriði.

En Magnús Magnús Magnússon var alveg sérstaklega ánægjulegur í öllum sínum dugnaðarlega og þrautseiga vanmætti. Hann er svo margt. Til dæmis bara nafnið: Magnús þýðir „hinn mikli“ og má segja að þessi þrástögun á nafninu endurspegli þjóðarkríli með útblásna sjálfsmynd.

Endurtekningin er líka til vitnis um gríðarlega þörf Íslendinga til að vera eins. Vera og gera það sama aftur og aftur og aftur.

Við getum flest séð okkur í grátbroslegri þrá mannsins til að falla í sama mót og fjöldinn, gera það sama og allir aðrir, hugsa það sama, þar sem stærsti óttinn er ævinlega við að skera sig úr en hin æðsta skylda að vera hluti af hjörð og elta leiðtoga, jórtra sömu tuggur og öll hin, láta reka sig í þau hólf sem fjallkóngar stjórnmálaflokkanna telja sig ráða yfir – hafa horn í síðu allra sem ekki þramma með.

Þessi lífseiga tilhneiging Íslendinga til að samsama sig sauðkindinni kemur fram með ýmsu móti, nú síðast fyrir jól í því að Forystufé, snilldarbók eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp varð ein söluhæsta bók síðasta árs – þó að mann gruni að vísu að býsna margir sjái sig frekar sem forystufé en hitt sem fylgir.

### Boðskapur sögunnar

Magnús Magnús Magnússon er að vísu hvorugt. Hann er ekki augljós forystuhrútur heldur þráir það eitt að falla í hjörðina og láta sál sína falla inn í hina stóru íslensku hópsál.

Það sem er einmitt svo hrífandi við hann er fullkomið getuleysi hans til þess að vera eins og allir aðrir. Hann bara getur það alls ekki. Honum er fyrirmunað að klappa í takt. Hann hreinlega getur ekki verið eins og hjörðin.

Er hann of mikill einstaklingur? Hefur hann sjálfur of sterkan takt í sér?



**Það sem er einmitt svo hrífandi við hann er fullkomið getuleysi hans til þess að vera eins og allir aðrir. Hann bara getur það alls ekki.**

Er hann forystuhrútur innst inni sem borinn er til að láta aðra fylgja sér? Eða er hann bara taktlaus og músíkfalskur Íslendingur af því tagi sem alltaf tekst að sölsa undir sig fjöldaklapp á tónleikum með því að klappa staðfastlega á fyrsta og þriðja takti en ekki öðrum og fjórða eins og músíkantarnir eru alltaf að reyna að láta íslenska salinn gera, þegar á að vera gaman á tónleikum?

Eins og öll góð list gerir skilur þetta atriði áhorfandann eftir með fleiri spurningar en svarað er, en manni finnst samt eins og maður hafi orðið vitni að einhverju sem segi manni eitthvað um mannlegt eðli, hópsálareðli – smáþjóðareðli; og hversu erfitt það getur verið og þungbært að elta æðin sem með reglulegu millibili tröllríða þjóðlífinu.

Og eins og öll góð list gerir, þá reif minningin um þetta atriði í mig á augnabliki þegar ég var að gefa mig á vald hugsunarlítilli tilfinningasemi sem beindist að landi og þjóð. Ættjarðarást er góð og holl, að unna sínum heimahögum, jörðinni sem fóstrar mann og fólk á undan manni hefur tengst með margvíslegu móti – slíkri kennd fylgir virðing og umhyggja við gróandanum. Og líka hitt að virða minningu og menningu genginna kynslóða og sjá til þess að rofni ekki samhengið í íslenskri tungu. En slíkum kenndum á alltaf að fylgja umhugsun, efasemd – og umfram allt: bros, hlátur, gleði.

Ég þakka lesendum allt gamalt og gott og óska þeim velfarnaðar á nýju ári.

ÚTSALA!
30% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
70% AFSLÁTTUR
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®

# Árið 2016 með augum Gunnars Karlssonar
































RÁÐSTEFNA Í HÖRPU 1. FEBRÚAR, KL. 9-11

## **NETFLIX** – SPROTINN SEM VARÐ AÐ EINU SVALASTA VÖRUMERKI HEIMS

# Marc Randolph



NÝHERJI

**VIRKJAÐU FRUMKVÖÐLAKRAFTINN!**

**Lærðu af frumkvöðlinum Marc Randolph, einum af stofnendum NETFLIX og fyrsta forstjóra fyrirtækisins.**

Hvernig geta fyrirtæki brugðist við breyttum aðstæðum?
Hvað getur Kísildalurinn kennt okkur um nýsköpun?
Dramatísk rússibanareið og nýstárleg fyrirtækjamenning Netflix
Lykilþættir í velgengni Netflix

**SKRÁNING Á NYHERJI.IS**
**Verð: 4.900 kr.** (léttur morgunverður innifalinn)

VIÐ HÖFUM GÓÐA REYNSLU AF FRAMTÍÐINNI

NÝHERJI
BORGARTÚNI 37
NYHERJI.IS
NETVERSLUN.IS

# Árið 2016 með augum Gunnars Karlssonar




































# Stórafsláttur af öllum úrum og skartgripum

frá **þessum vörumerkjum** í verslunum okkar á **Laugavegi 15, Kringlunni og á michelsen.is**



**Rodania**
Allt að **40%** afsláttur

**Armani**
Allt að **50%** afsláttur

**Michael Kors**
Allt að **50%** afsláttur

**Skagen**
Allt að **50%** afsláttur

**asa jewelery**
Allt að **50%** afsláttur

**Fossil**
Allt að **50%** afsláttur

**Diesel**
**60%** afsláttur

**Rosendahl**
**60%** afsláttur

**Klaus Kobec**
**70%** afsláttur

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is




ÚTSALA
25-50%
AFSLÁTTUR
af öllum vörum í eftirtöldum verslunum
FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK
MIÐHRAUN 4 GARÐABÆR
HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI
*Afsláttur gildir á meðan birgðir endast
ICEWEAR
ICELAND

#PL #enski365

Premier League

Mánudagur 2. janúar

Middlesbrough 12:20 Leicester #MIDLEI

Sunderland 14:50 Liverpool #SUNLIV

Þriðjudagur 3. janúar

Bournemouth 19:35 Arsenal #BOUARS

Miðvikudagur 4. janúar

Tottenham 19:50 Chelsea #TOTCHE

MESSAN 22:00 Gummi Ben og félagar fara yfir alla leikina. #Messan

KAUPTU STAKAN LEIK: Síminn 365

2 SPORT Domino's ICELANDAIR Coca-Cola

365.is | Sími 1817 365



# Íslenskt réttlæti og börn



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Íslenskt samfélag hefur getu til að hlúa betur að mikilvægum velferðarmálum. Við höfum nefnilega búið við einstaka efnahagslega velsæld um skeið eftir undangengin stóráföll.

Sjávarútvegur hefur gengið fádæma vel og útgerð dafnað og skilar fyrirtækjum góðum arði. Ferðaþjónusta þenst taumlítið út, en aflar verulegra tekna. Vel á aðra milljón gesta koma til landsins allt árið. Gistirými nú um jól og áramót reyndist víða uppurið. Verslun og viðskipti blómstra og verklegar framkvæmdir aukast stig af stigi. Mikil eftirspurn er eftir vinnufúsum höndum og sækja þarf til útlanda í stórum stíl eftir mannskap.

Því er eðlilegt að sú spurning vakni hvort þessi þjóð sé ekki hamingjusöm og glöð, hvort allir uni sér ekki vel og hafi nóg fyrir sig. Hvort barnafjölskyldur búi ekki við farsæld og öryggi, uppeldis- og skólastofnanir blómstri í starfi sínu, búið sé með sóma að þeim sem lokið hafa löngum starfsdegi, öryrkjar fái að halda mannvirðingu sinni með viðunandi afkomu, löggæsla sé trygg og örugg og aðrir opinberir innviðir, samgöngumannvirki og heilbrigðisþjónusta séu viðunandi eða jafnvel framúrskarandi.

Því miður er því til að svara að fúaspýtur finnast alltof víða. Það kom meðal annars fram með nöturlegum hætti í skýrslu Barnaheilla um barnafátækt, skort á tækifærum og hættu á félagslegri einangrun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum sem birt var um miðjan desember.

### Höfum efni á að gera betur

Fjöldi Íslendinga býr við skort, bæði börn og fullorðnir. Það er dökkur blettur á íslensku samfélagi að landsmenn í þúsunda tali þurfi reglulega að leita á náðir hjálparstofnana til að afla sér matar, ekki bara fyrir jól.

Látum það ekki hverfa úr hugskoti okkar að yfir sex þúsund börn á Íslandi búa við fátækt og enn fleiri eru í áhættuhópi. Það eru meðal annars einmitt þessi börn sem taka munu þátt í að móta samfélagið í framtíðinni og hvað ætli þeim finnist um réttlætið?

**Við höfum efni á að gera betur og á það ættum við þingmenn að einblína og sameinast um á kjörtímabilinu sem er fram undan, að stuðla að auknu réttlæti og sanngirni fyrir alla okkar þegna.**

Það sitja 63 þingmenn á Alþingi. Það ættu ekki einu sinni að finnast 63 fátæk börn á öllu Íslandi. Það ættu engin börn að vera fátæk á Íslandi og það er á vettvangi Alþingis Íslendinga sem við getum breytt, bætt kjör og aðbúnað þeirra sem búa við skarðan hlut. Um þetta var okkur jafnaðarmönnum tíðrætt í kosningabaráttunni og við gáfum loforð og á þessu sama tæptu raunar allir stjórnmálaflokkar. Við fengum hins vegar ekki fylgi en þetta er hægt. Við höfum efni á að gera betur og á það ættum við þingmenn að einblína og sameinast um á kjörtímabilinu sem er fram undan, að stuðla að auknu réttlæti og sanngirni fyrir alla okkar þegna.

# „I Kina spiser de hunde“ – Opið bréf til stjórnenda lífeyrissjóðanna



Hannes Friðriksson
innanhúss-arkitekt

Já, sagt er að í Kína borði menn hunda, en óumdeilanlegt er að fólki og húsum er þar rutt miskunnarlaust í burtu til að skapa pláss fyrir stóriðjuver og stíflur. Mengun er þar orðin stórt vandamál er skaðar heilsu og lífsgæði fólks. Flest erum við sennilega sammála um að seinni fullyrðingarnar eru um ástand sem við viljum ekki sjá verða til á Íslandi. Við virðumst þó byrjuð að feta þessa leið að nokkru, og að því er virðist með dyggri hjálp þeirra lífeyrissjóða er sum ykkar stjórna.

Fréttir herma að þessa dagana og undanfarna mánuði hafi svonefndir fjárfestar gengið á fund ykkar og kynnt fyrir ykkur hugmyndir sínar um arðsemi mengandi stóriðjuuppbyggingar í Helguvík. Þeir óska eftir því að fé lífeyrissjóðanna sé notað til þeirrar uppbyggingar. Minna hefur farið fyrir að þeir sem fyrir áhrifum uppbyggingarinnar verða og hafa áhyggjur af áhrifum hennar hafi skýrt sín sjónarmið fyrir ykkur. Því er þetta bréf skrifað því að nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið komi fram þegar svo mikið fé lífeyrissjóðanna er notað.

Á nýlegum borgarafundi í Reykjanesbæ sýndi fulltrúi Umhverfisstofnunar áður óbirta mynd af dreifingu mengunar byggða á útreikningum loftreiknilíkana. Sú mynd gaf fullt tilefni til að setja stórt spurningarmerki við frekari uppbyggingu slíkrar stóriðju svo nærri bæjarmörkunum. Jafnvel þó reiknað magn mengunarefna væri innan marka er ljóst að á því svæði sem mengunin nær til er nú þegar til staðar einn barnaskóli, þrír leikskólar og stór íbúðahverfi. Engum dylst að mengun mun verða, og meira að segja svo mikil að eftirlitsaðilar telja ríka ástæðu til að vakta svæðið.

### Illa stöddu bæjarfélagi stillt upp við vegg

Fjárhagsleg staða Reykjanesbæjar er öllum ljós. Um ástæður hennar þarf ekki að fjölyrða. Sú staða setur þá sem bænum stjórna þröngar skorður til að taka á þeim vanda er við öllum blasir. Framkvæmdaraðilar í Helguvík hafa skýrt sín sjónarmið og verði gerð breyting á þeim samningum er þegar hafa verið gerðir munu þeir leita réttar síns til skaðabóta. Þeir hafa stillt illa stöddu bæjarfélagi upp við vegg hvað ákvörðunarrétt sinn nú varðar í þessu máli. Rétt er að hafa í huga að þeir aðilar hafa þó ekki staðið við áðurgerðar skuldbindingar sínar gagnvart bæjarfélaginu, né heldur lokið fjármögnun á fyrirætlunum sínum.

Orðspor þjóða fer eftir því hvernig þær haga sínum málum. Hvernig þær umgangast íbúa sína og náttúru á tímum þar sem loftslagsbreytingar og stríð þjaka heiminn. Samfélagsleg ábyrgð ykkar sem stjórnenda lífeyrissjóðanna og stærsta fjárfestis í íslensku atvinnulífi er mikil. Þið hafið um það að segja hvert orðspor okkar verður til framtíðar og hver ásýnd þjóðarinnar verður.

**Menning okkar segir mér að seint muni renna upp sá tími að á Íslandi muni menn borða hunda, en þið getið með ákvörðun ykkar komið í veg fyrir að fólk þurfi nauðugt heilsu sinnar vegna að flytjast búferlum vegna uppbyggingar stóriðju í bakgarði sínum, sem lífeyrissjóðir þeirra sömu fjármagna.**

Arðsemi fjárfestinga lífeyrissjóða er mikilvæg. En þau samfélagslegu áhrif sem þær fjárfestingar hafa eru einnig mikilvæg. Það er ykkar að vega og meta. Fjárfestar hafa þegar kynnt ykkur efnahagslegu rökin og væntingar sínar um hagnað. Í bréfi þessu er reynt að beina augum ykkar að áhyggjum þeirra sem í nánd við þessar fjárfestingar búa. Menning okkar segir mér að seint muni renna upp sá tími að á Íslandi muni menn borða hunda, en þið getið með ákvörðun ykkar komið í veg fyrir að fólk þurfi nauðugt heilsu sinnar vegna að flytjast búferlum vegna uppbyggingar stóriðju í bakgarði sínum, sem lífeyrissjóðir þeirra sömu fjármagna. Skynsemin verður að virka í báðar áttir.

Með vinsemd og virðingu og ósk um farsælt nýtt ár.

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
2. JANÚAR 2017 MÁNUDAGUR



# LITRÍKAR OG SKEMMTILEGAR

**Amikat** er nýlegt hönnunarmerki sem þekktast er fyrir skemmtilegar myndir og draumafangara. Íris Halldórsdóttir stendur á bak við merkið sem hefur fengið góðar viðtökur.

„Hugmyndina að seríunni fékk ég úr herbergjum sona minna. Annað herbergjanna er með skógardýraþema en hitt hefur frumskógardýraþema," segir Íris Halldórsdóttir hjá Amikat. MYND/EYÞÓR


## SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Sérblaðið Skólar og námskeið kemur út 5. janúar

Hægt er að kaupa augýsingar sem og kynningar í þessu blaði.

**Áhugasamir auglýsendur hafið samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins**

**Sími 512 5402**

**serblod@365.is**














Listakonan Íris Halldórsdóttir er konan á bak við hönnunarmerkið Amikat en hún er þekktust fyrir litríkar og skemmtilegar myndir af dýrum og draumaföngurum. Fyrirtækið stofnaði hún árið 2015 en sjálf hefur hún teiknað og skapað frá því hún man eftir sér. „Ég byrjaði á listnámskeiðum á unglingsaldri þar sem ég lærði teikningu og grunn að málun. Þegar ég var 23 ára kláraði ég svo nám í þrívíddarhönnun í Toronto í Kanada og hef síðan sótt ófá myndlistarnámskeið sem hafa opnað augu mín fyrir nýjum og skemmtilegum leiðum til að skapa.“

Fyrsta myndasería Írisar bar nafnið Carnival en þar voru sex dýr klædd upp fyrir Feneyjahátíð miðaldanna, skreytt grímum, fjöðrum og töfrandi fylgihlutum. „Þetta voru vatnslitaverk sem ég lét svo prenta í vönduðum eftirprentunum. Hugmyndina að seríunni fékk ég úr herbergjum sona minna. Annað herbergjanna er með skógardýraþema en hitt hefur frumskógardýraþema. Þrjú af hvorri tegund fengu því öll sína eigin múnderingu.“





## Frábær viðbrögð

Vinnuferlið er í grófum dráttum þannig að fyrst skissar hún upp verkið í grófum dráttum og tekur svo léttar línur í gegn á vatnslitapappír. „Þar klára ég myndina með vatnslitum. Hún er síðan ljósmynduð, bakgrunnur hreinsaður og prentuð á vandaðan pappír í prentsmiðju. Þannig vinn ég þær eina í einu.“

Hún segir viðbrögðin við verkum sínum hafa verið frábær hingað til. „Ég er virkilega ánægð með þau góðu og jákvæðu viðbrögð sem ég hef fengið hingað til og þau hvetja mig svo sannarlega áfram á þessari braut.“ Carnival-serían er mjög vinsæl í barna- og unglingaherbergjum að sögn Írisar meðan draumafangararnir, sem komu aðeins seinna, eru margir í svefnherbergjum og stofum heimila.

## Frekari þróun

Íris fór með myndirnar á skemmtilegar sýningar og markaði á árinu, m.a. á Handverkssýninguna á Hrafnagili í sumar og Handverk og hönnun í Ráðhúsinu í nóvember. „Einnig er var ég með myndirnar á JólaPopup-markaðnum í Hafnarporti, Listasafni Reykjavíkur, núna í desember sem var bæði hátíðlegt og skemmtilegt.“

Fram undan á nýju ári er að halda áfram að þróa og efla Amikat merkið og hana sjálfa, segir Íris. „Ég mun jafnvel koma með litlar vörur tengdar Carnival-dýrunum og halda svo áfram með línu í stíl við draumafangarana.“

**Nánari upplýsingar um hönnun Amikat má finna á www.amikat.is, á Facebook og Instagram (@amikatdesign).**

# ÚTSALA

ÚTSALAN HEFST 2. JANÚAR

LÁTTU SJÁ ÞIG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

GLERÁRTORG

-af lífi & sál-

GLERÁRTORG VERSLUNARMIÐSTÖÐ | AKUREYRI | WWW.GLERARTORG.IS

# Fljótlegt og hollt nesti í vinnuna

Alexandra Cruz er einkaþjálfari, lögfræðingur og lífsstílsráðgjafi hjá fjarþjálfunarfyrirtækinu Fitnestic.net. Eftir áramótin hugsar fólk gjarnan um að breyta mataræði og lífsstíl. Margir dagar með þungum veislumat fara ekkert sérstaklega vel með meltinguna.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is

> Ég sé hins vegar miklar breytingar hjá fólki sem tekur mataræðið sitt í gegn. Hreyfingin getur síðan komið í kjölfarið.
>
> Alexandra Cruz

Alexandra segir að fólk sé oft tilbúið til breytinga um áramótin. „Margir eiga samt erfitt með að halda þær breytingar út. Það þarf að líta á lífsstílsbreytinguna sem varanlega, ekki eitthvert öfgaátak í janúar. Fólk þarf að tileinka sér hollt og gott mataræði sem veitir því betri líðan. Svo þarf að hreyfa sig sem getur verið mjög skemmtileg,“ segir hún. „Ég læt ekkert inn fyrir mínar varir sem er bragðlaust og óspennandi. Þannig get ég haldið í hollt og gott mataræði alltaf,“ bætir hún við.

Alexandra bendir á að fólk, sem finnst tilhugsunin um líkamsræktarstöðvar erfið, ætti að byrja fyrst á því að breyta mataræðinu. „Það skiptir öllu máli,“ segir hún. „Ef fólk æfir mikið en breytir ekkert mataræðinu, þá gerist ekki neitt. Ég sé hins vegar miklar breytingar hjá fólki sem tekur mataræðið sitt í gegn. Hreyfingin getur síðan komið í kjölfarið. Ekki er heldur gott að vera öfgafullur. Það er einmitt ástæða þess að fólk gefst fljótlega upp.

Ég myndi ráðleggja fólki að byrja æfingar þrisvar í viku. Ekki fara alla daga í upphafi. Mikilvægt er að byggja upp sjálfstraustið og setja sér langtímamarkmið. Árangurinn kemur ótrúlega fljótt í ljós. Það sama má segja um mataræðið. Það þarf ekki allt að vera fullkomið, best er að fara frekar hægt af stað og fylgja markmiðunum. Þannig nær maður betri árangri og á auðveldara með að breyta lífsstílnum,“ segir Alexandra.

Hægt er að fylgjast með henni á Snapchatinu Fitnestic en þar birtast alls kyns heilsuráðleggingar en Alexandra er með stóran hóp fylgjenda.

Hún gefur hér uppskrift að léttum réttum sem auðvelt er að taka með sér í vinnuna eða skólann. Hún og samstarfskona hennar, Ásdís Inga Haraldsdóttir, bjuggu til hveitikímsbrauð og hafa verið með á matseðli Fitnestic frá upphafi.



Alexandra segir að alltaf sé hægt að gera lífsstílsbreytingar og mataræðið skipti miklu máli.



Alexandra Cruz er hér með syni sínum Alexander Úlfi Buenano sem er 20 mánaða.




Skráðu þig núna

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Zumba
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

ÍTR Frístundakortið

ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645


## HVEITIKÍMSBRAUÐ

**1 brauðsneið**

**1 egg**
**1 hvíta**
**30 g hveitikím**
**Smá sjávarsalt**

Blandað saman og steikt á 2/4 hita á pönnu með loki ca. 1-2 mínútur á hvorri hlið. Álegg eftir smekk.
Mæli með að stappa saman hálft avókadó og krydda það örlítið með hvítlaukssalti eða sítrónupipar og kjúklingaskinku.

## HEILHVEITI-TORTILLA

**Mjög góð og gerð kvöldinu áður**

**Heilhveiti-tortilla (1-2, fer eftir markmiðum)**
**Salsasósa að vild**
**1 msk. sýrður rjómi**
**Salat**
**Avókadóbitar (1/4)**



Alexandra stýrir hér hópi í líkamsrækt.

Hægt að notast við kalkúnahakk, kjúkling eða nautahakk.
Svartar baunir fyrir grænmetisætur

**¼ laukur, steiktur í potti 3-4 mín.**
**Klípa af salti**
**¼ tsk. cumin**
**Smá pipar**
**½ tsk. hvítlauksduft**

Skola af svörtu baununum og bæta þeim í pottinn, ca. 3 mín.
Taka af hellunni og stappa saman.

## PRÓTÍNPÖNNUKAKA

**2 egg EÐA 1 egg**
**1 eggjahvítu og próteinduft**
**2 msk. ca. hafrar**
**½ banani**
**Kanill**
**Stevía (valkvætt ef við viljum sæta aðeins)**

Blanda öllum hráefnum saman. Gott að nota blandara eða töfrasprota en ekki nauðsyn og steikja síðan á hvorri hlið á pönnu við meðalhita þar til pönnukakan verður ljósbrún, u.þ.b. 2 mínútur.

**Álegg:**
17% ostur og kjúklingaskinka eða súkkulaðikrem (uppáhaldið mitt)
**1 tsk. kókosolía við stofuhita**
**2 tsk. súkkulaðiprótín, stappað saman.**

# FASTEIGNIR.IS

1. tbl. Mánudagur 2. janúar 2017

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ



heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali

Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason

Gunnlaugur A. Björnsson

Ásdís Írena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



**Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð**



**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**

**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**

**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
**694 6166**

**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.

**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**

**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
**893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
**892 8778**

**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is






# Ferðaþjónustuþorp til sölu

**Eignamiðlun sími 588 9090 kynnir: Laugar í Sælingsdal, ferðaþjónustuþorp til sölu. Heildarstærð 4.925,2 fm. Hótel, skóli, íþróttamiðstöð og sundlaug og fjögur einbýlishús ásamt tjaldsvæði.**

Í einum hlutanum er hótel með 20 herbergjum með baði. Gott anddyri, móttaka, fundarherbergi. Húsið er tvílyft steinhús með einnar hæðar millibyggingu.

Annar hluti er einbýli á tveimur hæðum. Á efri hæð er lítið eldhús, setustofa og snyrting en á neðri hæð eru geymslur og þvottahús

Þá er skólabygging með 26 herbergjum, flest með handlaug. Baðherbergi, sturtuaðstaða og geymslur. Fullbúið eldhús, stór matsalur og annar salur. Í kjallara undir skrifstofum og kennslustofum er byggðasafn Dalamanna sem myndi verða áfram í húsinu.

Heimavist er í sérhúsi, tvær hæðir og kjallari með 26 herbergjum, baðherbergi, sturtuaðstöðu auk geymsla. Mötuneytishús er hæð og kjallari.

Laugar, íþróttamiðstöð og sundlaug, er einlyft steinsteypt hús, byggt árið 1988.

Fjögur einbýlishús eru á jörðinni, hvert 111,6 fm að stærð.

Gott tjaldsvæði með salernisaðstöðu, vöskum og borðum.

Glæsilegt landsvæði með miklum möguleikum á útivist.

Slóð a drónamyndband: http://www.west.is/en/inspiration/videos/file/laugar-i-saelingsdal

***Nánari upplýsingar veita Kjartan Hallgeirsson lögg. fasteignasali í síma 588 9090 og 824-9093 eða kjartan@eignamidlun.is, Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705 eða andri@eignamidlun.is, Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali í síma 861-8514 eða sverrir@eignamidlun.is***


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Klapparhlíð 22 - 270 Mosfellsbær




Falleg 74,6 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í tveggja hæða fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu innan íbúðar, eldhús og stofu. Þetta er falleg og björt íbúð á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. **V. 34,9 m.**

## Ástu-Sóllijugata 30-34 - Mos.




Falleg 182 m2 raðhús á tveimur hæðum við Ástu-Sólliljugötu í Mosfellsbæ. Um er að ræða vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúrum við Ástu-Sóllijljugötu í Mosfellsbæ. Á jarðhæð eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og fataherbergi. Á efri hæðinni er bílskúr, forstofa, geymsla, eldhús og stofa. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga.
**V.53,5 – 54,9 m.**

## Súluhöfði 21 - Mos.



335,4 m² eign í tvíbýlishúsi á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Súluhöfða 21 í Mosfellsbæ. Útbúin hefur verið stúdíóíbúð af hluta neðri hæðar. Stór timburverönd með heitum potti, steypt/stimplað bílastæði og glæsilegt útsýni. Birt stærð eignarinnar, íbúðin skiptist í 218,1 íbúðarrými á 2. hæð ásamt 77,2 m2 íbúðarrými á 1. hæð og 40,1 m2 bílskúr. **V. 74,9 m.**

## Gerplustræti 24 – 270 Mos.




**NÝBYGGING** - Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúðir með sérinngangi á jarðhæð í nýju fjölbýlishúsi. Bílastæði í opnum bílakjallara. HTH innréttingar, harðparkt á gólfum, en gólf baðherbergis og forstofu eru flísalögð. **V. 37,9 m.**

## Leirutangi 43B - 270 Mos.




92,2 m2, 2-3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og rými sem er gluggalaust, en það skiptist í herbergi, þvottahús og geymslu. Afgirtur sérgarður með timburverönd er fyrir framan húsið. **V. 34,5 m.**

## Ljárdalur - 116 Kjalarnes




H138,2 m2 einbýlishús á tveimur hæðum ásamt ca. 28,6 m2 bílsk.á 3.974 m2 eignarlóð við Ljárdal á Kjalarnesi. Húsið skiptist í: Nerðri hæð: forstofugang, svefnherb. baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Efri hæð: Þrjú svefnherbergi, hol og baðherbergi sem er óinnréttað. **V. 39,5 m.**

## Ásland 18 - 270 Mosfellsbær




327,8 m2 einbýlishús á pöllum með tvöföldum bílskúr við Ásland 18 í Mosfellsbæ. Birt stærð eignarinnar eru 327,8 m2, þar af einbýli 277,3 m2 og bílskúr 50,5 m2. Stór lóð og glæsilegt útsýni.
**V. 64,9 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

## Markholt 7 - 270 Mosfellsbær




280,1 m2 einbýlishús með stórum bílskúr og gróðurhúsi. Eignin skiptist í fimm svefnherbergi, vinnuherbergi, forstofu, tvö baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Bílaplan og gönguleið að húsi eru hellulögð. Hellulögð verönd og stór garður í suður.
**V. 62,5 m**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

## Gerplustræti 27 - 270 Mosfellsbær



Rúmgóð og falleg 143,4 m2, 4-5 herbergja endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og þrjú svefnherbergi, hægt væri að bæta við því fjórða herberginu en þá minnkar stofan. Sérgeymsla í kjallara. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. **V. 48,9 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

## Flétturimi 27 - 112 Reykjavík



112,5m2, 4ja herbergja íbúð á fyrstu hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í fjölbýlishúsi. Eignin er skráð 112,5 m2, þar af íbúð 96 m2, geymsla 4 m2 og bílskúr 12,5 m2(bílastæði í bílakjallara). Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofugang, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla á jarðhæð.
**V. 37,9 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Framúrskarandi fyrirtæki 2015



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fast-



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fast-

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

**Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs**

### Brekkuland- Mosfellsbær



E255,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 42,2 fm. sérstæðum bílskúr og 42,2 fm. vinnustofu (nýtt í dag sem stúdíó íbúð) fyrir ofan bílskúr, samtals 339,6 fm.. Eignin er á fallegum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Staðsetningin er afar góð rétt ofan við Álafosskvosina, með útsýni yfir Álafoss og með Varmárdalinn og Helgafell í baksýn, þar sem stutt er í fallegar gönguleiðir og aðra útivist. Húsið er í dag nýtt sem fimm leigueiningar sem skila góðum leigutekjum. Auðvelt er að breyta húsinu aftur í upphaflegt horf.

**Húsið er teiknað af Halldóri Gíslasyni og hefur prýtt forsíðu arkitektablaðsins. Húsið er steinsteypt úr sjónsteypu.**

**Verð 79,9 millj.**

### Hæðarbyggð- Garðabæ.



Fallegt og þó nokkuð endurnýjað 294,3 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 57,3 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fjögur rúmgóð barnaherbergi, stórt eldhús með kamínu, glæsileg stofa með fallegu útsýni og stórum arni, hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi innaf. Hús að utan í góðu ástandi og falleg ræktuð lóð með veröndum til suðurs og hellulagðri innkeyrslu og stéttum með hitalögnum undir. Útidyrahurðir í húsinu eru allar nýlegar og úr harðviði.

**Eignin er laus til afhendingar nú þegar.**

**Verð 107,0 millj.**

### Rituhólar - frábær útsýnisstaður



Vel skipulagt um 450 fm. einbýlishús með auka 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins. Húsið stendur á frábærum útsýnisstað við Elliðaárdalinn. Þrjár samliggjandi stofur með mikilli lofthæð. Fallegur arinn er í arinstofu. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stórt fjölskyldurými. Auðvelt er að sameina aukaíbúðina húsinu ef vill. Tvöfaldur bílskúr. Lóðin er 850,0 fm að stærð með steyptum bomanite veröndum.

**Verð 94,9 millj.**

### Hnoðravellir – Hafnarfirði. Raðhús.



Einstaklega vel skipulagt og vandað 202,0 fm. staðsteypt raðhús á einni hæð með innbyggðum 33,9 fm. bílskúr. Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta hússins. Gólfsíðir gluggar í stórum hluta húss og gert er ráð fyrir extra háum innihurðum. Gólfhitakerfi er í öllu húsinu og 3 baðherbergi.

**Húsið skilast fullfrágengið að utan með fullfrágenginni lóð og að innan skilast húsið málað og tilbúið undir innréttingar.**

**Verð 57,9 millj.**

### Vesturgata



Fallegt 150,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris auk séríbúðar í kjallara. Húsið er byggt árið 1882 og stendur á 498,0 fm. eignarlóð. Upprunlegir bitar í loftum og fallegar innihurðir. Gluggasetning, loftlistar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Tvær rúmgóðar stofur með gluggum til suðurs og er möguleiki að nýta aðra sem þriðja svefnherbergið.

Frábær staðseting miðsvæðis í borginni.

**Verð 69,9 millj.**

### Breiðahvarf – Kópavogi. Einbýlishús og gestahús m.m. – frábær staðsetning.



Fallegt 180,6 fm. einbýlishús á einni hæð auk 26,7 fm. gestahúss og 26,7 fm. sérstæðs bílskúrs. Auk þessa er á lóðinni 94,7 fm. sérstætt steinsteypt hús byggt árið 1996, nýtt sem safn í dag. Samtals 328,7 fm. að stærð á frábærum stað á Vatnsenda í Kópavogi. Einbýlishúsið skiptist í forstofu, herbergi með snyrtingu inn af, eldhús, borðstofu, svefngang, baðherbergi, 4 svefnherbergi og stóra stofu með arni. Lóðin er 2.254,0 fm. að stærð, vel gróin.

**Verð 82,9 millj.**

### Skólavörðustígur. Verslunarhúsnæði.



50,6 fm. verslunarhúsnæði með stórum verslunargluggum við Skólavörðustíg 6b í Reykjavík. Eignin getur verið laus til afhendingar 1. febrúar 2017. Verslunarhúsnæðið stendur um 15 metra inni á lóð frá Skólavörðustígnum en blasir vel við gangandi og akandi umferð frá Skólavörðustíg á milli húsanna nr. 4 og 8. Inn af verslunarrýminu eru skrifstofa, herbergi, opið rými, baðherbergi með sturtuklefa og ræstikompa.

**Verð 38,9 millj.**

### Bæjarflöt 4. Heil húseign.



Mjög gott 1.201,2 fermetra iðnaðarhúsnæði á einni hæð auk um 200,0 fermetra millilofts með fullri lofthæð í austurenda hússins og mögulegs 840,0 fermetra viðbótarbyggingarréttar á lóðinni. Eignin er í góðu ástandi að innan og utan. Húsið er límtréshús, byggt árið 1999, klætt með yleiningum. Lóðin er fullfrágengin og malbikuð með góðri aðkomu og fjölda bílastæða.

**Eignin er öll í útleigu til tveggja traustra leigutaka.**

## Jörð - Borgarbyggð

**Til sölu 4.000 hektara jörð í aðeins um 60 kílómetra fjarlægð frá Höfuðborgarsvæðinu. Jörðin er skráð sem lögbýli og liggur að mestu leyti að landi Þingvallakirkju og Þjóðgarðinum. Landið er í Þingvallahreppi og liggur frá Þjóðgarðinum og alveg að botni Lundarreykjadals og er að stórum hluta í 150 - 300 metra hæð yfir sjávarmáli.**

**Á landareigninni eru mörg vötn, þau stærstu Reyðarvatn og Uxavatn. Í Reyðarvatn austanvert kemur Reyðarlækur úr Stóra-Brunnvatni og frá norðaustri falla í það tvær ár, Leirá og Fossá. Í tungunni milli ánna eru rústir eyðibýlis. Grímsá fellur úr vatninu til norðvesturs.**

**Heitt vatn úr borholum er leitt að landinu og notað til upphitunar á bæjunum Þverfell I og II. Á rennur við bæi Þverfells. Nægt heitt og kalt vatn er á landareigninni.**

**Hér er um að ræða mjög landstóra jörð nærri höfuðborginni, sem nýta má með margvíslegum hætti, t.d. í sambandi við ferðaþjónustu.**







## Túngata. Efri hæð.

3ja - 4ra herbergja 105,2 fm. efri hæð í tvíbýlishúsi við Túngötu að meðtaldri 7,1 fm. sér geymslu í kjallara. Hæðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 19,5 fm. sér íbúðarherbergi í kjallara með aðgengi að salerni, eldhúsi og sturtu, sem eru sameiginleg með neðri hæð hússins. Geymsluris er yfir íbúðinni og er það einangrað. Verið er að skipta um allt gler og glugga í kjallara og verður þeim framkvæmdum lokið fyrir afhendingu eignarinnar. Lóðin er öll afgirt með steyptum veggjum.

**Verð 55,0 millj.**




## Fornhagi 15. 3ja herbergja íbúð.

**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Virkilega falleg 84,4 fm. íbúð á 2. hæð á þessum eftirsótta stað í vesturbænum að meðt. sér geymslu í kjallara. Ný eldhúsinnrétting og tæki eru í íbúðinni og nýtt vandað parket er á gólfum. Björt stofa með útgengi á svalir til suðurs. Stór sameiginleg lóð með tyrfðri flöt, afgirt að hluta og á sumrin með sameiginlegum leiktækjum fyrir börn.
**Frábær staðsetning þaðan sem stutt er í leikskóla, barnaskóla, Háskóla Íslands o.fl.**

**Verð 40,9 millj.**

## 4RA HERBERGJA



### KLAPPARSTÍGUR. ÚTSÝNISÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM.

Vel skipulögð og björt 100,4 fm. íbúð á tveimur hæðum auk rislofts og sér bílastæðis í bílageymslu á einstökum útsýnisstað við Klapparstíg. Tvennar svalir svalir, til austurs og suðurs. Gólfsíðir gluggar í stofum. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl árum, m.a. allar innihurðir, baðherbergi og gólfefni að hluta.

**Sjávarútsýni úr stofum og af austursvölum.**

**Verð 55,0 millj.**

## 4RA HERBERGJA



### MIÐLEITI 5. ENDAÍBÚÐ - LAUS STRAX.

Vel skipulögð 121,8 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir á 2. hæð í fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara. Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Stórar svalir til vesturs eru yfirbyggðar að stórum hluta. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu og aðgengi er að sameiginlegum leikfimisal á 5. hæð. Húsvörður.

**Verð 52,9 millj.**

## 4RA HERBERGJA



### LUNDUR 25 – KÓPAVOGI.

Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 25 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 111,0 fm. upp í 179,2 fm. og verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í mars/apríl 2017.
**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**

## 3JA HERBERGJA



### LÓMASALIR - KÓPAVOGI.

Falleg og vel skipulögð 90,7 fm. íbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu. í lyftuhúsi í Salahverfi. Rúmgóð herbergi. Björt stofa með gluggum til norðvesturs. Opið eldhús með góðu skápaplássi. Sér bílastæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu í kjallara. Fallegt útsýni er úr stofu og verönd yfir hluta Kópavogs og út á sundin. Stutt er í Salaskóla, Salalaug og Íþróttafélagið Gerplu. Stór garður er við húsið og nokkur fjarlægð er í næsta hús.

**36,9 millj.**

## 3JA HERBERGJA



### SVARTHAMRAR 58. ENDAÍBÚÐ.

Góð 96,7 fm. endaíbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu með gluggum á þrjá vegu á 1. hæð með sérinngangi við Svarthamra í Grafarvogi. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, baðherbergi, gólfefni, hluta af skápum og innihurðar. Stór ca. 40 fm. afgirt viðarverönd til suðausturs með lýsingu er útaf stofu.

**35,9 millj.**

## 3JA HERBERGJA



### KLEPPSVEGUR. LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX.

Vel skipulögð 91,2 fm. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi sem hannað var af Einari Sveinssyni arkitekt. Góðar svalir til suðurs með miklu útsýni yfir Reykjavík og úr eldhúsi og svefnherbergi er útsýni til norðurs yfir sundin, að Esjunni og víðar. Tvö herbergi með stórum gluggum. Rúmgóð og björt stofa. Sér geymsla í kjallara.

**35,9 millj.**

## GLÆSILEGT LOFT / VINNUSTOFA



### FISKISLÓÐ. GLÆSILEGT LOFT /VINNUSTOFA - ENDABIL.

Glæsilegt 86,2 fm. vinnustofu / loft á 2. hæð auk um 20,5 fm. millilofts, sem ekki er getið hjá Fasteignaskrá Íslands, samtals er eignarhlutinn því um 106,7 fm. að stærð. Eignin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Öll gólf eru flotuð og lökkuð og gólfhitalagnir eru á aðalhæð. Mjög mikil lofthæð er í eignarhlutanum eða um 5,0 metrar og eru öll loft hvítmáluð. Gluggar eru í tvær áttir þar sem um endabil er að ræða. **Staðsetning er virkilega góð á einum eftirsóttasta stað borgarinnar þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár.**

**46,9 millj.**

## ORLOFSHÚS



### ORLOFSHÚS Í HLÍÐARFJALLI – AKUREYRI

Nýtt orlofshús á frábærum útsýnisstað í Hálöndum Akureyri. Húsið er á einni hæð 108,7 fm. að stærð, staðsteypt, einangrað að utan og klædd liggjandi báruklæðningu. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og er gistimöguleiki fyrir alls átta manns.Vandað parket er á öllum gólfum og vönduð tæki í baðherbergjum og eldhúsi. Frábær staðsetning í nágrenni við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sem getur í flestu árferði boðið upp á opnun 5-6 mánuði yfir vetrartímann. **Þetta er tilvalin eign fyrir starfsmannafélög eða tvær til þrjár fjölskyldur að fjárfesta í saman og eiga glæsilegt athvarf.**

**37,0 millj.**

## SUMARHÚS



### SUMARHÚS Á EIGNARLÓÐ, KIÐJABERG GRÍMSNESI

Vel staðsett sumarhús á 6.100,0 fm. eignarlóð. Eignin er með frábæru útsýni yfir golfvöllinn við Kiðjaberg og Hvítá. Góð aðkoma er að húsinu og rúmgott malarbílastæði á lóð. Verið er að leggja hitaveitu á svæðinu. Húsið er skráð 89,9 fm. Auk þess fylgir geymsluskúr og lítill kofi á lóð. Húsið var byggt árið 1998 og viðbygging árið 2012 - 2013. Stór viðarverönd er umhverfis húsið með grindverki. Lóðin er falleg og með fjölbreyttum gróðri. Gufubað er frístandandi húsi á yfirbyggðri verönd.

**36,9 millj.**


OPIÐ HÚS
Þriggja hæða steinhús
með ríkulega sögu
Glæsileg eign á góðum stað í hjarta borgarinnar. Gróinn garður sem vísar til suðurs og litlar svalir á norðurhlið hússins. Stutt í alla verslun og þjónustu. Stæði í upphituðum bílakjallara fylgir.
LAUS STRAX
Tilvalin eign í túristaleigu
Gildir 2016
Löggiltur fasteignasali
Erla Traustadóttir
FÉLAG FASTEIGNASALA
Ekki kaupa hvað sem er
af hverjum sem er.
Spurðu um skilríki.
FÉLAG FASTEIGNASALA

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* 1957

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2013 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri · Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s. · Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali · G. Andri Guðlaugsson lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Gunnar Jóhann Gunnarsson hdl., löggiltur fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## FLÓKAGATA 6, 220 HAFNARFJÖRÐUR






Tvær nýstandsettar íbúðir með séringöngum. Annars vegar glæsileg efri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt rúmgóðum bílskúr og hins vegar stúdíóíbúð á jarðhæð (ekki niðurgrafin). Íbúðirnar hafa bæði verið endurnýjaðar frá grunni og innra skipulagi þeirra breytt á nútímalegan og stórglæsilegan hátt. Stærð samtals 186,1 fm. **Opið hús fimmtud. 5. jan. milli kl 17:00 og 17:30. Nánari upplýsingar veitir Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705 eða á andri@eignamidlun.is og Reynir Björnsson lögg. fasteignasali í síma 895-8321 eða á reynir@eignamidlun.is V. 62 m.**

## LUNDUR 86, 200 KÓPAVOGUR





Mjög glæsileg og vönduð 4ra herbergja ca 160 fm íbúð á 6. hæð (efstu) við Lund nr. 86 í Kópavogi. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni, stæði í bílageymslu og 27 fm svalir með opnanlegum svalalokunum að hluta. Vandaðar innréttingar frá Brúnás, þrjú svefnherbergi og glæsileg stofa með fallegri borgar og sjávarsýn. Íbúðin snýr til suðurs, vesturs og norðurs og er laus til afhendingar. **Nánari upplýsingar veitir Reynir Björnsson löggiltur fasteignasali og hagfræðingur í síma 895-8321 eða tölvupósti reynir@eignamidlun.is. V. 85,9 m.**

## LAUFÁSVEGUR 6, 101 REYKJAVÍK




Mjög falleg 44,3 fm íbúð með sér inngangi frá garði í litlu fjölbýlishúsi við Laufásveg í Þingholtunum. Íbúðin skiptist m.a. í stofu/eldhús, svefnkrók og baðherbergi/þvottahús. Mjög falleg íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Glæsilegt útsýni yfir Tjörnina og Iðnó frá verönd við inngang í íbúð. **Opið hús þriðjudaginn 3. jan. milli 17:00 og 17:30. V. 29,5 m**

## HÓLMGARÐUR 50, 108 REYKJAVÍK



Frábærlega staðsett 96,5 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð (efsta) í fjölbýli við Hólmgarð í Reykjavík. Stofa og þrjú herbergi. Íbúðin er með fallegu útsýni og gluggum til austurs, suðurs og vesturs. Suðursvalir út frá stofu og hjónaherbergi. Húsið var teiknað af Kjartani Sveinssyni árið 1978. **V. 41,9 m.**

## GULLSMÁRI 5, 201 KÓPAVOGUR



Falleg 80,9 fm þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í fallegri lyftublokk í Smáranum. Lokaður sólpallur. Mjög stutt er í alla þjónustu s.s. þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara, Smáralindina og fl. **V. 36,9 m.**

## LAUGAVEGUR 63, 101 REYKJAVÍK




Einstaklega vel staðsett 51,0 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi við Laugaveg 63. Stórar svalir út af stofu. Íbúðin var endurnýjuð nánast frá grunni 2001 m.a. eldhús, bað, gólfefni, innréttingar, skápar, lagnir og fleira. Góð lofthæð í íbúðinni. Laus fljótlega. **Opið hús fimmtudaginn 5. jan. milli kl 17:30 og 18:00. Nánari upplýsingar veitir Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705 eða á andri@eignamidlun.is V. 34,9 m.**

## GRANDAVEGUR 11, 107 REYKJAVÍK



Björt og falleg 88,6 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Grandaveg í Vesturbæ Reykjavíkur auk 22,8 fm bílskúrs, samtals 111,4 fm. Þvottahús er innan íbúðar. Suðvestursvalir. Frábært staðsetning í vesturbænum. **V. 43,9 m.**

## SÓLHEIMAR 44, 104 REYKJAVÍK



137,9 fm neðri sérhæð í 4ra íbúða húsi á frábærum stað í austurborginni ásamt 25,0 fm bílskúr. Mikið endurnýjuð íbúð m.a. eldhús, baðherbergi, gólfefni og fl. Eftir er að skipta um innihurðir. Mjög gott skipulag. Góðar svalir og ræktaður garður. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. **Uppl. gefa Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignas.í s. 899-1882 eða thorarinn@eignamidlun.is eða Brynjar Þór Sumarliðason, s.896-1168 - brynjar@eignamidlun.is. / BSc viðskiptafræði og nemi til löggildingar fasteignasala. V. 55,5 m.**

## MÁNATÚN 13, 105 REYKJAVÍK



Aðeins 3 íbúðir eftir í þessu glæsilega húsi. Falleg 3ja herbergja 120,5 fm hornibúð á 1. hæð við Mánatún 13 í Reykjavík. Eitt stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.**Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar og afhendast fullbúnar án megin gólfefna. Nánari upplýsinga veita: Brynjar Þór Sumarliðason, s.896-1168 - brynjar@eignamidlun.is. / BSc viðskiptafræði og nemi til löggildingar fasteignasala. Reynir Björnsson lögg. fasteignasali 895-8321 – reynir@eignamidlun.is, V. 52,5 m.**

## HOLTSVEGUR 39, 0303, 210 GARÐABÆR



Íbúð 03.03 er 111,4 fm þriggja til fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð. Sýnum samdægurs. Urriðaholt er nýtt hverfi sem rís í Garðabæ. Í skjólsælum suðurhlíðum nýtur íbúðabyggðin útsýnis yfir Urriðavatn, skólar og önnur samfélagsþjónusta verður á holtinu. **Uppl gefa: Brynjar Þór Sumarliðason, s.896-1168 - brynjar@eignamidlun.is. / BSc viðskiptafræði og nemi til löggildingar fasteignasala. Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur fasteignasali - hilmar@eignamidlun.is V. 47,9 m.**

## GRENSÁSVEGUR 11, 108 REYKJAVÍK



Til leigu gott 705 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Grensásveg 11. Tveir inngangar eru í húsnæðið og er það laust til afhendingar nú þegar. Dúkur á gólfum og kerfisloft með góðri lýsingu. Húsnæðinu fylgja 8 merkt stæði í lokuðum bílakjallara. **Nánari upplýsingar veitir Reynir Björnsson löggiltur fasteignasali og hagfræðingur í síma 895-8321 eða tölvupósti reynir@eignamidlun.is. V. 0 m.**

## SKÚLAGATA 20, 101 REYKJAVÍK



Falleg og vel umgengin 2ja herbergja íbúð á 6. hæð í góðu lyftuhúsi við Skúlagötu 20 í Reykjavík. Góðar suður svalir og fallegt útsýni. Íbúðina má aðeins selja félagsmönnum í Félagi eldri borgara, og sem eru eldri en 60 ára. Í húsinu við hliðina rekur Reykjavíkurborg Þjónustu fyrir eldri borgara. **Utan opnunartíma gefur Reynir Björnsson hagfræðingur og löggiltur fasteignasali 895-8321 eða reynir@eignamidlun.is. V. 35 m.**

## GRANDAVEGUR 47, 107 REYKJAVÍK



Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi við Grandaveg 47 í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin er skráð samtals 108,6 fm, þar af íbúðarrými 85,5 fm og stæði í bílageymslu 23,1 fm. Stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni m.a. sjávar og fjallasýn. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri. **Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali s: 861 8511 , magnea@eignamidlun.is. V. 44,5 m.**

## LINDARGATA 28, 101 REYKJAVÍK



Ný fullbúin 85,1 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skilast fullbúin með hágæða innréttingum frá GKS, flísar og harðparket á gólfi. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í eldhúsi.**Upplýsingar gefur Guðlaugur Ingi Guðlaugsson lögg.fasteignasali í síma 864-5464 eða gudlaugur@eignamidlun.is. V. 49,7 m.**

# FOLD FASTEIGNASALA

*Laugavegur 170 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
**Gústaf A. Björnsson**
lögg. fast.
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr.

## Laugavegur 170, til leigu. verslunarhúsnæði
### Á JARÐHÆÐ OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á 2. HÆÐ




Laugavegur 170-172 ( Hekluhúsið eldra). ca. 430 fm. verslunarhúsnæði á jarðhæð með fjölbreytta nýtingarmöguleika og ca. 440 fm. skrifstofuhúsnæði á 2.hæð. Getur leigst saman eða sitt í hvoru lagi. Lyfta er í húsinu og vandað gott stigahús. Húsnæði á frábærum stað við miðborgina. **Hafið samband við starfsmenn Foldar í síma: 552-1400/694-1401/895-7205 varðandi nánari upplýsingar og skoðun.**

## Drafnarstígur,
### 4RA HERB




Drafnarstígur 2a: Ca 101 fm. vel skipulögð íbúð (301) í góðu fjölbýli á frábærum, rólegum stað í vesturborginni. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og tveimur stofum, en auðvelt að nýta sem þrjú svefnherbergi og stofu. Suðaustursvalir. Þak, rennnur, svalir og svalahandrið eru endurnýjuð og rafmagnstafla er ný. **Verð 44,9 millj.**

## Búðagerði,
### SÉRHÆÐ MEÐ SUÐURSVÖLUM




85 fm. mikið endurnýjuð falleg 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Þrjú svefnherbergi. Suðursvalir. Rúmgóð stofa. Björt og falleg eign með sérinngangi á frábærum stað. Skipti möguleg á einbýlishúsi.
Bókið skoðun.
**Verð 39,9 millj.**

## Hringbraut, 101 Rvk.,
### 2JA-3JA HERBERGJA ÍBÚÐ



Rúmlega 72 fm. ágæt íbúð á 1. hæð í fjölbýli á frábærum stað í námunda við Háskóla Íslands og miðborgina. Í risi fylgir herbergi með aðgang að snyrtingu. Nýleg ástandsskýrsla um ytra byrði hússins liggur fyrir. Íbúðin er laus við kaupsamning.
Bókið skoðun.
**Verð 29,9 millj.**

## Laugavegur,
### MJÖG GÓÐ ÍBÚÐ/SKRIFSTOFA TIL LEIGU




Mjög gott ca. 74 fm húsnæði á 3ju hæð til leigu. Komið inn í opið rými með dúk á gólfi. Í húsnæðinu er eldhús með ágætri innréttingu, baðherbergi m/ sturtuaðstöðu og herbergi með dúk. Nýtist sem íbúðar- eða skrifstofuhúsnæði.
**Leiguverð kr. 180.000 á mánuði.**
**Laust til afhendingar.**

## Búðardalur:
### EINBÝLI Á BESTA STAÐ VIÐ SJÓINN



Gott 157,2 fm steinhús ásamt 30,2 fm bílskúr á frábærum stað með óheftu sjávarútsýni í Búðardal, samtals 187,4 fm. Fimm svefnherbergi, ágæt suðurverönd og garður. Eldhúsinnrétting og baðherbergi er endurnýjað og þak nýlegt að sögn seljanda. Skipti möguleg á eign í Borgarnesi.
**Verð 24,9 millj.**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**GLEÐILEGT NÝTT ÁR!**

---

# HÖFÐI FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 52**
**108 Reykjavík**
**Sími 533 6050**
**Faxnr. 533 6055**
**www.hofdi.is**



**Runólfur Gunnlaugsson**
lögg. fast.



**Ásmundur Skeggjason**
lögg. fast.



**Brynjar Baldursson**
sölufulltrúi



**Jóhann Friðgeir Valdimarsson**
sölufulltrúi



**Kristinn Tómasson**
lögg. fast.

**Góð eign gulli betri**

*Óskum viðskiptavinum okkar*
*og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs.*
*Þökkum viðskiptin á liðnu ári*

---





*Við óskum viðskiptavinum okkar*
*sem og landsmönnum öllum*
*gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*
*Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*



**ÁS FASTEIGNASALA**

**www.as.is**
**as@as.is**

Frum www.frum.is

**Fjarðargötu 17 • 220 Hafnarfirði • Sími 520 2600 • Fax 520 2601**

---

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*

**EIGNAMIÐLUN** Sala fasteigna frá **1957**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

*Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýjur ári*

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is Sími: 520 9595

kraftur • traust • árangur


Sigurður
Fasteignasali
898 6106


Hafdís
Sölustjóri
820 2222


Árni Ólafur
Fasteignasali
893 4416


Dórothea
Fasteignasali
898 3326


Þorsteinn
Fasteignasali
694 4700


Jóhanna Kristín
Fasteignasali
698 7695


Bjarni
Sölufulltrúi
895 9120


Berglind
Fasteignasali
694 4000


Óskar
Sölufulltrúi
893 2499


Þóra
Fasteignasali
822 2225


Þorgeir
Fasteignasali
696 6580


Sigríður
Fasteignasali
699 4610


Garðar
Fasteignasali
899 8811


Halla
Fasteignasali
659 4044

## Lindargata 28 (íbúð 201) 101 Reykjavík 49.700.000



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi: 3 Stærð: 85,1 m²**

Frábært tækifæri til að eignast nýja íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Aðeins ein íbúð eftir í húsinu. Glæsileg fullbúin íbúð með gólfefnum, ísskáp, uppþvottavél og hágæða innréttingum frá GKS. Suðursvalir og fallegt lyftuhús. Hagnýtt skipulag og nútímaleg hönnun. Stutt í alla þjónustu. Eignin er laus við kaupsamning. Sjón er sögu ríkari!

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Andarhvarf 5 231 Kópavogi 97.000.000



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi: 8 Stærð: 330,1 m²**

Glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr og tveggja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Eignin er skráð 330,1 fm. þar af er bílskúr 45,6 fm og aukaíbúðin ca 35-40. Stórkostlegt útsýni er yfir Elliðavatn, mikil lofthæð og innbyggð lýsing er í loftum. Tveir fallegir arnar eru í húsinu og sérsmíðaðar innréttingar teiknaðar af Guðrúnu Atladóttur innanhúsarkitekt. Parket og flísar eru á gólfum og hnotuviður er í innréttingum og hurðum.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Urðarbrunnur 60 113 Reykjavík 96.000.000



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi: 6 Stærð: 291,3 m²**

Einkar glæsilegt einbýlishús á góðum útsýnisstað í Úlfarsárdal. Um er að ræða einstakt fjölskylduhús, fullbúið að innan sem utan og smekklegt í frágangi og efnisvali. Skiptist eignin í forstofu, stórt aðalrými, eldhús, borðstofu og stofu, gott sjónvarpsrými á annari hæð, 4 svefnherbergi, 3 baðherbergi og bílskúr. Örstutt á Úlfarsfell og í óspillta náttúru í kring. Í dalbotninum er íþróttasvæði Fram og þar er verið að reisa nýjan skóla og sundlaug. Hér er á ferðinni eign fyrir vandláta.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Reykjavíkurvegur 66 220 Hafnarfirði 34.900.000




**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi: 4 Stærð: 118,5 m²**

**GÓÐUR LEIGUSAMNINGUR MEÐ TRAUSTUM LEIGUTAKA FYLGIR, GOTT FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI.** Um er að ræða mjög gott verslunarhúsnæði á frábærum stað í Hafnarfirði. Eignin er á jarðhæð með góðu aðgengi beint af bílastæði. Mikið er af bílstæðum beint fyrir framan eignina.
**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Nýhöfn 3 210 Garðabæ 62.900.000



**BÓKAÐU SKOÐUN**

**Stærð: 161,0 m²**

Glæsileg 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr á 1.hæð með einstöku sjávarútsýni. Húsið er 3ja hæða lyftuhús með innangengt úr bílskúr í sameign. Íbúðin er vel búin vönduðum eikarinnréttingum og með stórar þaksvalir yfir bílskúr. Glæsieign á vinsælum útsýnisstað í Sjálandinu.
**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Víðimelur 48 107 Reykjavík 40.600.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 3. jan. kl.17:30-18:00**

**Stærð: 84,7 m²**

Falleg og vel skipulögð 3ja herb. hæð í þríbýlishúsi á eftirsóttum stað í vesturbænum. Eignin skiptist í forstofuhol, eldhús, 2 svefnherbergi og stofu, annað herbergið var áður hluti af stofu og einfalt að breyta því aftur. S-svalir og gróinn garður. Þvottahús og geymsla í sameign.
**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## GARÐATORG 2a og 2b
210 Garðabæ

**BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 520-9595**

SÉRLEGA GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR MEÐ MIKLU ÚTSÝNI!






Garðatorg 2b

| | |
|---|---|
| Íbúð: | 0505 |
| Stærð: | 143,1 m2 |
| Herbergi: | 3ja-4ra |
| Bílastæði: | Já |
| Svalir: | 8 m2 |
| Bað: | 2 |
| **Verð:** | **74.800.000 kr.** |

**1 ÓSELD ÍBÚÐ Í GARÐATORGI 2A.**
**10 ÓSELDAR Í GARÐATORGI 2B.**

Fasteignasalan TORG og ÞG Verk kynna: Nýjar íbúðir í nýju og glæsilegu fjölbýlishúsi í miðbæ Garðabæjar. Um er að ræða tvo turna. Annar er 6 hæða, Garðatorg 2a og hinn 8 hæða, Garðatorg 2b. Aðeins ein íbúð eftir í 6 hæða turni, merkt íb601. En 10 íbúðir eftir af 21 íbúð í 8 hæða turni, Garðatorgi 2b.

Nánar um 2b: Efnisval allt hið vandaðasta, innréttingar frá Trésmiðju GKS. Aukin lofthæð, mikið útsýni út yfir Arnarnesvog og Álftanes. Allar íbúðir með tvö baðherbergi, ásamt sér þvottaherbergi. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílakjallara, góð geymsla í sameign, myndadyrasími o.fl. **Afhending á íbúðum, við undirritun kaupsamings.**

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR, SKILALÝSING, GRUNNTEIKNINGAR OG BÓKUN Á SKOÐUN HJÁ SÖLUDEILD FASTEIGNASÖLUNNAR TORG Í SÍMA 520-9595**



## Víðimelur 59 107 Reykjavík 56.900.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 3. jan. kl. 17.30-18.00**

**Víðimelur 59 Stærð: 100,5 m²**

Falleg og björt íbúð með fjórum svefnherbergjum og tvennum svölum. Íbúðin er á annari hæð og í risi, með góðri nýtingu á plássi undir súð á rishæð. Á neðri hæðinni eru eldhús, borðstofa, stofa og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á litlar svalir. Fallegt ljóst parket er á gólfum. Heildargólfflatarmál ca 150 fm.
**Upplýsingar veitir Óskar sölufulltrúi í gsm: 893 2499**

## Nönnugata 16 101 Reykjavík 23.500.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 3. jan. kl.12:00-12:30**

**Herbergi: 1 Stærð: 41 m²**

Falleg og björt eins-herbergja ósamþykkt íbúð með sér eldhúsi. Íbúðin er í kjallara með sérinngang. Skiptist í litla forstofu, stórt herbergi, baðherbergi með sturtu og rúmgóðu eldhúsi í sér herbergi. Eignin var nýlega mikið endurnýjuð ss. raflagnir og rafmagnstöflu, ofna og ofnalagnir. Útveggir einangraðir. Einnig voru gluggar og hurðir endurnýjaðar. **Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**


NÝJA-LAUGARDALSHÖLLIN 31. JÚLÍ
RED HOT
CHILI
PEPPERS
pepsi
MAX
MIÐASALA Á MIÐI.IS · WWW.SENA.IS/RHCP
sena
LIVE!


30-80% afsláttur
af öllum útsöluvörum í versluninni!
Opið til kl 21.00
ÚTSALAN HEFST Í DAG!
30-80% afsláttur af öllum útsöluvörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 8.990 NÚ 4.990 st. 42-56
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 8.990 NÚ 2.990 st. 42-56
BLÚSSA ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. 42-56
PEYSA ÁÐUR 10.990 NÚ 5.990 st. 42-56
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. 42-56
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# BANGSARNIR SOFA Í MANDARÍNUKASSA

Fjóla Borg Svavarsdóttir, grunnskólakennari í Háaleitisskóla, lætur nemendur sína endurnýta mandarínukassa á skemmtilegan máta. Kassarnir séu kjörinn efniviður fyrir krakka að föndra úr.



Vel fer um bangsana í mandarínukössunum.




**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is




Fjóla Borg Svavarsdóttir ásamt nemendum sínum í 4. bekk í Háaleitisskóla. Krakkarnir sauma bangsa og útbúa rúm handa þeim úr mandarínukössum. MYND/ANTON BRINK

„Foreldrarnir eru himinlifandi að losna við kassana en það eru auðvitað allir í vandræðum með þetta yfir hátíðarnar. Núna er ég að drukkna í kössum,“ segir Fjóla Borg Svavarsdóttir, grunnskólakennari í Háaleitisskóla, en hún lætur nemendur sína endurnýta mandarínukassa í textílmennt.

„Nemendur í fjórða bekk eru látnir sauma bangsa í textílmennt og útbúa rúm handa bangsanum úr mandarínukassa. Þau mála kassann og setja teppi í botninn og ef tími vinnst til gera þau litla kodda og sængur og stimpla munstur á það. Þau læra ýmislegt og í þessu eina verkefni náum við að leggja inn heilmikla færni. Það er gaman að fylgjast með þeim með kassana, þau gefa böngsunum nafn og stafla upp kössum og gera kojur og leika sér með afraksturinn.“

Háaleitisskóli er grænfánaskóli og læra nemendur þar því um endurvinnslu og sjálfbærni. Mandarínukassar voru endurnýttir á fyrri vinnustað Fjólu, Rimaskóla, og hún segir þá kjörinn efnivið fyrir krakka að vinna úr.

„Margir hafa verið að líma saman kassa og gera Barbíhús, eða snúið þeim á hvolf og nota þá sem hús og keyra dótabílana sína á milli. Það kemur alltaf eitthvað sniðugt út úr því ef krakkar fá svona efnivið í hendurnar. Það má saga út glugga og hurðir eða saga út jólaskraut og mála. Það getur einmitt verið skemmtilegt að nota efni sem má gera hvað sem er við án þess að hafa áhyggjur af því að efnið skemmist. Þannig fær sköpunargleðin lausan tauminn,“ segir Fjóla.

„Svo veit ég til þess að margir nýta mandarínukassa sem gróðurkassa og sem geymslukassa undir smáhluti í bílskúrnum. Það safnast auðvitað upp hjá mér kassar í skólanum en ég reyni að nota þá undir smádót, efni og afganga í hillum í kennslustofunni. Eins ef ég þarf að senda eitthvert efni til annarra kennara hér í húsinu vegna verkefna þá safna ég því saman í kassa og sendi yfir. Þannig nýtast þeir ágætlega,“ segir Fjóla.

> Svo veit ég til þess að margir nýta mandarínukassa sem gróðurkassa og sem geymslukassa undir smáhluti í bílskúrnum.
>
> Fjóla Borg Svavarsdóttir



„Þau mála kassann og setja teppi í botninn og ef tími vinnst til gera þau litla kodda og sængur og stimpla munstur á það. Þau læra ýmislegt og í þessu eina verkefni náum við að leggja inn heilmikla færni.“




## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**




### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árósspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Óskum eftir vönum kranamönnum mikil vinna í boði. uppl.s: 8952220






Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Veltusund 3B

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. desember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur í porti á 1., 2. og 3. hæð auk kjallara. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Langholtsvegur 113

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. desember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Langholtsvegar/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að stækka húsið og heimila rekstur gististaðar og veitingastaðar í flokki II í húsinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Spítalastígur 8

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. desember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.1 vegna lóðar nr. 8 við Spítalastíg. Í breytingunni felst að stækka 2. hæð hússins að gafli Spítalastígs 10, hækka framhús um eina hæð þannig að framhús verði 3. hæðir, hækka bakbygginguna að gafli Bergstaðastrætis 17B um eina hæð þannig að bakbygging verði 2. hæðir og nota hluta þaks bakbyggingar sem flóttaleið og til útivistar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hverfisgata 85-91 og 93, Barónsreitur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. desember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. desember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 85-91 og 93 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst sameining lóðanna og að flytja íbúðarheimildir þriggja íbúða af Skúlagötu 30 yfir á Hverfisgötu 95-91. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 2. janúar 2017 til og með 13. febrúar 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 13. febrúar 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 2. janúar 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# „Æðisleg tilfinning að taka í gikkinn og sjá dýrið falla“ (drepa það)



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálarýnir

Þann 19. september sl. birti Fréttablaðið fjögurra dálka frétt um fimm ungar konur, sem voru á leið til Eistlands til að drepa þar elgi sér til skemmtunar. Konurnar voru með bros á vör, í her- eða veiðimannabúningum og báru allar haglabyssur. Framsetning málsins var á þá vegu að ætla mátti að um gott og skemmtilegt framtak þessara fimm glaðbeittu kvenna væri að ræða. Mynd var dregin upp af dugmiklum og framsæknum merkiskonum í fréttinni.

Í grein, sem ég skrifaði í blaðið 24. nóvember sl., lýsti ég þeirri skoðun minni að þeir, sem liggja í því að elta og ofsækja, meiða og limlesta, og svo drepa saklaus og varnarlaus dýr að óþörfu og að gamni sínu, séu ekki hetjur heldur miklu fremur heiglar og dýraníðingar. Auðvitað gerðu menn ekkert með þetta.

**Og Hringbraut bætti um betur**
Það sem ég hef séð til Hringbrautar hefur mér flest hvað fundist gott og áhugavert, og Sigmundur Ernir er einn viðkunnanlegasti, frumlegasti og merkilegasti fréttamaður landsins.

Það var því mikið áfall að sjá, hvernig stöðin – reyndar ekki undir stjórn Sigmundar Ernis, heldur starfssystur hans – fjallaði um þetta elgjadráp í 15-20 mínútna sjónvarpssendingu þann 9. desember sl. Fréttakonan spurði leiðandi spurninga til að fá fram jákvæðar og skemmtilegar hliðar á þessu tilfinningalausa og tilgangslausa drápi saklausra dýra, sem áttu sér einskis ills von og höfðu ekkert til saka unnið.

**„200 metra færi fínt“**
Fréttakona spurði úr hvaða færi og hvernig bezt væri að drepa dýrin og fékk þau svör, að þegar færið væri orðið ca. 200 m væri fínt að skjóta á dýrið. Hvar ætti að hitta? Bezt væri að skjóta á lungnasvæðið. Og drepast dýrin strax? „Já, ef við hittum.“ Ekki var spurt hvað gerðist, ef ekki væri hitt í lungnasvæðið á dýrunum.

Þess má geta hér að 200 m eru u.þ.b. sama fjarlægð og lengd tveggja fótaboltavalla til samans og lungnasvæðið er varla miklu meira en stór bolti að stærð. Getur hver metið fyrir sig hverjar líkur eru á að konurnar geti drepið elg í fyrsta skoti, með þungum og kraftmiklum rifflum við þessi skilyrði.

Varðandi eftirleikinn, ef ekki er drepið með fyrsta skoti, get ég nefnt að eftir því sem ég þekki aðferðir elgjaveiðimanna, þá er ekki leitað að særðu dýri fyrr en í lok veiðidagsins, og það þá drepið, ef það finnst. Finnist það ekki, verður dýrið meitt og kvalið að bíða þess að dauðinn taki það, kannski stundir, daga og jafnvel vikur.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta var spurt. „Æðisleg tilfinning að taka í gikkinn og sjá dýrið falla,“ (drepa það), var svarið.

**„Elgskjöt í öll mál“**
Margir veiðimenn réttlæta dýradráp sitt með því að þeir séu að veiða í matinn. Auðvitað er það punktur, jafnvel þó að brýn þörf sé oft ekki til staðar. Ekki var því fyrir að fara hjá „veiðikonunum 5“. Eins og þær vissu fyrirfram gátu þær ekki komið með vöðvana eða kjötið af elgunum sem þær drápu heim, og nýtt sér það til matar. Innflutningur á nýju kjöti erlendis frá er óheimill. Þegar fréttakona þó spurði út í þetta, var svarið, að „veiðikonurnar 5“ hefðu étið elgskjöt í öll mál þá þrjá daga sem drápsferðin stóð.

Hér má nefna, að meðalelgur er um hálft tonn. Nokkrir elgir 1-2 tonn eða meira. Ekki var farið nánar út í það.

Augljóst var því að drápsferðin var farin í því skyni einu að elta og ofsækja, meiða og limlesta, og loks drepa varnarlaus og saklaus dýrin. Mér dettur ekkert annað í hug en orðin „blóðþorsti“ eða “drápsfýsn“ yfir þetta athæfi. Dæmi hver fyrir sig.

**Maðurinn er eina dýrið, sem drepur sér til skemmtunar**
Í grundvallaratriðum drepa dýr önnur dýr sér aðeins til matar og lífsviðurværis. Sköpunarverkið er byggt á þann veg. Líf og afkoma margra dýra byggist á slíkri lífskeðju náttúrunnar. Við slíku er vitaskuld ekkert að segja.

Maðurinn er hér þó undanskilinn. Hann er eina dýrið, sem drepur önnur dýr og lífverur að gamni sínu; Sér til fróunar, gleði og skemmtunar. Það mætti kalla þetta „lostadráp“. Ég vona, að allir góðir og heilbrigðir menn, sem ekki hafa skilning fyrir þessu athæfi, vinni með öllum árum gegn og rísi upp gegn slíku þarflausu dýraníði og dýradrápi. Það á að hlúa að, virða og verja allt líf; Sköpunarverkið í heild sinni.

Að lokum vil ég minna á orð meistarans mikla, Laotse: „ Við berum ekki aðeins ábyrgð á því, sem við gerum, heldur líka á því, sem við gerum ekki.“

Það er mál til komið að hljóðlátir og hófsamir íslenzkir dýra- og náttúruvinir sameinist og gerist virkir og framsæknir; Tali fyrir dýrin; Þau geta það ekki sjálf!

nicorette®
áskorun
1 vika
reyklaus!

Getur þú verið
reyklaus í eina viku?

Margir sem hafa reynt að hætta að reykja þekkja hve erfið fyrsta vikan getur verið. Nicorette nikótínlyf auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum.

- Hugsaðu um heilsuna og skoraðu á sjálfan þig.
- Prófaðu að hætta í eina viku og sjáðu hvernig þér líður.
- Meðferðarlengd með Nicorette nikótínlyfjum er einstaklingsbundin. Ef þér finnst þú áfram þurfa stuðning nikótínlyfja getur Nicorette stutt þig áfram í átt að reykleysi.



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette® nicotin ™

**Nicorette® nikótínlyf** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Lyfjatyggigúmmí skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munninum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnstykkið. Nefúða er úðað í hvora nösina. Forðaplástur er settur á húð. Munnsogstöflur eru látnar leysast upp í munni. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholsúða skal úða í munn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogs-töflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-A/K-2016-12-1

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT



Georginio Wijnaldum tryggði Liverpool öll þrjú stigin í stórleiknum gegn Man. City. Hér fagnar Hollendingurinnn marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Söguleg stigasöfnun Liverpool

**Liverpool bar sigurorð af Man. City í síðasta leik ársins. Rauði herinn hefur aldrei verið með jafn mörg stig á þessum tímapunkti síðan enska úrvalsdeildin var sett á stofn. Liverpool er samt sex stigum á eftir Chelsea.**

**FÓTBOLTI** Það var ekki boðið upp á neinar áramótabombur í stórleiknum á Anfield í fyrradag. Georginio Wijnaldum kom Liverpool yfir með frábærum skalla á 8. mínútu og þar við sat. City-liðið var flatt og ógnaði sjaldan. Til marks um það snerti Sergio Agüero, aðalframherji liðsins, boltann aldrei inni í vítateig Liverpool í leiknum.

Þetta var fjórði sigur Liverpool í röð en breytingarnar sem Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri liðsins, gerði í kjölfar tapsins fyrir Bournemouth og jafnteflisins við West Ham United hafa svínvirkað. Simon Mignolet kom í markið í stað Loris Karius og Ragnar Klavan inn í hjarta varnarinnar við hlið Dejans Lovren. Og með þessari blöndu hefur Liverpool haldið hreinu í þremur af síðustu fjórum leikjum sínum.

Þegar keppni í ensku úrvalsdeildinni er hálfnuð er Liverpool í 2. sæti með 43 stig. Þetta er mesti stigafjöldi sem liðið hefur náð í eftir 19 umferðir frá því enska úrvalsdeildin var sett á laggirnar tímabilið 1992-93. Áður hafði Liverpool mest náð í 42 stig tímabilið 2008-09. Það tímabil átti Rauði herinn möguleika á að vinna Englandsmeistaratitilinn allt fram í næstsíðustu umferð. Tímabilið 2013-14, þegar Liverpool kastaði titlinum frá sér, var liðið í 5. sæti með 36 stig eftir 19 umferðir.

Stigasöfnunin hjá Liverpool það sem af er tímabili er í fínasta lagi. Vandamálið er að strákarnir hans Antonios Conte í Chelsea eru á ótrúlegu skriði. Þeir unnu Stoke City 4-2 á gamlársdag en þetta var þrettándi sigur liðsins í ensku úrvalsdeildinni í röð. Chelsea jafnaði þar með 14 ára gamalt met Arsenal yfir flesta sigurleiki í röð.

Sex stig skilja Chelsea og Liverpool að þegar tímabilið er hálfnað. Slík forysta er fljót að fara þótt í augnablikinu sé erfitt að sjá Chelsea tapa mörgum stigum. Lærisveinar Contes eiga reyndar nokkuð erfiða dagskrá fram undan; í næstu fimm leikjum liðsins í ensku úrvalsdeildinni mætir það Tottenham, Liverpool og Arsenal. Stuðningsmenn Chelsea og Liverpool eru væntanlega búnir að merkja við 31. janúar á dagatalinu en þá mætast liðin á Anfield.

Sunnudaginn 15. janúar sækir Liverpool Manchester United heim en annars mætir Rauði herinn þremur neðstu liðum deildarinnar – Sunderland, Swansea City og Hull City – í næstu fimm umferðum. Liverpool þarf að klára þessa skyldusigra, klára sín mál, og vera svo tilbúið að grípa gæsina ef Chelsea misstígur sig. **ingvithor@365.is**

## Stóru málin

**eftir helgina í enska**

**Stærstu úrslitin**
Sigur Liverpool á Man. City í síðasta leik ársins. Sigurinn var verðskuldaður og nauðsynlegur fyrir Liverpool til að halda í við topplið Chelsea sem er á miklu flugi. Liverpool hefur nú unnið fjóra leiki í röð og haldið hreinu í þremur þeirra. Strákarnir hans Jürgens Klopp eru til alls líklegir á árinu 2017.

**Hvað kom á óvart?**
Stoke City mætti á Stamford Bridge og tókst að jafna í tvígang. Chelsea fékk jafn mörg mörk á sig í leiknum á gamlársdag og í 12 deildarleikjum þar á undan. Það breytti reyndar engu þar sem Chelsea skoraði fjórum sinnum og vann sinn þrettánda sigur í röð.

**Mestu vonbrigðin**
Frammistaða Man. City í stórleiknum gegn Liverpool olli miklum vonbrigðum. City lenti snemma undir og liðið var ekki líklegt til að jafna metin. City átti t.a.m. aðeins tvö skot á mark Liverpool í öllum leiknum. Sergio Agüero sneri aftur eftir fjögurra leikja bann en fann sig engan veginn. Lærisveinar Peps Guardiola eru komnir niður í 5. sæti deildarinnar.




Jólaplattinn í hádeginu og um helgar 3.200 kr

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit**

**Chelsea - Stoke 4-2**
1-0 Gary Cahill (34.), 1-1 Bruno Martins Indi (46.), 2-1 Willian (57.), 2-2 Peter Crouch (64.), 3-2 Willian (65.), 4-2 Diego Costa (85.).

**Man. Utd - M'Brough 2-1**
0-1 Grant Leadbitter (67.), 1-1 Anthony Martial (85.), 2-1 Paul Pogba (86.).

**Swansea - Bournemouth 0-3**
0-1 Benik Afobe (25.), 0-2 Ryan Fraser (45+1.), 0-3 Joshua King (88.).

**Burnley - Sunderland 4-1**
1-0 Andre Gray (31.), 2-0 Gray (51.), 3-0 Gray (53.), 4-0 Ashley Barnes, víti (67.), 4-1 Jermain Defoe (71.).

**Leicester - West Ham 1-0**
1-0 Islam Slimani (20.).

**Southampt. - WBA 1-2**
1-0 Shane Long (41.), 1-1 Matt Philips (43.), 1-2 Hal Robson-Kanu (50.).
**Rautt spjald:** Virgil van Dijk, Southampton (89.).

**Liverpool - Man. City 1-0**
1-0 Georginio Wijnaldum (8.).

**Watford - Tottenham 1-4**
0-1 Harry Kane (27.), 0-2 Kane (33.), 0-3 Dele Alli (41.), 0-4 Alli (46.), 1-4 Younes Kaboul (90+1.).

**Arsenal - C. Palace 2-0**
1-0 Olivier Giroud (17.), 2-0 Alex Iwobi (56.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 19 | 16 | 1 | 2 | 42-13 | 49 |
| Liverpool | 19 | 13 | 4 | 2 | 46-21 | 43 |
| Arsenal | 19 | 12 | 4 | 3 | 41-19 | 40 |
| Tottenham | 19 | 11 | 6 | 2 | 37-14 | 39 |
| Man. City | 19 | 12 | 3 | 4 | 39-21 | 39 |
| Man. Utd. | 19 | 10 | 6 | 3 | 29-19 | 36 |
| Everton | 19 | 7 | 6 | 6 | 25-23 | 27 |
| WBA | 19 | 7 | 5 | 7 | 25-23 | 26 |
| Southamp. | 19 | 6 | 6 | 7 | 19-22 | 24 |
| Bournem. | 19 | 7 | 3 | 9 | 26-31 | 24 |
| Burnley | 19 | 7 | 2 | 10 | 21-29 | 23 |
| West Ham | 19 | 6 | 4 | 9 | 23-33 | 22 |
| Watford | 19 | 6 | 4 | 9 | 23-34 | 22 |
| Stoke City | 19 | 5 | 6 | 8 | 22-32 | 21 |
| Leicester | 19 | 5 | 5 | 9 | 24-31 | 20 |
| M'Brough | 19 | 4 | 6 | 9 | 17-22 | 18 |
| C. Palace | 19 | 4 | 4 | 11 | 29-35 | 16 |
| Sunderland | 19 | 4 | 2 | 13 | 17-35 | 14 |
| Hull City | 19 | 3 | 4 | 12 | 16-41 | 13 |
| Swansea | 19 | 3 | 3 | 13 | 21-44 | 12 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi**

Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Lék allan leikinn á vinstri kantinum þegar Swansea steinlá fyrir Bournemouth, 0-3, á heimavelli. Þetta var fjórða tap Swansea í röð og liðið vermir botnsæti deildarinnar.

Burnley
**Jóhann Berg Guðmundss.**

Lék síðustu 22 mínúturnar í 4-1 sigri Burnley á Sunderland. Hefur komið inn á sem varamaður í síðustu tveimur leikjum Burnley sem hafa báðir unnist á heimavelli.

Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**

Kom inn á sem varamaður á 83. mínútu þegar Wolves tapaði 1-2 fyrir QPR á heimavelli. Úlfarnir eru í 16. sæti B-deildarinnar.


ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLSKONAR VÖRUM
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## Merkisatburðir

**1533** Jóhannes 2. verður páfi.
**1793** Rússland og Prússland skipta Póllandi á milli sín.
**1833** Bretar hertaka Falklandseyjar.
**1870** Bygging Brooklyn-brúarinnar hefst.
**1871** Stöðulögin ganga í gildi. Þau kváðu á um að Ísland væri órjúfanlegur hluti danska ríkisins, með sérstök landsréttindi.
**1871 Íslensk króna verður til með sérstakri lagasetningu.**
**1887** Prentarafélagið, fyrsta verkalýðsfélagið á Íslandi, er stofnað.
**1908** Lögbirtingablaðið kemur fyrst út á Íslandi.
**1915** Táragas er í fyrsta sinn notað í hernaði þegar Þjóðverjar beita því gegn Rússum.






**1941 Björgólfur Guðmundsson fæðist.**
**1942** Japanar hertaka borgina Manila á Filippseyjum.
**1994** Flestir sjómenn á Íslandi fara í verkfall, sem stendur í 14 daga, þangað til Alþingi setur bráðabirgðalög sem gera verkfallið ólöglegt.
**2010** Krýsuvíkurkirkja brennur til kaldra kola eftir íkveikju.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Adam Örn Ingólfsson**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést 27. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, miðvikudaginn 4. janúar kl. 13.30.

**Sólveig Adamsdóttir** | **Sævar Örn Sigurðsson**
**Ásgeir Adamsson** | **Marianna Traustadóttir**
**Lára Halldóra Eiríksdóttir og fjölskylda**
**Margrét Eiríksdóttir og fjölskylda**
**Hildur Ásgeirsdóttir** | **Héðinn Árnason**
**Katla Ásgeirsdóttir**
**og langafabörn.**



Elskuleg móðir okkar og
tengdamóðir,

**Ólöf Ragnheiður Guðjónsdóttir**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 4. janúar klukkan 13.

**Kolfinna Ketilsdóttir** | **Þorsteinn Johansson**
**Birna Ketilsdóttir** | **Benedikt Svavarsson**
**Hjördís Ketilsdóttir**
**Kristín Ketilsdóttir** | **Ólafur Laufdal Jónsson**
**Guðjón Ketilsson** | **Ragnheiður Elfa Arnardóttir**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæra og yndislega móðir,
tengdamóðir, amma, langamma
og langalangamma,

**Guðborg Elíasdóttir**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist 27. desember á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 4. janúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

**Börn, tengdabörn og aðrir aðstandendur.**



**Jón Gnarr segist ekki vera mikið fyrir að halda upp á afmælið sitt. Það sé helst konan hans sem komi honum á óvart.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Jón Gnarr fer aftur til Texas

**Rithöfundurinn og leikstjórinn Jón Gnarr er fimmtugur í dag. Hann ætlar að taka því rólega á afmælisdaginn og segist ekki vera mikill veislumaður. Hann er á leiðinni með fjölskyldu sinni til Houston í Bandaríkjunum og ætlar að vera þar í nokkra mánuði.**

Jón Gnarr, einn af höfundum og leikstjórum Áramótaskaupsins, er fæddur 2. janúar 1967 og fagnar því fimmtugsafmæli í dag. Hann segist fyrst og fremst ætla að hvíla sig í dag. „Ég ætla ekki að gera neitt sérstakt,“ segir hann.

Jón verður þó ekki lengi aðgerðalaus því hann ætlar með fjölskyldu sinni til Texas þann 5. janúar. „Við ætlum að vera þar í nokkra mánuði þannig að við erum að pakka og undirbúa okkur. Ég er að vinna að ákveðnu verkefni þar og ég er að fara að kenna einn kúrs í handritagerð við Háskólann í Houston,“ segir Jón. Hann segist jafnframt aldrei hafa prófa að vera kennari og því verði spennandi að prófa það núna. Hann sé þar af leiðandi að pakka og ganga frá samhliða því sem hann jafnar sig eftir spennufallið við gerð Áramótaskaupsins. Jón dvaldi einnig í Texas fyrir tveimur árum þar sem hann starfaði við skólann. Hann lætur vel af dvöl sinni þar.

> En konan mín hefur stundum verið með eitthvað svona óvænt fyrir mig og ég er síðasti maðurinn til að fatta það að það sé eitthvað svoleiðis í gangi.

Jón segist ekki vera mikið fyrir mannamót og fjörsamkomur. „Ég er voða leiðinlegt afmælisbarn og jólabarn og svona. En konan mín hefur stundum verið með eitthvað svona óvænt fyrir mig og ég er síðasti maðurinn til að fatta það að það sé eitthvað svoleiðis í gangi,“ segir hann.

Jón segir að vinnan við Áramótaskaupið hafi verið alveg svakalega skemmtileg. „Þetta er búið að ganga vel og vera skemmtilegt. Og ég hef verið að vinna með alveg fáránlega skemmtilegu fólki,“ segir Jón Gnarr. Hann segir þó mjög stífa vinnutörn að baki. „Við vorum að skjóta tólf tíma á dag í tvær vikur og það var oft erfitt en alltaf gaman,“ segir hann.

Jón hefur verið áberandi á sjónvarpsskjánum í vetur. Auk þess að eiga þátt í Áramótaskaupinu lék hann í sjónvarpsþáttunum Borgarstjórinn sem voru sýndir á Stöð 2 fyrir áramót.
**jonhakon@frettabaldid.is**

ÞETTA GERÐIST 2. JANÚAR ÁRIÐ 1899

## Friðrik Friðriksson stofnar KFUM

Kristilegu æskulýðssamtökin KFUM voru stofnuð á Íslandi þann 2. janúar árið 1899. Helsti hvatamaðurinn að stofnun þeirra var séra Friðrik Friðriksson sem síðar átti eftir að stofna Knattspyrnufélagið Val og Hauka í Hafnarfirði. KFUM eru alþjóðleg samtök en séra Friðrik hafði kynnst þeim í Kaupmannahöfn.

Þótt kristin trú eigi undir högg að sækja í íslensku samfélagi lifa KFUM og KFUK góðu lífi enn þann dag í dag. Á veturna fer fram barna- og unglingastarf í um 40 deildum víða um land á vegum samtakanna. Á sumrin eru starfræktar sumarbúðir á fimm stöðum á landinu og leikjanámskeið sem haldin eru í Reykjavík og Kópavogi.Þá er fullorðinsstarf mikilvægur þáttur félagsstarfs KFUM og KFUK.

Þá reka KFUM og KFUK kristilega leikskólann Vinagarð í Laugardalnum í Reykjavík.



**KFUM reka sumarbúðir á fimm stöðum á landinu. Þar á meðal í Vatnaskógi.**

# KÆRU LANDSMENN

Við óskum ykkur gleðilegs nýs árs og þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.



ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Allhvöss eða hvöss vestanátt og súld eða rigning, en þurrt að kalla fyrir austan. Fremur hlýtt í veðri.

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -4° | -5° |
| ↓ 5 | ← 6 | ↘ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | -4° | -8° |
| ↘ 10 | ↘ 10 | ↓ 3 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 1° | 1° |
| ↖ 7 | ↗ 9 | ↗ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 1° | -2° |
| ↑ 6 | ↙ 4 | ↑ 9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. margskonar
6. ógrynni
8. blóðhlaup
9. mærð
11. í röð
12. tíðindi
14. brestir
16. hvað
17. að
18. hætta
20. nesoddi
21. faðmur

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. tveir eins
4. greinasafn
5. sarg
7. tildrög
10. fúady
13. op
15. flink
16. samkvæmi
19. ónefndur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** of, **8.** mar, **9.** lof, **11.** fg, **12.** fregn, **14.** snark, **16.** ha, **17.** til, **18.** ógn, **20.** tá, **21.** fang.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** mm, **4.** safnrit, **5.** urg, **7.** for-saga, **10.** fen, **13.** gat, **15.** klár, **16.** hóf, **19.** nn.

### Skák Gunnar Björnsson

Mariotti átti leik gegn Pantschecnko í Las Palmas árið 1978.



**Hvítur á leik**

**1. Hb6! Dxb6 2. Dh8+ Kg6 3. Bh5# 1-0.** Sergei Karjakin varð um daginn heimsmeistari í hraðskák. Guðmundur Kjartansson situr að tafli í Hastings og Vignir Vatnar í Stokkhólmi.

**www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur hefst 8. janúar.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# STÓRÚTSALA TÖLVULISTANS

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

### 1.000 TÖLVUVÖRUR Á STÓRÚTSÖLUVERÐI

FARTÖLVUR
ALLT AÐ
-34%

SKJÁKORT
ALLT AÐ
-42%

HÁTALARAR
ALLT AÐ
-43%

PRENTARAR
ALLT AÐ
-42%

TURNKASSAR
ALLT AÐ
-54%

FLAKKARAR
ALLT AÐ
-37%

SMÁTÖLVUR
ALLT AÐ
-33%

NETBÚNAÐUR
ALLT AÐ
-60%

MÓÐURBORÐ
ALLT AÐ
-38%

MÝS OG LYKLABORÐ
ALLT AÐ
-50%

SKJÁIR
ALLT AÐ
-35%

HEYRNARTÓL
ALLT AÐ
-70%

## ÚTSALAN BYRJAR MEÐ LÁTUM KL. 10:00 Í DAG!

**TÖLVULISTINN**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS

BÍLMAGNARAR
BÍLHÁTALARAR
ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
**Tvöfaldir LG kæliskápar með allt að 100.000 kr. afslætti**
Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti
**Philips Bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti**
Oral-B rafmagnstannburstar frá 995 kr.
**Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP BÍLTÆKI FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

iRobot ryksuguvélmenni frá 39.995 kr.
**Blendtec blandarar með 30% afslætti**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995 kr.
**Alsjálfvirkar kaffivélar frá 42.995 kr.**
Mikið úrval af brauðristum, kötlum, samlokugrillum
og öðrum smáraftækjum á frábærum verðum

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
VIRKA DAGA FRÁ 10-18,
LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 12-18.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM ALLT LAND - SÍMI 5691500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# Árið 2016: Dásamlegir sinfóníutónleikar – Évgení Ónegín var snilld

**Jónas Sen gagnrýnandi fer hér yfir það sem hann telur hafa gerst markverðast í tónlist á Íslandi á liðnu ári.**

**Jónas Sen** skrifar



„Þóra er guðsgjöf leyfi ég mér að fullyrða," segir í pistlinum. Hér er Þóra Einarsdóttir í hlutverki sínu í Évgení Ónegín.

Sinfóníuhljómsveit Íslands fékk fimm sinnum fullt hús af stjörnum frá undirrituðum á árinu 2016. Hljómsveitin var í miklu stuði og það er greinilegt að stjórn hennar veit hvað hún er að gera. Tveir stjórnudómarnir birtust í haust. Þeir fjölluðu báðir um tónleika með hinum nýbakaða aðalstjórnanda, Yan Pascal Tortelier. Hingað til hefur hann staðið sig með miklum ágætum. Hann er músíkalskur, þ.e. hefur næmt listrænt innsæi og djúpan skilning á inntaki hvers tónverks. Svo kann hann að miðla því til áheyrenda. Einhver sterkasta tónleikaupplifunin á árinu var þegar Tortelier stjórnaði annarri sinfóníu Sibeliusar. Lokahnykkurinn var svo máttugur að það var engu líkt.

Margt annað bitastætt gerðist á tónleikum hljómsveitarinnar. Leningrad sinfónían eftir Sjostakóvitsj sló eftirminnilega í gegn snemma í upphafi árs. Túlkun stjórnandans, James Gaffigan, var sérlega sannfærandi. Styrkleikabrigði voru meistaralega útfærð og uppbyggingin var markviss. Stígandin var úthugsuð og hápunktarnir voru gæddir sprengikrafti.

**Villtur framúrstefnudjass**

Mikil breidd var í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar á liðnu ári eins og venjulega. Fjölskyldutónleikar, kvikmyndatónleikar, Vínartónleikar og annað léttmeti yfir í þungmelta, afstrakt nútímatónlist. Hin árlega Tectonics-hátíð í apríl var helguð því síðarnefnda og þar var margt forvitnilegt sem bar fyrir eyru. Verkin voru mjög ólík, allt frá sveimkenndri, einfaldri tónlist yfir í villtan framúrstefnudjass. Sérstaklega minnistætt var þekkt verk, Conversations eftir Roscoe Mitchell sem hér var frumflutt í nýrri hljómsveitarútsetningu. Stíllinn var svokallaður frjáls djass, en það er umdeilt listform þar sem djass er laus við allar klisjur og formúlur. Sumum finnst slík tónlist óskiljanleg. Þetta var einleikskonsert fyrir saxófón og hljómsveit, vissulega krefjandi, en fullur af óvæntum uppákomum, spennuþrunginn og litríkur.

Margt annað skemmtilegt mætti telja upp og ekki má gleyma einleikurunum. Þar skal nefna Nikolai Lugansky sem spilaði þriðja píanókonsert Rakmaninoffs af snilld. Kirill Gerstein lék líka meistaralega fyrsta píanókonsert Tsjajkovskíjs. Tetzlaff-tvíeykið var með allt á hreinu í fiðlu- og sellókonsert eftir Brahms í haust, Steven Osborne flutti annan píanókonsert Sjostakóvitsj á snilldarlegan máta og Emilía Rós Sigfúsdóttir spilaði lýtalaust flautukonsert eftir Ibert. Víkingur Heiðar Ólafsson lék sömuleiðis eins og engill oftar en einu sinni á tónleikum hljómsveitarinnar.

**Kammerveisla víða**

Talandi um Víking, þá er hann listrænn stjórnandi merkrar kammerhátíðar í kringum sumarsólstöður hvert ár. Ég segir merkrar vegna þess að efnisskráin á hátíðinni er óvanalega víð og forvitnileg. Síðasta sumar voru þarna ódauðleg verk á borð við Píanókvintettinn eftir Dvorák og Píanótríóið eftir Ravel. En svo voru líka fluttar mergjaðar tónsmíðar eftir George Crumb og afar skemmtileg stykki eftir Charles Ives fyrir tvö píanó. Þar voru píanóin stillt á mismunandi hátt, annað var kvarttóni fyrir ofan hitt. Minnsta tónbil á hljómborði er hálftónsbil, svo þegar leikið var á bæði píanóin í kvarttónsstillingunni virkuðu þau rammfölsk. Þau voru ekki á sama tónsviðinu. En það var einhver fegurð í þessu falska, einstök hughrif sköpuðust sem erfitt er að lýsa. Hinn hreini tónn er greinilega ekki alltaf bestur!

> **ÞAÐ ER TIL MARKS UM HVERSU GÓÐIR ÍSLENSKIR HLJÓÐFÆRALEIKARAR ERU ORÐNIR AÐ MARGIR TÓNLEIKAR KLÚBBSINS VORU Á HEIMSMÆLIKVARÐA.**

Aðrir kammertónleikar á árinu 2016 voru margir hverjir prýðilegir. Nordic Affect, sem samanstendur af nokkrum hljóðfæraleikurum með Höllu Steinunni Stefánsdóttur í broddi fylkingar, var m.a. á Norrænum músíkdögum í haust. Þar voru skemmtilegar tónsmíðar, aðallega eftir íslensk tónskáld. Nordic Affect hefur þá sérstöðu að venjulega liggur mikil rannsóknarvinna að baki tónleikum hópsins. Oft hverfast þeir um einfalda hugmynd sem heldur öllu saman. Að þessu sinni var efnisskráin fleyguð með sérkennilegum gerningi, ógreinilegu þykkni ljóðabrota úr hátölurum sem myndaði fallegan hljóðheim. Þetta var einhvers konar ringulreið og það var eins og öll verkin á dagskránni kæmu út úr henni. Það var verulega áhrifamikið.

Kammermúsíkklúbburinn var líka flottur á liðnu ári. Verkin voru þó mun hefðbundnari; þessi venjulegu eftir Brahms, Beethoven og félaga. Flutningurinn á slíkum tónsmíðum er samt yfirleitt vandasamari en á nýrri tónlist. Verkin eru jú til í flutningi ótal hópa á geisladiskum. Maður hefur því samanburðinn og það er erfitt að toppa hann. Það er til marks um hversu góðir íslenskir hljóðfæraleikarar eru orðnir að margir tónleikar klúbbsins voru á heimsmælikvarða.

**Íslenskan óperan góð og slæm**

Íslenska óperan var bæði og á árinu 2016. Fyrri uppfærslan, á Don Giovanni eftir Mozart var ekki fullnægjandi að mati undirritaðs. Sviðsmynd og búningar voru máttlausir, og frammistaða söngvaranna misjöfn. Uppfærslan á Évgení Ónegín í haust kom því skemmtilega á óvart. Þar gekk allt upp. Valið á söngvurunum var fullkomið og sviðsmyndin er sú glæsilegasta sem ég hef séð hér á landi. Búningarnir voru augnayndi og leikstjórnin, sem stundum hefur verið hálfmisheppnuð, var stórkostleg. Hvergi var dauður punktur í atburðarásinni, hún rann áfram áreynslulaust, skreytt alls konar óvæntum uppákomum. Hér, sem oftar, sló Þóra Einarsdóttir sópran í gegn með magnaðri frammistöðu. Þóra er Guðsgjöf, leyfi ég mér að fullyrða.

Margar fínar tónsmíðar litu fyrst dagsins ljós á liðnu ári. Þær voru eftir tónskáld á borð við Finn Karlsson, Kolbein Bjarnason, Þuríði Jónsdóttur, Úlf Hansson, Hafdísi Bjarnadóttur, Georg Kára Hilmarsson og fleiri. Djassinn var sömuleiðis oft öflugur. Terri Lyne Carrington var með fimm stjörnu tónleika á Listahátíð og Sunna Gunnlaugsdóttir og Julia Hülsmann voru með óvanalega tveggja flygla tónleika á Djasshátíð í Reykjavík síðla sumars. Þannig mætti lengi telja.

Ljóst er að 2016 var viðburðaríkt, tónlistarlífið hér er greinilega í miklum blóma. Ég þakka lesendum mínum samfylgdina á árinu og óska þeim gleðilegs nýs árs.

# Hversdagleg nánd í Hveragerði

**BÆKUR**

**Skegg Raspútíns**

★★★★★

**Guðrún Eva Mínervudóttir**

**Útgefandi:** Bjartur
**Prentun:** ScandBook, AB, Svíþjóð
**Fjöldi síðna:** 317
**Kápa:** Ragnar Helgi Ólafsson




Sögur þurfa ekki alltaf að fléttast um margslungna þræði eða segja frá stóratburðum til þess að vera stórar sögur. Skegg Raspútíns, nýjasta skáldsaga Guðrúnar Evu Mínervudóttur, sannar það með eftirminnilegum hætti. Sagan hverfist um kynni, vinskap og samtöl á milli þessara tveggja kvenna; Evu og hinnar lettnesku en rússneskumælandi Ljúbu. Báðar búa þær í Hveragerði og báðar eiga þær sínar sögur sem þurfa að finna sinn farveg. Þurfa að brjótast fram í gufustrókum Hveragerðis og hreinsa sálir sögumanna sinna. Skegg Raspútíns hverfist þannig um samræður tveggja kvenna í Hveragerði. Önnur er rithöfundur og þýðandi, hin garðyrkjubóndi. Báðar vinna þær heima og sinna einnig börnum og heimili og eru kvæntar íslenskum karlmönnum. Og þó svo þær eigi margt sameiginlegt þá koma þær hvor frá sínu landinu, eiga rætur í ólíkri menningu og hafa ólíkar hugmyndir um lífið og tilveruna.

Skegg Raspútíns er afar persónuleg bók og þó svo Guðrún Eva eyrnamerki verkið sem skáldsögu þá leynir sér ekki að margt er sótt í hennar eigin líf og veruleika sem og vinkonu hennar Ljúbu. Guðrúnu Evu tekst líka að draga upp fádæma sannfærandi mynd af því hvernig þessi fallega vinátta myndast skref fyrir skref og trúnaðartraustið eykst jafnt og þétt. Auk þess er söguheimurinn ákaflega trúverðugur og heillandi, hvort sem er í Hveragerði eða Gömlu kirkju, og því fær lesandinn það auðveldlega á tilfinninguna að hann sé að verða vitni að einhverju sönnu. Einhverju sem skiptir máli og snertir líf okkar allra í þessum meinleysislega hversdagsleika sem við öll þekkjum og lifum í frá degi til dags.

Það gengur á ýmsu í lífi vinkvennanna Evu og Ljúbu og ýmsir erfiðleikar gera vart við sig í lífi þeirra. Sé horft til alls þess þá gæti maður sagt sem svo að þetta sé bók um að vera kona í karlaheimi, bók um alkóhólisma, eða bók um geðsjúkdóma, skrif, vináttu, von og garðyrkju og hún er það og meira til. Skegg Raspútíns er um það að vera manneskja og að hafa þörf fyrir annað fólk. Þörf fyrir að deila lífi sínu, sigrum og erfiðleikum, með einhverjum sem skilur mann eða í það minnsta hlustar án þess að dæma. Skegg Raspútíns er bók um nánd. Bók um að deila lífi sínu, sorgum og gleði, í einföldum hversdeginum í Hveragerði.

Inn í samskipti þeirra Evu og Ljúbu fléttast einnig draumar þeirrar fyrrnefndu og með þeim finnur höfundurinn ákveðið frelsi til þess að brjóta upp hversdaginn og leyfa skáldinu að takast á við hvað sem er. Og inn í sögu þessara tveggja kvenna fléttast svo einnig sagan um bóndasoninn Raspútín sem náði alla leið inn á síðustu rússnesku keisarafjölskylduna, sem einhvers konar ráðgjafi. Í þeirri sögu er jafnvel falinn ákveðinn kjarni eða lykill að sögum kvennanna tveggja því það er einmitt ein og sama þörfin fyrir nánd og trú á lífið sem gerði það að verkum að Raspútín komst þangað sem hann gerði. Þörfin sem er grundvöllurinn að vináttu kvennanna í Hveragerði.

Hvar sem á Skegg Raspútíns er litið þá er þetta firnasterk skáldsaga. Vel skrifuð, vel stíluð, með sterkri persónusköpun og heildstæðum söguheimi.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Heildstæð og falleg skáldsaga sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

# ÚTSALAN HEFST
# Á MORGUN!

* * *

# 40%
## AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

BY MALENE BIRGER
'S MAX MARA
SAMSØE SAMSØE
KRISTENSEN DU NORD
BRUUNS BAZAAR
BLANK
DKNY

* * *

DIESEL
ROSEMUNDE
STELLA NOVA
VENTCOUVERT
HARTFORD
PLEASE
WIGGYS
RAINS

* * *

HUNTER
FREE LANCE
STRATEGIA
BILLI BI
FRUIT

OPIÐ FRÁ:
**09-19**

eva

Laugavegi 26


Nemendur og starfsfólk Kvikmyndaskólans. Sigrún Gylfadóttir er önnur frá vinstri.

# Sannarlega búið að byggja brú

Brú inn í bransann er nýr samstarfssamningur sem Kvikmyndaskóli Íslands hefur gert við helstu framleiðslufyrirtæki landsins. Nafnið er ekki úr lausu lofti gripið því samstarfið er hugsað sem leið fyrir útskrifaða nemendur KVÍ að launuðu starfi til lengri eða skemmri tíma og er gert ráð fyrir að sá tími verði á bilinu þrír til tólf mánuðir. Þau störf sem í boði eru eru breytileg og í samræmi við verkefnin sem fyrirtækin fást við hverju sinni.

Þegar er búið að gera starfsþjálfunarsamning við Saga film, Pegasus og 365 og samningur við RÚV er á lokastigi. „Þessi samningur er stórt skref. Við erum stolt og ánægð með að hafa gengið til samstarfs við þessi fjögur fyrirtæki sem okkur hugnast mest fyrir nemendur okkar. Við teljum líka að samningurinn geti nýst sem kraftmikið afl inn í kvikmyndafyrirtækin og sjónvarpsstöðvarnar,“ segir Sigrún Gylfadóttir, kynningar- og framleiðslustjóri kvikmyndaskólans. Hún tekur fram að um útskrifaða nemendur sé að ræða sem ráðnir verði. „Þetta er starfskraftur sem er tilbúinn að fara að vinna með fagfólki, takast á við hin ýmsu verkefni og fá sem víðtækasta reynslu. Það er svo mikilvægt strax að námi loknu og þarna er sannarlega búið að byggja brú.“ **– gun**

> **VIÐ TELJUM LÍKA AÐ SAMNINGURINN GETI NÝST SEM KRAFTMIKIÐ AFL INN Í KVIKMYNDAFYRIRTÆKIN OG SJÓNVARPSSTÖÐVARNAR.**



# Allir bráðna nærri Ragga Bjarna

## Upprunaleg sveiflutónlist verður allsráðandi hjá Stórsveit Reykjavíkur í Silfurbergi í Hörpu miðvikudaginn 4. janúar.

Gullöld sveiflunnar er yfirskrift nýárstónleika Stórsveitar Reykjavíkur sem haldnir verða í Silfurbergi, Hörpu, á miðvikudaginn og hefjast klukkan 20. „Þetta er í fjórða sinn sem sveitin heldur stórtónleika helgaða swingtímabilinu frá 1930 til 1950,“ segir Sigurður Flosason, djasslistamaður og stjórnandi Stórsveitarinnar. Hann segir gesti sveitarinnar þetta árið vera þau Sigríði Thorlacius og Jón Jónsson, auk þess sem Ragnar Bjarnason sé fulltrúi hinnar upprunalegu íslensku sveiflu.

Sigurður nefnir Benny Goodman, Charlie Barnet, Glenn Miller og Count Basie sem dæmi um lagahöfunda sem spilað verði eftir á tónleikunum og segir verða leikin mörg af þekktustu lögum merkustu stórsveita sveiflutímabilsins. „Við tökum alltaf eitthvað sem við höfum spilað áður, inn á milli, en um 80% laganna hafa ekki verið á dagskrá hjá okkur fyrr á nýárstónleikum. Þessi tónlist var popp þess tíma og þar höfum við gríðarlega stóran pott að sækja í – mikið af músík sem flutt var af ótrúlega mörgum mismunandi stórsveitum og sólóistum, stjórnendum og söngvurum.“

Áhersla verður lögð á að flytja frumgerðir laga, að því er Sigurður lýsir. „Þetta verður bara eins og að spila verk eftir Mozart eins og það var skrifað,“ segir hann. „Við erum í því alla aðra daga ársins að spila nýja músík og alls konar tilbrigði við þá eldri en á þessum tónleikum sýnum við sögunni sóma og reynum að endurskapa upprunalegar útgáfur, sem er skemmtilegt og krefjandi verkefni.“


Það er mikið lið og harðsnúið í Stórsveit Reykjavíkur.

Músíkin kemur frá Ameríku að langmestu leyti, að sögn Sigurðar. „En í ár erum við líka með örfá íslensk lög því við erum að spá í hina upprunalegu íslensku sveiflu með Ragnari Bjarna og tengjum það þema inn í tónleikana í lokin.“

Sigurður segir Bjarna Böðvarsson, föður Ragnars, hafa verið einn af frumkvöðlum sveiflunnar hér á landi. „Bjarni Bö setti saman fyrstu íslensku stórsveitina og var líka fyrsti formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna. Þó dálítið langt sé síðan þá er nú bara annar leggurinn frá honum með okkur ennþá og man vel þennan tíma, það er hann Raggi, sem er í ótrúlega fínu formi. Hann er eiginlega náttúrlegt undur að geta gert það sem hann getur, á þeim aldri sem hann er. Svo er hann með þetta yndislega viðmót. Það bráðna allir tónlistarmenn í námunda við hann, hann er svo flottur.“ **gun@frettabladid.is**







25% AFSLÁTTUR af MÁLNINGU

30% AFSLÁTTUR af POTTUM & PÖNNUM

20-50% AFSLÁTTUR af VÖLDUM BOSCH VERKFÆRUM

40-60% AFSLÁTTUR af JÓLAVÖRUM

40% AFSLÁTTUR af PLASTBOXUM

20-50% AFSLÁTTUR af VÖLDU GÓLFEFNI (PARKET & FLÍSAR)



25% AFSLÁTTUR af LJÓSUM

40-60% AFSLÁTTUR af JÁRNHILLUM

40% AFSLÁTTUR af GARNI

30% AFSLÁTTUR af BAÐINNRÉTTINGUM

30% AFSLÁTTUR af BARNABÍLSTÓLUM

30% AFSLÁTTUR af HÁÞRÝSTIDÆLUM

Allar verðupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

- **30%** AF ÖLLUM BARNABÍLSTÓLUM - **40%** AF ÖLLUM GLÖSUM, BOLLUM OG KÖNNUM - **40%** AF ÖLLUM KLUKKUM - **40%** AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM OG SPILUM - **40%** AF ÖLLUM MYNDARÖMMUM - **40%** AF ÖLLUM MYNDLISTARVÖRUM - **30%** AF ÖLLUM DREMEL FÖNDURFRÆSURUM - **30%** AF ÖLLUM EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRUM - **40%** AF ÖLLUM VERKFÆRASETTUM - **40%** AF ÖLLUM VERKFÆRABOXUM - **30%** AF ÖLLUM HÖLDUM - **30%** AF ÖLLUM BAÐFYLGIHLUTUM - **40%** AF ÖLLUM KERTUM - **20%** AF ÖLLU GÆLUDÝRAFÓÐRI - **40%** AF VÖLDUM VINNUFATNAÐI - **30%** AF VÖLDUM BÍLAVÖRUM

byko.is

GERÐU FRÁBÆR KAUP
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




**OPIÐ**

| | |
|---|---|
| VIRKA DAGA | 11–18 |
| LAUGARDAGA | 11–17 |
| SUNNUDAGA | 12–16 |

REGATTA GREAT OUTDOORS

Smáratorg 1 · Sími 533-1551 · www. regatta.is · www.facebook.com/regatta.is







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:40 - 8 - 10:50 |
| SYNGDU ÍSL TAL 3D | KL. 2:30 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 12:30 - 3 - 5:30 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5 - 8 - 10:20 - 10:50 |
| ROGUE ONE 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 12:30 - 2 - 3 - 4:30 - 5:30 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:50 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 2:45 - 8 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 12:30 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 2 - 8 - 9 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 3 - 5 - 6 - 10:45 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 10:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 5:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 2:20 - 8 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:20 - 10:50 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 10 |
| ASSASSIN'S CREED | KL. 10:30 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 3 |
| PASSENGERS 2D | KL. 8 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 5 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 2:50 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 8 - 10:20 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4:30 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT



FRÆÐSLURIT UM KRANSÆÐA-SJÚKDÓM




UPPSELD!

Við þökkum frábærar viðtökur við Kransæða-bókinni sem nú er uppseld hjá útgefendum. Ný prentun er væntanleg í lok janúar.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Guðmundur Þorgeirsson og Tómas Guðbjartsson, ritstjórar og útgefendur Kransæðabókarinnar.


# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

**2. JANÚAR 2017**

### Tónlist

**Hvað?** Reykjavík Classics New Year Celebration
**Hvenær?** 12.30 og 15.30
**Hvar?** Hörpu
Í dag verða haldnir sérstakir hátíðartónleikar í Eldborg Hörpu undir yfirskriftinni „Reykjavík Classics New Year's Celebration“. Tónleikarnir sem eru 30 mínútur að lengd án hlés, verða fluttir tvisvar í dag. Á efnisskránni eru hugljúf og dásamleg meistaraverk Johanns Sebastians Bach sem göfgað hafa anda kynslóðanna undanfarin 300 ár. Sérstakir gestaflytjendur á þessum hátíðartónleikum verða hinir ungu og efnilegu hljóðfæraleikarar Rannveig Marta Sarc fiðluleikari, sem stundar nú nám við Juilliard-tónlistarháskólann í New York, og Ásta Kristín Pjetursdóttir víóluleikari, sem stundar nú nám við Konunglega Konservatoríið í Kaupmannahöfn.



Harpan verður iðandi af lífi á nýju ári en 2017 byrjar á tvennum tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Perlur íslenskra sönglaga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hörpu
Í kringum áramótin verða haldnir nokkrir tónleikar í þessari vinsælu tónleikaröð þar sem íslensk sönglög eru flutt og kynnt. Viðfangsefnin að þessu sinni tengjast jólum og áramótunum með einum eða öðrum hætti, þar sem m.a. er sungið um álfa og huldufólk, tröll og útilegumenn. Sungið er á íslensku en kynningar eru á ensku. Miðaverð er 4.500 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Open mic standup comedy
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Á hverjum mánudegi gefst hverjum sem er kostur á að flytja uppistand á Gauknum, enda er hljóðneminn laus. Hins vegar fer þetta uppistand fram á ensku svo bæði Íslendingar sem það mál tala og einnig erlendir gestir geti notið saman. Frítt inn.

# Hvaðan er hefðin um 13 jóladaga komin?

Enginn veit nákvæmlega hvenær Jesús Kristur fæddist. Það stendur hvergi í Biblíunni. Fyrstu kristnu söfnuðirnir fyrir botni Miðjarðarhafs skeyttu ekki mikið um þetta atriði. Hjá þeim var fæðing til jarðlífsins lítils virði. Skírnin var þeim mun mikilvægari og þó einkum dauðastundin þegar menn fæddust til hins eilífa lífs, enda er dauðdagi Jesú Krists rækilega tímasettur.

Um það bil tveimur öldum seinna tóku kristnir menn samt að velta fæðingardegi Jesú fyrir sér. Fyrsti fæðingardagur Jesú, sem menn komu sér saman um, var 6. janúar samkvæmt rómversku tímatali. Þetta var að vísu eldri tyllidagur og tengdist flóðunum í Níl. Hann nefndist nú opinberunarhátíð (Epiphania) en sagt var að Jesús hefði opinberast á fjóra vegu: við fæðinguna, tilbeiðslu vitringanna, skírnina í ánni Jórdan og brúðkaupið í Kana þegar hann gerði fyrsta kraftaverkið.

Þegar yfirvöld í Rómaborg gerðu kristindóm að ríkistrú seint á 4. öld ákváðu þau að gera eldri skammdegishátíð sína að fæðingardegi Jesú Krists. Þetta var sólhvarfadagurinn, sem hét formlega „dagur hinnar ósigrandi sólar“ (l. dies natalis Solis invicti). Sólhvörfin færast til í júlianska tímatalinu en þau bar um þetta leyti upp á 25. desember. Nú var af miklum lærdómi leitast við að sanna að einmitt þessi dagur væri hin rétta fæðingarstund Krists. Þeirri hugmyndafræði var einnig haldið á loft að Kristur væri hin eina sanna sól, sól réttlætisins, sem hefði sigrað dauðann og hafði sjálfur sagst vera ljós heimsins.

Þessi ráðstöfun olli að sjálfsögðu nokkurri togstreitu við Austurkirkjuna sem í um það bil tvær aldir hafði haldið upp á 6. janúar sem fæðingardag Krists. Sú málamiðlun var loks gerð að fæðingardagurinn yrði 25. desember en minning hinnar mikilvægu skírnar 6. janúar. Báðir dagarnir voru því stórhátíð ásamt áttunda degi frá fæðingardeginum, 1. janúar, en þá var líka minnst umskurnar Krists. Dagarnir á milli voru hálfheilagir. Þannig eru jóladagarnir 13 til komnir og sjálfur þrettándi dagur jóla eða þrettándinn.





BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Lion | 17:30, 20:00 |
| Slack Bay | 17:30 |
| Eiðurinn ENG SUB. | 17:45 |
| Absolutely Fabulous | 20:00 |
| Grimmd | 20:00 |
| Captain Fantastic | 22:30 |
| Gimme Danger | 22:00 |
| Embrace of the Serpent | 22:15 |



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup júl.-sep. 2016




Allt sem þú þarft ...

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.40 The Middle
08.05 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Who Do You Think You Are?
11.20 Sullivan & Son
11.45 My Dream Home
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.25 Falcon Crest
15.15 Ground Floor
15.40 Tommi og Jenni
16.05 Anger Management
16.30 The Simpsons
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 **Landnemarnir** Leifur Eiríksson. Vínlandsgátan. Sigling Bjarna Herjólfssonar og Leifs Eiríkssonar til meginlands Ameríku. Hvernig ber lýsingum í sögunum saman við það sem við vitum í dag? Rústir eftir veru norrænna víkinga í Kanada verða skoðaðar og siglingaleið þeirra fylgt.
19.55 **Hugh's War on Waste** Vönduð og afar áhugaverð þáttaröð í þremur hlutum frá BBC í umsjón breska fjölmiðlamannsins og umhverfissinnans Hughs Fearnley-Whittingstall sem leiðir okkur í allan sannleikann um matarsóun í Bretlandi.
20.55 **Insecure** Gamanþáttur úr smiðju HBO og fjalla um hispurslausa en afar óörugga unga konu sem leikin er af Issa Rea sem er jafnframt höfundur þáttanna og er tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð. Fylgst er með sambandi tveggja svartra vinkvenna sem gera sitt besta til að finna sig í kröfuhörðum heimi þar sem þær þurfa að berjast við staðalímyndir kynþátta og kynjanna og ganga oft á tíðum í gegnum vandræðaleg en kómísk augnablik í lífi og starfi.
21.25 Shameless
22.20 Eyewitness
23.05 Timeless
23.50 Notorious
00.35 Blindspot
01.20 Lucifer
02.05 Major Crimes
02.50 The Third Eye
03.40 Bones
04.25 The Mysteries of Laura

### STÖÐ 2 SPORT

08.20 Atlanta Falcons - New Orleans Saints
10.40 Arsenal - Crystal Palace
12.20 Middlesbrough - Leicester
14.50 Sunderland - Liverpool
17.05 West Ham - Man. Utd.
19.15 WBA - Hull City
20.55 Sunderland - Liverpool
22.35 West Ham - Man. Utd
00.15 Everton - Southampton

### STÖÐ 2 SPORT 2

08.25 Watford - Tottenham
10.05 Chelsea - Stoke City
11.45 Man. Utd. - Middlesbrough
13.25 Liverpool - Man. City
15.05 Aston Villa - Leeds United
16.45 Premier League World
17.15 Man. City - Burnley
19.00 Everton - Southampton
20.40 Atlanta Falcons - New Orleans Saints
23.00 Middlesbrough - Leicester

### STÖÐ 3

18.00 Cristela
18.25 Raising Hope
18.45 The New Girl
19.10 Modern Family
19.35 Stelpurnar
20.00 Eldhúsið hans Eyþórs
20.30 One Born Every Minute UK
21.20 Grimm
22.05 Game of Thrones
23.00 Klovn
23.30 The Americans
00.20 The Mentalist
01.05 Stelpurnar
01.25 Eldhúsið hans Eyþórs
01.55 One Born Every Minute UK
02.45 Grimm
03.25 Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 Ævintýri Tinna
07.25 Hvellur keppnisbíll
07.37 Stóri og Litli
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Víkingurinn Viggó
08.13 Kormákur
08.25 Strumparnir
08.47 Mæja býfluga
09.00 Mörgæsirnar
09.23 Doddi litli og Eyrnastór
09.36 Könnuðurinn Dóra
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Ævintýri Tinna
11.25 Hvellur keppnisbíll
11.36 Stóri og Litli
11.48 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Víkingurinn Viggó
12.13 Kormákur
12.25 Strumparnir
12.47 Mæja býfluga
13.00 Mörgæsirnar
13.23 Doddi litli og Eyrnastór
13.36 Könnuðurinn Dóra
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Ævintýri Tinna
15.25 Hvellur keppnisbíll
15.36 Stóri og Litli
15.48 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Víkingurinn Viggó
16.13 Kormákur
16.25 Strumparnir
16.47 Mæja býfluga
17.00 Mörgæsirnar
17.23 Doddi litli og Eyrnastór
17.36 Könnuðurinn Dóra
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur og félagar
19.00 Ástríkur á Goðabakka



Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.23, 13.23 og 17.23

### GOLFSTÖÐIN

08.00 2016 Augusta Masters
12.35 Golfing World
13.25 2016 Augusta Masters
18.00 2016 PGA TOUR Champions Year in Review
18.55 2016 Augusta Masters

### BÍÓSTÖÐIN

11.40 Waitress
13.25 Heaven is for Real
15.05 How To Train Your Dragon Sequel
16.45 Waitress
18.35 Heaven is for Real
20.15 **How To Train Your Dragon Sequel** Skemmtileg teiknimynd sem gerist um fimm árum eftir að þeir Hiksti og Tannlaus sameinuðu víkingana og drekana svo úr varð órjúfanlegur vinskapur á milli þeirra. Nú skemmta þau Ástríður, Hornasi og öll hin sér daglangt í drekakappflugi, nýjasta æðinu á litlu eyjunni Birkey þar sem víkingarnir eiga heima, á meðan Hiksti og Tannlaus hafa mest gaman af því að fljúga um ókunnar lendur og skoða ný svæði. Í einum slíkum leiðangri finna þeir félagar íshelli þar sem hundruð villtra dreka eiga heima.
22.00 **Ted 2** Ted hefur svo sannarlega náð að höndla hamingjuna og er hæstánægður með að vera kominn í hnapphelduna með sinni heittelskuðu Tami-Lynn. Næsta skref er að eignast barn. Fyrsta vandamálið við það er hins vegar að einhver þarf að gefa þeim sæði því það sem Ted hefur upp á að bjóða virkar ekki sem skyldi.
23.55 X-Men. Days Of Future Past
02.05 Camp X-Ray
04.00 Ted 2

### RÚV

15.30 Það kom söngfugl að sunnan
16.40 Það kom söngfugl að sunnan
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Friðþjófur forvitni
18.24 Skógargengið
18.35 Undraveröld Gúnda
18.47 Hundalíf
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Morgan Freeman. Saga guðstrúar
21.05 Miðnætursól
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Charcot - Leyndarmál pólanna
23.15 Kastljós
23.45 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.20 Dr. Phil
09.00 The Bachelor
09.45 Síminn + Spotify
11.10 Minute To Win It Ísland
12.00 The Voice Ísland
13.30 This is Us
14.15 America's Funniest Home Videos
14.40 Grandfathered
15.05 Grandfathered
15.25 Younger
15.50 Royal Pains
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 The Good Place
20.15 No Tomorrow
21.00 Rookie Blue
21.45 Blue Bloods
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 The Catch

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin





**LANDNEMARNIR**

Leifur Eiríksson og Vínlandsgátan. Hvernig ber lýsingum í sögunum saman við það sem við vitum í dag? Rústir eftir veru norrænna víkinga í Kanada verða skoðaðar og siglingaleið þeirra fylgt. Mismunandi kenningar um hvar Vínland var verða raktar og reynt að meta hversu langt þeir komust suður með ströndum Ameríku.

FRÁBÆRT MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365




**HUGH´S WAR ON WASTE**

Sjónvarpsmaðurinn og umhverfisvinurinn Hugh Fearnley-Whittingstall fer ofan í kjölinn á matarsóun og magni þess sem við hendum. Í þessum þáttum hvetur hann m.a. forsvarsmenn stórmarkaða til að minnka magn þeirra matvara sem þeir henda og hann flettir ofan af óhugnanlegum staðreyndum um eyðslusaman tískuiðnaðinn og margt fleira.




**INSECURE**

Gamanþáttur úr smiðju HBO sem fjallar um hina hispurslausu en afar óöruggu Issu Dee, leikna af Issu Rea sem er jafnframt höfundur þáttanna og tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð.

**EYEWITNESS**

Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp. Nýr magnaður spennuþættir, byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne.



365.is

# ÚTSALAN ER HAFIN

# 20–70% AFSLÁTTUR

## 70% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU

the PIER



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

# Bestu kvikmyndir ársins 2016

Þetta eru tíu bestu bíómyndir ársins að mati **Tómasar Valgeirssonar**, kvikmyndagagnrýnanda Fréttablaðsins.






The Neon Demon er vægast sagt umræðuverð kvikmynd og kemur alls ekki á óvart að hún hafi fengið blendnar viðtökur. Eitthvað er samt mjög sérstakt við þetta kvikindi, eitthvað seiðandi og bítandi.



Kubo and the Two Strings er í alla staði gullfalleg leirbrúðumynd; heillandi, sorgleg, stórskemmtileg og fyndin.







Sing Street er án efa einn mesti glaðningur ársins. Leikararnir eru æðislegir og vantar hvorki vellíðunarstraumana né gleðismitið.




**10 Bone Tomahawk**
Ef þú kannt að meta gamaldags vestra í nýjum búningi, þá er Bone Tomahawk sérsniðin fyrir þig, enda naglhart eintak þar sem örlitlum hryllingi er vafið inn í formúluna og má lýsa flæðinu sem hægum bruna. Kurt Russell og aðrir skotheldir leikarar bera stemninguna uppi ásamt leikstjórn sem lekur af sjálfsöryggi. Myndin er spennandi, grípandi og kemur margsinnis á óvart. Meira svona!

**9 Green Room**
Mjög fáar spennumyndir á þessu ári hafa fengið undirritaðan til að hanga á sætisbrúninni eins oft og þessi. Green Room er mikill rússíbani. Einfalt, hrátt og hraðskreitt bíó en með magnaðan púls og flottan stíl. Það var hundleiðinlegt að missa Anton Yelchin á þessu ári (ásamt mörgum öðrum, auðvitað) og sýnir þessi mynd mjög vel hvaða styrkleika hann hafði sem leikari. Patrick Stewart er einnig ógleymanlegur sem pirraður nýnasistaforingi. Geggjaður lítill tryllir sem gefur ekkert eftir.

**8 The Nice Guys**
Leikstjórinn og handritshöfundurinn Shane Black er engum líkur þegar kemur að svokölluðum „buddy“-myndum. Black skrifar yfirleitt frekar manneskjulega og hversdagslega karaktera/skíthæla í ýktum, farsakenndum kringumstæðum. Russell Crowe og Ryan Gosling eru engin undantekning þar og mynda þeir alveg meiriháttar dúó. Hnyttið handrit, snjöll framvinda, yndislega flæktur söguþráður og æðislegir karakterar, allt þetta púslast í stórskemmtilegan hlaupagang. Black sækir í spæjarasögu af gamla skólanum og bragðbætir umgjörðina með flottri „seventís“ innrömmun og tilheyrandi tónlist. Toppafþreying. Mögulega ein fyndnasta mynd ársins.

**7 Hell or High Water**
Hér er einföld og á marga vegu fyrirsjáanleg saga en það tekst að yfirstíga þann galla með markvissri leikstjórn, beittu handriti og flottum leik. Hell or High Water er þrumugóður nútímavestri, strengdur saman úr áhugaverðum persónusamskiptum og skrúfar fastar og fastar því lengra sem á líður. Leikararnir eru allir skotheldir (Jeff Bridges hefur ekki muldrað svona skemmtilega í nokkur ár) og reglulega er slakað á sögunni en hún rígheldur samt spennunni allan tímann.

**6 The Lobster**
The Lobster var einn af hápunktum Stockfish-hátíðinnar í ár og er fúlt að hún skuli ekki hafa farið í almennar sýningar. Þetta er súr en athyglisverð saga sem gerist í „nálægri framtíð“ þar sem er illa séð að vera einhleypur. Hérna er svo hart tekið á því að fólki eru aðeins gefnir 45 dagar til að finna sér maka, annars verður því breytt í dýr (að eigin vali) sem verða send út í skóg. Eftir því sem á líður verður þetta aðeins furðulegra. Í handritinu eru samfélagskröfur til sambanda settar undir smásjána með bráðfyndnum en í senn truflandi hætti. Colin Farrell sýnir sínar bestu hliðar sem og allir aðrir sem prýða þessa merkilega súru en bitastæðu og 100% óútreiknanlegu mynd.

**5 The Witch**
Það mættu alveg vera fleiri hrollvekjur eins og þessi. Í The Witch er lítill sem enginn áhugi sýndur á því að láta áhorfendum bregða eða hneyksla af ástæðulausu, heldur er frásögn, þemu og andrúmsloft sett í forgrunninn af aðdáunarverðri nákvæmni. Myndin var gerð fyrir smápeninga en vel sést að hver einasti aur hefur verið nýttur til fulls. Flottar sviðsmyndir standa sérstaklega upp úr og er lítið út á kvikmyndatökuna að setja eða leikarana. Hins vegar verður að segjast að geitin Black Phillip stelur senunni.

**4 Swiss Army Man**
Aldrei hefði mér dottið það í hug að hægt væri að gera hjartahlýja, marglaga, ruddalega fyndna og hreinskilna vináttusögu þar sem annar aðili kjarnatvíeykisins er síprumpandi lík, meistaralega leikið af Daniel Radcliffe í þessu tilfelli. Swiss Army Man er algjörlega einstök og skemmtileg lítil perla, borin einmitt uppi af Radcliffe og Paul Dano. Myndin er stútfull af skrautlegum pælingum um lífið, tilveruna og mannlegt eðli en hún er framsett sem vægast sagt flippuð, dökk dramakómedía sem þarf eiginlega að sjá til að trúa. Óvæntasta steik ársins.

**3 Sing Street**
Sing Street er án efa einn mesti glaðningur ársins. Hún er saga um ungmenni sem ákveða að stofna hljómsveit í Dublin á miðjum níunda áratugnum. Við tekur sjarmerandi, skemmtileg og ómótstæðilega jákvæð þroskasaga þar sem unglingahormónar, erfiði og lífleg tónlist spilar stóra rullu. Klisjur eru til staðar en spilað er frábærlega úr þeim. Leikararnir eru æðislegir og vantar hvorki vellíðunarstraumana né gleðismitið. Mynd sem er vel þess virði að faðma fast að sér.

**2 Kubo and the Two Strings**
Hægt og rólega hef ég áttað mig á því að snillingarnir hjá Laika-teiknimyndaverinu (Coraline, ParaNorman) eru að gera einhvers konar kraftaverk. Það er varla hægt að segja að þeir séu hræddir við fullorðinsleg þemu og villta sköpunargleði. Kubo and the Two Strings er í alla staði gullfalleg leirbrúðumynd (gerð með aðstoð tölvubrellna); heillandi, sorgleg, stórskemmtileg og fyndin. Þó þetta sé ekki dæmigerð fjölskyldumynd er svo sannarlega eitthvað sem allir aldurshópar geta fundið til að tengja við; karakterarnir, heimurinn, stíllinn, handritið, boðskapurinn eða ævintýrafílingurinn. Flott, frumleg og minnisstæð. Dásamleg.

**1 The Neon Demon**
Hér er kvikmynd sem á sér varla hliðstæðu, hvort sem fólki líkar það betur eða verr. The Neon Demon er vægast sagt umræðuverð kvikmynd og kemur alls ekki á óvart að hún hafi fengið blendnar viðtökur. Eitthvað er samt mjög sérstakt við þetta kvikindi, eitthvað seiðandi og bítandi. Danski prakkarinn Nicholas Winding Refn hefur útfært hér einkennilega hrollvekju sem snýr að tískuiðnaðinum, þrá og útlitsdýrkun. Fegurð og viðbjóður tvinnast hér saman í einn og hálfan tíma. Refn er allur í ýktri, djarfri og draumkenndri stíliseringu og spilar með myndmál og hugmyndir frekar en að binda sig við ákveðnar handritsreglur. Að þessu frátöldu er kvikmyndatakan algjört gull, hver rammi í myndinni er dökkt, lokkandi listaverk og tónlistin álíka geggjuð og efniviðurinn. Þetta verður „költari“.

# VETRAR MARKAÐUR ELLINGSEN

# 20–70% AFSLÁTTUR

## HEFST Í DAG KL.12

VETRARFATNAÐUR ÚTILEGUVARNINGUR REIÐHJÓL
ÚTIVISTARBÚNAÐUR SPORTFATNAÐUR
SKÓR VÉLSLEÐAFATNAÐUR



ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550



Íþróttabuxurnar eru nú orðnar leyfilegar við hvaða tilefni sem er. Þægindin skipta öllu máli í dag og þægilegar buxur eru stór partur af því. Buxurnar verða þó að vera í góðu sniði, helst ekki of útvíðar, en allt er þó leyfilegt.



Flauelið snéri aftur og það í stórum stíl. Hvort sem það voru kjólar, jakkar, buxur eða bolir. Því meira flauel, því betra, sérstaklega um hátíðarnar.

# Mest áberandi trend ársins 2016

Tískustraumarnir á síðasta ári lágu í margar áttir og það var margt óvænt sem stóð upp úr. Það sem var þó mest áberandi var hversu mörg trend frá tíunda áratugnum snéru aftur í allri sinni dýrð. Miðað við þessa þróun verður spennandi að fylgjast með hvað mun bætast við á nýju ári og hvað dettur út.



Bomber-jakkar og hettupeysur eru án efa stærstu trend ársins 2016. Líklega eiga flestar ungar konur hvort tveggja inni í fataskápnum. Töffaralegur stíll sem á alltaf við.



Bjölluermarnar voru með endurkomu á árinu en stór hluti kvenna eignaðist skyrtu eða kjól með útvíðum ermum. Skemmtilegt og öðruvísi trend sem ekki allir hefðu lagt í fyrir ári.



Lausar gallabuxur náðu nýjum hæðum í vinsældum á árinu. Nú má sjá allar týpur á öllum aldri í þessu sniði sem er ekkert nema jákvætt. Trendið er ágætis tilbreyting frá þröngu gallabuxunum sem eru taldar vera á leiðinni úr tísku árið 2017.



Berar axlir eru komnar aftur í tísku eftir nokkur ár í dvala. Sumarlegt sem og vetrarlegt trend sem allir ættu að geta klæðst. Einnig er hægt að stílísera það við nánast hvað sem er, fínt eða hversdags.



Strigaskórnir hafa verið nauðsynlegir í fataskápnum hjá hverjum einasta Íslendingi seinustu árin og 2016 var alls engin undantekning. Hvort sem það eru gömlu góðu Vans-skórnir og Adidas Gazelle eða nýrri skór eins og Rihanna fyrir Puma þá skiptir það ekki máli á meðan hver og einn finnur það snið sem hentar.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

*#Glamouriceland*

DORMA

Láttu drauminn rætast

# NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

## Komdu í Dorma




## Dorma líka á Zzzmáratorgi

**Þú finnur Dormaverslanir á fjórum stöðum – Holtagörðum, Akureyri, Ísafirði og á Smáratorgi.**




**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 12–16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

HÚSGAGNA HÖLLIN

RISA ÚTSALA

Opnum í dag 2. janúar kl. 10⁰⁰



Allt að 60% afsláttur

HÚSGAGNA HÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR
www.husgagnahollin.is
558 1100

# Hápunktar ársins 2016

Nú þegar nýtt ár er gengið í garð er gott að líta til baka og rifja upp hvað gerðist á liðnu ári. Við fengum nokkra vel valda einstaklinga til að rifja upp hápunkta ársins, auk þess að fara yfir hvað fram undan er á nýja árinu.

## Jóhannes Haukur Jóhannesson



Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari segir árið hafa verið virkilega gott.

„Persónulega var árið 2016 svona með þeim betri, hæsti punkturinn var fæðing þriðja barnsins okkar hjóna, en við eignuðumst fallega dóttur í apríl sem heitir Margrét Frida Blöndal Jóhannesdóttir. Hvað vinnu varðar byrjaði árið á að ljúka tökum á kvikmyndinni The Cold-est City í Búdapest. Fór svo í tökur á annarri bíómynd, sem heitir The Solutrean, í Kanada þar sem mér var treyst fyrir frábæru hlutverki í mynd sem verður afar sérstök. Ég fékk svo hlutverk í annarri seríu af þáttunum The Last Kingdom og gat tekið fjölskylduna með í tökur á því til Ungverjalands um sumarið. Svo lék ég í myndinni Ég man þig sem Óskar Þór Axelsson leikstýrir eftir samnefndri bók Yrsu Sigurðar,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari spurður út í hápunkta ársins 2016.

**En hvað er fram undan á nýja árinu?** „Ég byrja árið á að fara til Los Angeles í smá aukatökur á The Solutrean núna í janúar. Það er ekki óvanalegt í þessum stóru Hollywood-verkefnum að skella í smá aukatökur á lokametrunum, ef það vantar eitt og eitt skot eða atriði til að skerpa á hlutunum. Eftir það er allt svo sem óráðið, allavega ekkert í hendi ennþá. Það eru tvö sjónvarpsverkefni þarna úti sem eru í ákveðnu ferli en það getur allt farið til fjandans á núll einni. Við sjáum bara til. En vonandi hef ég líka tíma til að taka að mér einhver verkefni hér heima,“ segir Jóhannes Haukur.

## Emmsjé Gauti



Emmsjé Gauti átti mjög gott ár 2016.

Emmsjé Gauti átti mjög gott ár 2016 en hann gaf þá út tvær plötur, hélt ótal tónleika og var kynnir í Ísland Got Talent – en hvað af þessu skyldi hafa verið hápunktur ársins hjá drengnum?

„Hápunktarnir mínir voru tveir – annars vegar þegar ég skellti mér á útgáfutónleika á NASA með sjálfum mér og hélt útgáfupartí, það var gaman. Hins vegar þegar Stella María dóttir mín sagði „pabbi“ í fyrsta skiptið.“

Það verður ákaflega spennandi að sjá hvort Gauti toppi sig árið 2017 – ætli hann gefi út þrjár plötur? Verður hann kynnir í Gettu betur? Ætlar hann að fara út í pólitík? Hvað?

„Árið 2017 er ég að pæla í að halda áfram að semja músík, hafa gaman af lífinu. Síðan ætla ég þúsund sinnum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Og ekkert annað,“ segir Gauti ákaflega hógvær og nægjusamur. Við þurfum þá bara að bíða eftir því að sjá hvaða ævintýrum þessi ofvirki rappari lendir í á næsta ári.

## Edda Sif Pálsdóttir



Edda Sif Pálsdóttir fjölmiðlakona rifjar upp hápunkta ársins 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

**Hverjir voru hápunktar ársins 2016?** „Hápunkturinn var án efa EM í Frakklandi í sumar. Þar blandaðist stórkostlegt mót íslenska liðsins við frábærar samverustundir með vinum og fjölskyldu í geggjuðu umhverfi, sól og góðum mat út um allt Frakkland. Það verður ekki mikið betra.“

**Eitthvað sem kom sérstaklega á óvart?** „Íþróttaárið 2016 var algjörlega bilað en það þurfti kannski ekki að koma neitt sérstaklega á óvart eigandi þetta íþróttafólk. Ísland vann England á EM og við áttum í fyrsta skipti konur í úrslitum í sundi á Ólympíuleikum. Og það er bara brotabrot af því sem gerðist.“

**Hvað er framundan á árinu 2017?** „Meiri íþróttir! Það verður fullt af stórmótum á árinu og ég ætla að fylgja kvennalandsliðinu í fótbolta eftir í undirbúningi fyrir EM og fara svo á mótið sjálft í Hollandi í júlí. Landi blandaður við íþróttir er blanda sem svínvirkar fyrir mig.“

**Ert þú búin að setja þér einhver markmið fyrir nýja árið eða strengja áramótaheit?** „Njaaa, alla jafna strengi ég ekki áramótaheit. Ég held samt að við hefðum öll gott af því að vera aðeins glaðari og jákvæðari og velja betur í hvað við eyðum orkunni. Ég ætla allavega að vera létt 2017!“

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

FOLLOW US | INSTAGRAM | FACEBOOK | TWITTER | PINTEREST




ZARA
www.zara.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar



Berglindar Pétursdóttur

## Kvitt og deilt

Gleðilegt nýtt ár, góðir lesendur. Ég ákvað að gera ekki Facebook-status í ár þar sem ég fer yfir það sem gekk vel á árinu og tagga alla nettustu vini mína. Nei, ég ætla frekar að misnota aðstöðu mína hér til þess að fara yfir hápunktinn. Þetta var nefnilega svolítið merkilegt ár, árið þar sem ég prófaði í fyrsta sinn að taka þátt í Facebook-leikjum. Við þekkjum öll týpuna og eigum öll að minnsta kosti eina frænku á Facebook sem tekur þátt í öllum leikjum með það að leiðarljósi að vinna mögulega kippu af Pepsi Max eða jafnvel hrærivél. Þetta er fullkomlega óbærilegt fyrirbæri, þessir leikir, og margir telja brögð í tafli því þeir vinna aldrei þegar þeir prófa að taka þátt.

Ég ákvað því að efna til mikillar mannfræðirannsóknar og prófa að taka þátt í sem flestum leikjum. Ég virkjaði tvo félaga mína með mér í þetta og hvatti þá til að vera með mér í þessu góða verkefni. Það er mikilvægt að vera í góðu teymi í svona vinnu. Við hófumst handa við að tagga, kommenta, læka og deila. Svo var bara að bíða og vona.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru, vægast sagt, sláandi. Ekki einungis unnum við verðlaun heldur sópuðum við til okkar varningi. Í okkar hlut féllu meðal annars heilu kassarnir af heimabökuðum sörum, skyrtur, hálsklútar og annar klæðnaður, leikjatölvur, drónar, gjafabréf á veitingastað og aðrar stórkostlega upplifunargjafir eins og flöskuborð á skemmtistöðum. Ég er komin með bakteríuna og get ekki hætt. Ég spái því að árið 2017 verði ár Facebook-leikja. Að minnsta kosti hjá mér og mínum, endilega sýnið mér þolinmæði.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




ÚTSALAN ER HAFIN!
20 TIL 70% AFSLÁTTUR!
ÓTRÚLEG VERÐ!

ROYAL CORINNA 90
Hágæða millistíf fimm-svæða skipt heilsudýna með poka-gorma kerfi ásamt botni og fótum.
(Stærð 90x200 cm)
5.459 kr.* Á MÁNUÐI
FULLT VERÐ 83.709 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 58.596 kr.
30% AFSLÁTTUR!

ROYAL CORINNA 120
Hágæða millistíf fimm-svæða skipt heilsudýna með poka-gorma kerfi ásamt botni og fótum.
(Stærð 120x200 cm)
6.324 kr.* Á MÁNUÐI
FULLT VERÐ 98.036 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 68.625 kr.
30% AFSLÁTTUR!

ROYAL CORINNA 153
Hágæða millistíf fimm-svæða skipt heilsudýna með poka-gorma kerfi ásamt botni og fótum.
(Stærð 153x200 cm)
7.929 kr.* Á MÁNUÐI
FULLT VERÐ 124.620 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 87.234 kr.
30% AFSLÁTTUR!

(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)





ARGH!!! 020117#1

Útlitsgallaðar, skila- og skiptidýnur á 50 til 70% afslætti!

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16